**HRAFNHILDUR TRYGGVADÓTTIR**
*Í ljósaskiptunum var lagt á hæsta tind landsins*
heilsa
allt Í MIÐJU LANDSINS



**VERKTAKAR**
*Landmælingar, einingahús og þrívíddarvinnsla*
Sérblað um verktaka
**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



**MERZEDES CLUB**
*Nutu aðstoðar Nýdanskrar við sminkið*
Píanóburður í skiptum fyrir brúnkukremsáburð
**FÓLK 30**



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. maí 2008 — 123. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Sónarmynd á umslagi



Þrívíddar-sónarmynd af fóstri prýðir umslag nýjustu plötu hljómsveitarinnar Dimmu.

FÓLK 23



### Íslenskir dansarar í raunveruleikaþætti

Tveir dansarar úr ÍD í So You Think You Can Dance.

FÓLK 30

### Heimsveldi dópistanna

„Fíkniefnaverslun hefur þannig bæði stuðlað að uppbyggingu heimsvelda og mótun þess alþjóðahagkerfis sem við búum við nú á dögum," segir Sverrir Jakobsson.

Í DAG 18

### Barist til enda



Úrslit ensku úrvalsdeildarinnar ráðast ekki fyrr en um næstu helgi en Chelsea lagði Newcastle á útivelli í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMA NÁLGAST** Í dag verður yfirleitt hæg suðaustlæg átt en þó strekkingur úti við suðurströndina. Bjartviðri norðanlands fram eftir degi en fer að rigna sunnan til þegar líður á daginn. Hlýtt í veðri.

VEÐUR 4

„...fyrst á visir.is"
visir.is
...ég sá það á visir.is





**KONUNGLEG HEIMSÓKN** Friðrik krónprins Danmerkur og eiginkona hans Mary krónprinsessa komu í heimsókn til landsins í gær og munu dvelja fram á fimmtudag. Íslensku forsetahjónin tóku á móti krónprinshjónunum í blíðskaparveðri á Bessastöðum. Friðrik prins sagðist sjá eftir að hafa ekki sólgleraugun sín meðferðis en Dorrit Moussaieff ráðlagði dönskum ljósmyndurum að vera fljótir að smella af því sólin yrði væntanlega horfin eftir tíu mínútur. Sjá síðu 14 FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þolum ekki svona ástand mjög lengi

**Skortur á lánsfé er orðinn tilfinnanlegur hjá fjölmörgum fyrirtækjum. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir styttast í að eitthvað láti undan.**

**EFNAHAGSMÁL** „Við þolum ekki svona ástand mjög lengi," segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, um þann mikla skort á lánsfé sem varað hefur mánuðum saman.

Fyrirtækjum hefur reynst örðugt að fá lán, jafnt til nýrra sem eldri verkefna, og kveður svo rammt við að ágætlega stæð fyrirtæki fá ekki fyrirgreiðslu í bönkum sem þau hafa átt viðskipti við um árabil. Fyrir vikið hafa framkvæmdir stöðvast og ekki er ráðist í ný verkefni.

Eina fyrirgreiðslan sem er í boði er í formi lána til mjög skamms tíma á mjög háum vöxtum.

Jón Steindór segir að þó að fréttir hafi borist af uppsögnum hjá einstaka fyrirtæki sé enn sem komið er lítið um fjöldauppsagnir og gjaldþrot. Þanþolið sé þó lítið. „Því lengur sem þetta ástand varir, þeim mun styttra er í að eitthvað láti undan," segir hann en vill ekki skilgreina sérstök tímamörk í þeim efnum. Helst verður erfiðleikanna vart í byggingariðnaði þar sem þrengir að úr báðum áttum. Auk lánsfjárskorts seljast íbúðir lítið sem ekkert þessi dægrin.

Jón Steindór segir fyrirgreiðsluvandræðin eiga við um fyrirtæki í öllum greinum iðnaðar en kælingin hafi orðið sneggst í byggingariðnaði.

Fyrirtækið Mest, sem annast margvíslega þjónustu og framleiðslu fyrir byggingarfyrirtæki, sagði til dæmis 30 manns upp störfum fyrir mánaðamót.

Nokkuð er um liðið síðan stjórnvöld upplýstu að unnið væri að lántöku svo unnt væri að auka gjaldeyrisforða Seðlabankans. Fátt hefur spurst af þeim málaleitunum að undanförnu.

Jón Steindór segir nauðsynlegt að lánsfé verði aukið. „Ríkisstjórnin hefur sagt að unnið sé að því að gera eitthvað en okkur finnst langur tími liðinn. Það er kominn tími til að menn sýni spilin." - bþs

Uppsagnir í Síldarbræðslu HB Granda á Akranesi:

# Fjórir reknir en aðrir verða ráðnir í staðinn

**ATVINNUMÁL** Öllum starfsmönnum í Síldarbræðslu HB Granda á Akranesi utan einum starfsmanni í eldhúsi og einum nýliða var sagt upp störfum í gærmorgun, samtals fjórum fastráðnum starfsmönnum.

Mennirnir hafa flestir starfað lengi hjá fyrirtækinu og eru með þriggja til fimm mánaða uppsagnarfrest. Gert er ráð fyrir að mennirnir vinni fram til mánaðamóta og láti þá af störfum. Ekki er óskað eftir að þeir vinni uppsagnarfrestinn.

Eggert Guðmundsson, forstjóri HB Granda, segir að nýir starfsmenn muni taka við af þeim sem nú hefur verið sagt upp. „Við þurftum að breyta til, eins og gerist oft í fyrirtækjarekstri. Það stendur ekki að til að draga saman seglin heldur aðeins að ráða nýja menn. Við höfum útskýrt ástæður uppsagna fyrir þeim sem eiga í hlut og ætlum ekki að tjá okkur um það frekar."

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir að Skagamenn séu þrumu lostnir yfir því að „fantaskapurinn ætli engan enda að taka. Menn eru orðlausir yfir því hvernig þetta birtist okkur dag eftir dag". Full ástæða sé til að óska eftir fundi með stjórnendum fyrirtækisins enda hafi starfsmönnum fækkað um 150 frá sameiningu.

Valdimar Jónsson er einn af þeim sem fengu uppsagnarbréf í gærmorgun. „Þeir gáfu okkur engar ástæður fyrir uppsögninni," segir hann og bendir á að áður fyrr hafi verið sex vanir menn á vakt hverju sinni til að sinna tækjunum í verksmiðjunni en undanfarið hafi þeir verið þrír, einn til tveir á hverri vakt. Stjórnendur í Reykjavík ætlist svo til að hægt sé að hrúga inn mönnum af götunni eftir hentugleikum.

Eðvarð Árnason fékk einnig uppsagnarbréf í gærmorgun. Hann segir að fljótt á litið séu starfsmennirnir sárir, þeir hafi ekki átt von á þessu. Þeir muni funda saman í dag, fara yfir stöðuna og ræða það hver stefnan verður. - ghs

Listamaðurinn Lárus List má ekki eiga Wa1-mArt.com:

# Tapaði fyrir Wal-Mart

**FÓLK** Listamaðurinn Lárus List tapaði máli sem verslanakeðjan Wal-Mart höfðaði á hendur honum vegna lénsins Wa1-mArt.com. Lárus hafði skráð lénið á sig og ætlaði það sem hluta af listaverki.

Dómur féll á þá lund að lén Lárusar þótti of líkt vörumerki og/eða nafni Wal Mart og að hann kæmi verslanakeðjunni illa með tiltæki sínu.

- jbg/ sjá síðu 30

Framboð til öryggisráðs SÞ:

# Tvöfalda þyrfti fastanefndina

**UTANRÍKISMÁL** **Tvöfalda þarf fjölda starfsmanna hjá fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum nái Ísland kjöri í öryggisráð SÞ í október. Áætlaður kostnaður við setu í ráðinu er um 200 milljónir króna fyrir tveggja ára tímabil.**

**Í dag starfa átta manns hjá fastanefndinni auk eins starfsnema. Viðbúið er að fjölga þyrfti starfsmönnum um átta, segir Hjálmar W. Hannesson, sendiherra Íslands hjá SÞ.**

**Þetta er í samræmi við reynslu Dana, sem voru með tæplega 20 starfsmenn, og Kosta-Ríka sem telur sig þurfa um sextán starfsmenn til að sinna skyldum sínum hjá ráðinu og hjá SÞ í heild.**

- bj / sjá síðu 16

germanwings.com
Nýtt: Flug til Þýskalands!
Frá 19 € Ásamt*



*Ásamt skatti, báðar leiðir og fyrir áfanga, takmarkaður fjöldi.
Pantaðu núna: germanwings.com

## SPURNING DAGSINS



*Jón, hvernig er að vera loksins orðinn heiðurs-hnakki?*

„Næst er það fálkaorðan."

Jón Ólafsson og félagar hans í hljómsveitinni Nýdönsk fengu afhent sérstök heiðursverðlaun á Hlustendaverðlaunum FM957 um helgina.

Breiðavíkurnefndin svokallaða mun kanna starfsemi fleiri vistheimila:

# Átta önnur vistheimili verða könnuð

**RANNSÓKN** Breiðavíkurnefndin svokallaða sem vann að rannsókn á starfsemi Breiðavíkurheimilisins undir stjórn Róberts R. Spanó, prófessors við Háskóla Íslands, mun rannsaka starfsemi fleiri vistheimila ríkisins. Nefndin var skipuð af Geir Haarde forsætisráðherra í fyrra.



**BREIÐAVÍK** Ákveðið hefur verið að starfsemi fleiri vistheimila verði könnuð.

Nefndarmenn hafa sjálfir ákveðið að afla upplýsinga um það sem átti sér stað á átta öðrum vistheimilum. Þau heimili eru: Vistheimilið Kumbaravogur, Vistheimilið Knarrarvogur, Heyrnleysingjaskólinn, Stúlknaheimilið Bjarg, Heimavistarskólinn Reykjahlíð, Heimavistarskólinn Jaðar, Upptökuheimili ríkisins / Unglingaheimili ríkisins og Uppeldisheimilið Silungapollur.

Í fyrstu verður aflað gagna frá stjórnvöldum um starfsemi þessara stofnana en síðar mun nefndin taka ákvörðun um frekari aðgerðir, svo sem viðtöl við þá sem dvöldu á heimilunum eða störfuðu þar. Nefndin skal skila áfangaskýrslum um könnunina til forsætisráðherra fyrir 1. júlí 2009 og 1. júlí 2010. Lokaskýrslu verður svo skilað fyrir 15. apríl 2011. Ekki hefur verið ákveðið hvort fjallað verður um stofnanirnar sameiginlega eða hverja um sig. - kdk

Sifjaspellsmálið í Austurríki:

# Hóf undirbúning árið 1978

**AUSTURRÍKI, AP** Lögregla sem rannsakar mál Josefs Fritzl greindi frá því í gær að hún teldi að hann hefði hafið undirbúning að því að loka dóttur sína, Elísabetu, inni í kjallaraprísund þegar árið 1978, þegar Elísabet var tólf ára. Hann lét síðan verða af því þegar hún var orðin átján ára, árið 1984.

Vísbendingin sem leiddi lögregluna til þessara ályktana er að Fritzl sótti árið 1978 um leyfi hjá bæjaryfirvöldum til að gera víðtækar breytingar á fjölbýlishúsi sínu í Amstetten. Verjandi Fritzl sagði í gær sennilegt að við málsvörn hans fyrir rétti verði borið við geðveiki. - aa

Fjöldaganga á fimmtudaginn:

# Gengið gegn slysum 8. maí

**UMFERÐARÖRYGGISMÁL** Gengið gegn slysum er yfirskrift fjöldagöngu gegn umferðarslysum sem fram fer á fimmtudaginn, 8. maí næstkomandi.

Með göngunni vilja göngumenn votta fórnarlömbum slysa og aðstandendum þeirra samúð og stuðning og vekja almenning til umhugsunar um hve slys geta haft alvarlegar og víðtækar afleiðingar. Þúsundir manna tóku þátt í göngunni í fyrra. Hópur hjúkrunarfræðinga stendur fyrir göngunni. - ovd

Stórútkall björgunarsveita:

# Sex ára stúlka hvarf úr skóla

**LÖGREGLUMÁL Sex ára stúlka fannst heil á húfi eftir að hafa verið saknað í tvær og hálfa klukkustund í nágrenni Vífilsstaðavatns í Garðabæ í gær. Um eitt hundrað björgunarsveitarmenn með níu hunda, auk þyrlu Landhelgisgæslunnar, leituðu stúlkunnar.**

**Stúlkan var í Barnaskóla Hjallastefnunar í Garðabæ, og skilaði sér ekki aftur eftir hádegishlé. Björgunarsveitarmaður og kennari í skólanum fundu stúlkuna á Vífilstaðavegi, rúmum kílómetra frá skólanum, segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.** - bj

## DÓMSMÁL

### Framlengt á Keilufellsmenn

Einn fimm manna sem grunaðir eru um heiftarlega árás með bareflum á fólk í húsi við Keilufell í mars hefur verið úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 2. júní. Fjórir eru í farbanni til sama tíma.

# Þungaflutningar við skólalóð gagnrýndir

**Aðstoðarskólastjóri Snælandsskóla segir ekki staðið við fyrirheit frá bæjaryfirvöldum um að láta af þungaflutningum fram hjá skólalóðinni þegar börn eru í skólanum. Framkvæmdir eru hafnar við nýtt íþróttahús fyrir HK í Fossvogsdal.**

**ÖRYGGISMÁL** „Það segir sig sjálft að þungaflutningar og börn fara ekki saman," segir Jóhann Ólafsson, aðstoðarskólastjóri Snælandsskóla í Kópavogi, sem er ósáttur við umferð vörubíla og vinnuvéla fram hjá skólalóðinni.

Kópavogsbær er að hefjast handa við byggingu íþróttahúss fyrir HK í Fossvogsdal. Til að komast þar að þarf að aka niður meðfram skólalóð Snælandsskóla. Börn frá sex ára aldri eru þar hlaupandi um í öllum frímínútum. Jóhann kveðst hafa rætt málið á þriðjudag við Gunnar Má Karlsson, umsjónarmann fasteignaframkvæmda hjá bænum.

„Ég kvartaði fyrir hönd skólans og fór fram á að þetta yrði ekki hér, enda eiga þungir vörubílar ekkert erindi við skóla, og ég fékk loforð um að þetta yrði ekki hér á meðan skólastarf væri í gangi," segir Jóhann sem kveðst hafa rætt við Gunnar Má á þriðjudag fyrir viku síðan.

Þrátt fyrir að Jóhann hafi mætt skilningi hjá bænum halda þungaflutningarnir áfram. Þannig sagði starfsmaður skólans sem Fréttablaðið ræddi við að það hafi vakið óhug meðal starfsmanna þegar að sjá stórri gröfu ekið á fleygiferð niður götuna við upphaf skóladags á föstudag. Menn óttist alvarlegt slys.

„Fólk getur ímyndað sér að sex og sjö ára krakkar eru hlaupandi hér um á skólalóðinni og það er við jaðar hennar sem þeir eru að keyra þessa bíla. Það er alveg kristaltært að þetta tvennt fer ekki saman. Og það þetta skuli halda áfram er alveg á skjön við það sem mér var sagt að yrði," bætir Jóhann við og vísar á Gunnar Má varðandi frekari upplýsingar um framkvæmdirnar við íþróttahúsið. Gunnar Már var hins vegar í fríi frá vinnu í gær og ekki náðist í Þór Jónsson upplýsingafulltrúa.

Formaður foreldrafélagsins segist sjálfur starfa hjá verktakafyrirtæki og því hafa skilning á því að menn þurfi að koma sér fyrir á byggingarlóðum.

„En ég treysti því að eftirlitsmenn frá bænum fylgist með því að allt fari rétt fram. Stjórn foreldrafélagsins verður með fund á þriðjudaginn. Þá er þetta mál á dagskrá og við förum eflaust og skoðum aðstæður," segir Sigurður Arnar Sigurðsson.

gar@frettabladid.is



**HÆTTA Á FERÐUM** Krakkarnir í Snælandsskóla hlaupa fram og til baka yfir leið vörubíla sem bakkað er að byggingarlóð íþróttahúss HK þar við skólann.



**SMALAÐ AF VEGINUM** Starfsmaður Snælandsskóla bægir börnunum frá vörubíl.



**FYLGST MEÐ** Í Snælandsskóla þykir ekki nóg að starfsmaður frá verktakanum fylgist með akstri vörubíla.

# Lést í bílslysi í Kömbunum



LÁRUS KRISTJÁNSSON

**Maðurinn sem lést í umferðarslysi á Suðurlandsvegi við Kamba á sunnudaginn hét Lárus Kristjánsson, til heimilis að Dynskógum 2 í Hveragerði. Lárus var fæddur 9. júní 1942. Hann lætur eftir sig sambýliskonu og uppkomin son auk fimm barnabarna.**

Verð á vörukörfu ASÍ hækkar:

# Lágvöruverslanir hækka mest

**MATARVERÐ** Verð á vörukörfu Alþýðusambands Íslands hækkaði um 5 til 7 prósent í lágvöruverslunum milli 2. og 4. viku í apríl.

Þetta kemur fram á heimasíðu ASÍ. Þar segir að verð körfunnar hafi hækkað mest í Bónus eða um 7,1 prósent. Þá nam hækkunin í Nettó 6,6 prósentum, í Kaskó hækkaði verðið um 5,7 prósent og en um 5,4 prósent í Krónunni.

Mun minni breytingar hafa orðið á verði vörukörfunnar í öðrum verslunarkeðjum þar sem hækkunin nam 0,5 til 1 prósenti á sama tímabili. Á síðu ASÍ segir að þetta séu niðurstöður tíðra verðmælinga verðlagseftirlits ASÍ. - ovd

## NOREGUR

### Líktist handsprengju

Flughöfnin í Tromsö í Norður-Noregi var rýmd í gærmorgun eftir að öryggisverðir uppgötvuðu á einum farþeganum beltissylgju sem lítur út eins og handsprengja. Starfsemin lá niðri í hálftíma meðan öryggisgæslan skoðaði sylgjuna, að sögn Aftenposten.


MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Er mikið álag í skólanum?

*LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!*

Streita og kvíði, skyndibitafæði, sætindi, stopular máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk og einbeitingu, veldur þróttleysi og getur raskað bæði ónæmiskerfinu og meltingunni. LGG+ er sérstaklega þróað til að vinna gegn þessum neikvæðu áhrifum og dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


Borgarstjóri segir túlkun á orðum hans um vinningstillögu ranga:

# Hafa má tillögu til hliðsjónar

**BORGARMÁL** Ólafur F. Magnússon borgarstjóri sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna ummæla sinna um verðlaunatillögu um þróun Vatnsmýrinnar og umfjöllunar fjölmiðla þeim tengt. Hann vill árétta að það sé ekki rétt túlkun á orðum hans að hann hafi skipt um skoðun í grundvallaratriðum.

Þar segir jafnframt að fyrir liggi að hann telji að framtíðarþróun Vatnsmýrarinnar eigi ekki að fela í sér flutning flugvallar, eins og verðlaunatillagan gerir ráð fyrir.

„Ég er hins vegar sömu skoðunar og ég var í febrúar síðastliðnum um að hafa megi verðlaunatillöguna til hliðsjónar við uppbygginguna á jaðarsvæðum flugvallarins, óháð staðsetningu hans. Ég tel hins vegar brýnt að tillagan lagi sig að ýmsum samgöngulausnum og skipulagslegum staðreyndum en ekki öfugt" segir í yfirlýsingu borgarstjóra.

Ólafur gagnrýndi verðlaunatillöguna afar hart á laugardag og sagði hana fela í sér skipulagsklúður sem gæti haft alvarlegar afleiðingar á þróun og uppbyggingu í Vatnsmýri, hvort sem menn væru fylgjandi flugvelli eða ekki.

Minnihlutinn hefur gagnrýnt þessi orð hans og sagt skipulagsmál svæðisins í uppnámi vegna yfirlýsingarinnar. - shá



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON** Borgarstjóri segist ekki hafa breytt um skoðun þó orð hans hafi verið túlkuð öðruvísi eftir harða gagnrýni á vinningstillögu um Vatnsmýrina FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


ÉG GET LÆKKAÐ
SÍMREIKNINGINN ÞINN!
TaL
Flestir Íslendingar nota síma og tölvu án þess þó að tapa sér í aukabúnaði og útúrdúrum; þeir vilja bara geta hringt í fólk og farið á Netið án þess að borga fyrir það stórfé. Við bjóðum þá velkomna til Tals, þar sem einföld og gegnsæ gjaldskrá tryggir þeim lægri símreikning.
FÁÐU ALLAN PAKKANN FRÁ 3.990 KR. Á MÁNUÐI
HEIMASÍMI
NET
GSM
Ef þú kaupir allan pakkann á www.tal.is og greiðir með kreditkorti færðu fyrsta mánuðinn frían.
Frítt í alla heimasíma innanlands, 14,90 kr. í alla GSM innanlands og ótakmarkað niðurhal.*
*Samkvæmt skilmálum.
GOTT FÓLK
Kristinn, starfsmaður Tals.
www.tal.is | Síðumúla 32, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa 445 1600 | tal@tal.is

## GENGIÐ 04.05.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 76,30 | 76,66 |
| Sterlingspund | 150,36 | 151,10 |
| Evra | 118,02 | 118,68 |
| Dönsk króna | 15,813 | 15,905 |
| Norsk króna | 14,891 | 14,979 |
| Sænsk króna | 12,628 | 12,702 |
| Japanskt jen | 0,7251 | 0,7293 |
| SDR | 123,48 | 124,22 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

152,6918

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Áður hefur verið lagt til að lengja vegrið í Kömbum þar sem slysið varð:

# Vilja lengra vegrið í Kömbum

**UMFERÐARÖRYGGI** „Ég tel að þessi þrjú slys kalli á að það verði að lengja vegriðið upp eftir beygjunni,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, sem hyggst ræða við Vegagerðina um aðbúnað í Kömbum ofan Hveragerðis. Karlmaður á sjötugsaldri lést þar á sunnudaginn þegar bíll hans fór út af rétt ofan við þar sem vegrið endar.

Tvö slys hafa áður orðið á sama stað og slysið varð í gær. Það fyrra varð um miðjan síðasta áratug, þar sem alvarleg slys urðu á fólki, og það síðara árið 2002 þegar ungur maður slapp lítið meiddur.

Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa, staðfestir að nefndin hafi lagt til, eftir síðara slysið, að vegrið yrði lengt á þessum stað. „Við munum skoða hvort það er ástæða til að fara með þetta vegrið ennþá lengra,“ segir Ágúst.

Ólafur Helgi telur eðlilegt að skoða vandlega hvað gerðist í slysinu á sunnudaginn og rifja einnig upp hvað gerðist í hin skiptin.

Maðurinn sem lést á sunnudaginn er sá sjöundi sem lætur lífið í umferðinni það sem af er árinu. Lögreglan á Selfossi, sem fer með rannsókn málsins, hefur rætt við vitni að slysinu en tildrög þess eru enn óljós. - ovd



**BÍLLINN NEÐAN HAMARSINS** Tvær bifreiðar hafa áður farið út af á sama stað og stöðvast rétt við íbúðarhús sem er undir hamrinum. MYND/KÁRI

Löng bið hefur verið í aðgerð:

## Samið um augnsteinaaðgerðir

**HEILBRIGÐISMÁL Samninganefnd heilbrigðisráðherra hefur samið við fyrirtækin Sjónlag LaserSjón um hátt á annað þúsund augnsteinaaðgerðir.**

**Um 500 manns biðu eftir slíkri aðgerð fyrir ári og var meðalbiðtími þá frá hálfu ár upp í níu mánuði.**

**Í tilkynningu sem send var frá heilbrigðisráðuneytinu í gær er sagt að þessir biðlistar heyri nú sögunni til með nýjum samningum.**

**Með samningunum er ætlunin að fjölga aðgerðunum hér á landi úr 1.800 í 2.600 á ári eða um rúm 44 prósent.** - kdk

Laun dagskrárstjóra Rúv:

## Beiðni um upptöku hafnað

**FJÖLMIÐLAR Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur vísað frá beiðni þeirra Sigrúnar Stefánsdóttur og Þórhalls Gunnarssonar um að nefndin taki á ný fyrir synjun Ríkisútvarpsins um birtingu ráðningasamninga þeirra. Þetta kemur fram á fréttavefnum visir.is.**

**Óskar Hrafn Þorvaldsson, ritstjóri Vísis, fór þess á leit í september síðastliðnum að Vísi yrðu veittar upplýsingar um laun dagskrárstjóra hjá Ríkisútvarpinu en RÚV neitaði að láta upplýsingarnar af hendi. Ritstjóri Vísis kærði þá synjun til úrskurðarnefndar um upplýsingarmál.**

**Lögmaður Sigrúnar og Þórhalls bað um endurupptöku á málinu sem Úrskurðarnefnd hefur nú hafnað.** - shá

Gæsluvarðhald framlengt:

## Þjófnaðir úr stöðumælum

**DÓMSTÓLAR** Rúmenskur karlmaður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til miðvikudags vegna gruns um þjófnað úr stöðumælum hér á landi. Félagi mannsins er grunaður um þátttöku í athæfinu.

Í gæsluvarðhaldsúrskurðinum kemur fram að tollgæslan á Keflavíkurflugvelli hafi gefið lögreglu upplýsingar um að mennirnir hefðu haft meðferðis ýmis verkfæri við komuna til landsins. Lögreglan fylgdist með ferðum þeirra og voru þeir handteknir við þjófnað úr stöðumæli við Garðastræti á miðvikudag. -jss

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Maðurinn gaf sig fram**

Unga stúlkan sem ekið var á á Selfossi á laugardagskvöldið reyndist ekki alvarlega slösuð. Maðurinn sem ók á stúlkuna gaf sig fram við lögreglu á sunnudagsmorguninn.

# ÍE krefst umdeildrar lóðar í Vatnsmýrinni

**Kári Stefánsson segir Íslenska erfðagreiningu rétthafa sjö þúsund fermetra lóðar á Sturlugötu og mótmælir að keyra eigi sölu á lóðinni til annars félags í gegn „með offorsi“ á fundi borgarstjórnar í dag. Ekki næst í talsmenn borgarstjórnar.**

**STJÓRNSÝSLA** „Íslensk erfðagreining mótmælir harðlega ef til stendur að keyra málið í gegn með slíku offorsi andstætt lögum og góðum stjórnsýsluháttum,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar í bréfi til borgarstjórnar í gær.

Fréttablaðið hefur áður greint frá því að Reykjavíkurvorg er að selja lóð við hlið byggingar Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE) til S10 ehf. Það félag er í eigu sömu aðila og eiga S8 ehf. sem keypti hús ÍE árið 2001 og leigir það líftæknifyrirtækinu. Við söluna á lóðinni er vitnað til þess að ÍE seldi S8 fasteignina á Sturlugötu 8 og að í gildandi deiliskipulagi sé gert ráð fyrir að lóð ÍE geti stækkað til suðurs þar sem nú er hverfisbækistöð frá borginni.

Kári hefur sent borgaryfirvöldum tvö bréf á sex dögum vegna málsins. Í fyrra bréfinu sem sent er 30. apríl segist hann hafa séð í fjölmiðlum að ráðstafa ætti umræddri lóð án samráðs við ÍE.

„Ofangreind lóðaréttindi eru ekki meðal þeirra réttinda sem framseld voru til S8 ehf. við sölu fasteignarinnar Sturlugötu 8 og er því enn að fullu í eigu Íslenskrar erfðagreiningar. Því telur ÍE fráleitt að Reykjavíkurborg eigi viðræður við óskylda aðila um nýtingu lóðarinnar án aðkomu ÍE,“ skrifar Kári og krefst þess að borgin gangi strax til viðræðna um skilmála fyrir afhendingu lóðarinnar til ÍE.

Sama dag og Kári ritaði fyrra bréfið samþykkti borgarráð að lóðin skyldi seld S8 fyrir 260 milljónir króna. Kári, sem ekki hafði fengið svar við því bréfi sínu í gær, sendi þá Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, forseta borgarstjórnar nýtt bréf merkt „ÁRÍÐANDI“. Þar krefst forstjórinn þess að afgreiðslu málsins yrði frestað á fundi borgarstjórnar í dag og lóðin þess í stað afhent Íslenskri erfðagreiningu.

„Tekið skal fram að ÍE áskilur sér rétt til að grípa til allra þeirra réttarlegu úrræða sem tiltæk eru til að gæta hagsmuna fyrirtækisins, verði Reykjavíkurborg ekki við ofangreindum kröfum,“ segir í seinna bréfi Kára sem gaf forseta borgarstjórnar frest til klukkan fjögur í gær til að bregðast við.

Þá er þess að geta sem fram hefur komið að Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, hefur einnig gert kröfu í lóðina fyrir hönd skólans.

Í gær náðist ekki í Hönnu Birnu Kristánsdóttur, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, formann borgarráðs eða Ólaf F. Magnússon borgarstjóra. Kári Stefánsson er erlendis og ekki fengust upplýsingar hjá ÍE varðandi hvort svar hefði borist frá borgaryfirvöldum.

gar@frettabladid.is



**STURLUGATA 10** Hin umdeilda lóð er um sjö þúsund fermetrar og á að seljast á 260 milljónir króna með rétti til að byggja við hús ÍE auk nýbyggingar. FRÉTTABLAÐIÐ/



**KÁRI STEFÁNSSON**



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Búrma vill neyðaraðstoð:

## 10.000 kynnu að vera látnir

**BÚRMA, AP** Herforingjastjórnin í Búrma, sem í áratugi hefur sniðgengið alþjóðasamfélagið, birti í gær ákall til umheimsins um að veita landinu neyðaraðstoð í kjölfar hamfaranna sem fellibylurinn Nargis olli um helgina.

Ríkisútvarp herforingjastjórnarinnar greindi frá því að staðfestur fjöldi látinna væri kominn í 3.939 manns. En utanríkisráðherrann, Nyan Win, tjáði erlendum sendierindrekum í Rangún að fjöldi fórnarlamba fellibylsins kynni að vaxa í yfir 10.000 manns. - aa

Hryllingur í þýskum smábæ:

## Þrjú ungbarnalík í frystikistu

**ÞÝSKALAND, AP 44 ára gömul húsmóðir í bænum Wenden í Þýskalandi var í gær handtekin, grunuð um að hafa komið líkum þriggja kornabarna fyrir í frystikistu í húsi sínu.**

**Líkin fundust er uppvaxin börn konunnar voru að leita að pitsu í frystikistunni á sunnudaginn.**

**Lögregla staðfesti líkfundinn í gær. Konan hefði sjálf gefið sig fram. Grunur leikur á að hún hafi fætt börnin lifandi en dánarorsök þeirra verður rannsökuð með krufningu.** - aa

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bílbruni á Reykjanesbraut**

Ökumann og farþega sakaði ekki þegar eldur kom upp í pallbíl á Reykjanesbrautinni í gærkvöldi. Bíllinn skemmdist mikið.

**Bruni á leiksvæði barna**

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að leikskólanum Steinahlíð í Reykjavík upp úr klukkan níu í gærkvöldi. Þar logaði eldur í kofa á leiksvæði utan við skólann.


HEIMSENDINGARAPÓTEKIÐ

LYFJAVER APÓTEK

Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005

Eina apótekið á Íslandi með Apostore 3000 róbóta:

Fljótari afgreiðsla
Meira vöruúrval
Meira öryggi
Lægra verð

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI: 533 6100 • BRÉFSÍMI: 533 6102
NETFANG: LYFJAVER@LYFJAVER.IS
WWW.LYFJAVER.IS

HUGTÖK FEB.08


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**RÓLEGHEIT Í VEÐRINU**

Veðurhorfurnar eru einn bestar fyrir norðanvert landið, bæði í dag og næstu daga. Mér sýnist á öllu að þar verði víða bjart veður í dag en að það þykkni upp smám saman síðdegis. Á morgun verður þar líklega bjart með köflum í hægum vindi. Hiti verður um 10-16 stig þar um slóðir.




**Á MORGUN**
3-8 m/s en þó stífari allra syðst.

**MIÐVIKUDAGUR**
Hæg, breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Billund | 18° |
| Ósló | 20° |
| Stokkhólmur | 18° |
| Gautaborg | 18° |
| London | 17° |
| París | 22° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Berlín | 19° |
| Alicante | 27° |
| Mallorca | 22° |
| Basel | 17° |
| Eindhoven | 19° |
| Las Palmas | 24° |
| New York | 22° |
| Orlando | 31° |
| San Francisco | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ISUZU D-MAX

# ISUZU MEÐ BREYTINGU OG PALLHÚSI Á FRÁBÆRU VERÐI*

## ISUZU D-MAX

**3.190.000 kr.** beinskiptur

Nýr Isuzu D-Max er einn hagstæðasti og best útbúni farkostur sem völ er á. Ný aflmikil 3.0 lítra dísilvél með 3000 kg dráttargetu, aksturstölva, ABS-hemlakerfi, þokuljós, hraðastillir, útvarp og geislaspilari með 6 hátölurum, loftkæling og margt fleira. Nú fæst Isuzu D-Max með pallhúsi á frábæru verði.




*** Bíllinn á myndinni er með 32“ breytingu, gangbretti og pallhúsi ákomið í lit. Kostar aðeins 3.390.000 beinskiptur**

ENNEMM / SIA / NM33304

## GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

IH
INGVAR HELGASON

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

## KJÖRKASSINN



*Sækir þú listasöfn?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 24,2% |
| NEI | 75,8% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Átt þú stafræna myndavél?*

Segðu skoðun þína á vísir.is — vísir

Aðilar á vinnumarkaði og ríkisstjórnin funda í dag um stöðuna í efnahagsmálum:

# Ráðherrar lofa BSRB fundi

**VINNUMARKAÐSMÁL** „Bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra hafa tekið undir óskir okkar um að efnt verði til fundar með BSRB og ríkisstjórninni," segir Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, sem á sunnudag sendi bréf til fjögurra ráðherra ríkisstjórnarinnar með ósk um fund.

Á fundinum vilja Ögmundur og félagar í BSRB að ráðherrarnir geri grein fyrir áformum ríkisstjórnarinnar um hvernig hún hyggist efna fyrirheit sín í kjaramálum. Ögmundur segir enga tímasetningu komna á fundinn en að hann verði í vikunni.

Í dag funda aðilar á vinnumarkaði með ríkisstjórninni um stöðuna í efnahagsmálum. Segist Ögmundur bera þær væntingar til fundarins að þar fái hann að heyra hvað stjórnvöld hafi í hyggju að gera við þær aðstæður sem nú eru uppi.

„Þá horfum við kannski fyrst og fremst til húsnæðismálanna og stöðu þeirra sem hafa fest kaup á húsnæði, þeirra sem sjá nú vexti og þar með lánaklyfjarnar æða upp úr öllu valdi. Hvort þá ríkisstjórnin hafi einhver áform uppi um að létta stöðu þessa fólks." - ovd

> Þá horfum við kannski fyrst og fremst til húsnæðismálanna og ... þeirra sem sjá nú vexti og þar með lánaklyfjarnar æða upp úr öllu valdi
>
> ÖGMUNDUR JÓNASSON
> FORMAÐUR BSRB



Ehud Olmert í vanda:

# Gæti skaðað friðarviðræður

**JERÚSALEM, AP** Rannsókn stendur nú yfir á máli sem tengist forsætisráðherra Ísraels, Ehud Olmert. Dómari hefur ákveðið að ekki megi veita upplýsingar um málið meðan á rannsókn stendur.

Fimm spillingarmál, sem Olmert hefur verið bendlaður við, hafa verið tekin til rannsóknar síðan hann tók við embætti forsætisráðherra fyrir tveimur árum. Hann hefur þó aldrei verið dæmdur. Þessi lögreglurannsókn hefur haft neikvæð áhrif á pólitíska stöðu hans, en Olmert sagði í gær að hann myndi ekki láta þessa rannsókn spilla fyrir friðarviðræðum sínum við Palestínumenn. - kka


KÓPAVOGSDAGAR

Dagskráin í dag 6. maí

**Grunnskólar Kópavogs**
„Mjög er tungan málaóð"
Leikrit um líf og ljóð Bólu-Hjálmars. Stoppleikhópurinn brunar í gegnum Bólu-Hjálmar í grunnskólum Kópavogs á 50 mínútum.

**Leikskólar Kópavogs**
Óskin
Barnaleikrit fyrir yngstu áhorfendurna. Skemmtilegt ævintýri með söngvum í flutningi Einleikhússins.

10:00 **Náttúrufræðistofa & Bókasafn Kóp.**
Valur hvalur
Ævintýri fyrir börn á leikskólaaldri í umsjón starfsfólks Náttúrufræðistofu og Bókasafns. Fjörugt fræðsluerindi í máli og myndum. Panta þarf tíma í síma 570 0450.

10:00–15:00 **Sporthúsið**
Íþróttadagur
Íþróttadagur íþróttafélagsins Glóðarinnar. Púttmót kl. 10:00 og Ringómót kl. 13:00.

11:00 **Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn**
20 ára afmæli Myndlistarskóla Kópavogs
Sýning á myndverkum nemenda í tilefni af afmæli skólans. Sýningin stendur til 10 maí.

17:00 **Bókasafn Kópavogs**
Húsaganga
Gengið um götur Kópavogs og skoðuð hús sem minna á tímana tvenna og fyrirbæri sem gera Kópavog einstakan.

17:00 **Náttúrufræðistofa Kópavogs**
Hlýnun Elliðavatns
Fyrirlestur um rannsóknir Náttúrufræðistofunnar og Veiðimálastofnunar í Elliðavatni.

20:00 **Gullsmári**
Stökur og stundargaman
Góðir gestir mæta og kveðast á.

20:00 **Salurinn**
Fiðlutónleikar
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir. Burtfararpróf frá Listaháskóla Íslands.

Á alla viðburði Kópavogsdaga er ókeypis nema annað sé tekið fram.
Nánari dagskrá á www.kopavogur.is eða í síma 570 1500.
Allir Kópavogsbúar og aðrir gestir hjartanlega velkomnir!


# Sýna samstöðu NATO með Íslendingum

**Í fyrsta sinn frá því bandaríska varnarliðið yfirgaf Ísland árið 2006 er eftirlit með íslensku lofthelginni með tilstyrk orrustuþotna, að þessu sinni frönskum. Fjórar Mirage 2000-þotur franska flughersins munu annast þetta hlutverk næstu sex vikur.**

**VARNARMÁL** Fjórar Mirage 2000-orrustuþotur úr franska flughernum lentu á Keflavíkurflugvelli fyrir hádegi í gær. Þar með hófst sex vikna dvöl þeirra við loftrýmiseftirlit yfir Íslandi í samræmi við samning íslenskra stjórnvalda þar að lútandi við Atlantshafsbandalagið og í þessu tilviki ríkisstjórn Frakklands. Þetta er í fyrsta sinn sem annað ríki en Bandaríkin annast loftrýmisgæslu yfir Íslandi.

„Við erum hingað komnir til að sýna samstöðu bandalagsins með Íslendingum," sagði Gilles Bertrand, yfirmaður flugsveitarinnar, á fundi með blaðamönnum í utanríkisráðuneytinu.

Þar bauð Þórir Ibsen, yfirmaður varnarmálaskrifstofu ráðuneytisins, frönsku flugsveitina velkomna, en í henni eru alls um 110 manns. Þórir vakti athygli á því að Frakkarnir væru hingað komnir í samræmi við ákvörðun fastaráðs NATO frá síðasta sumri um að þær þjóðir bandalagsins sem hafa yfir flugher að ráða myndu á sjálfboðagrundvelli annast til skiptis loftrýmiseftirlit yfir Íslandi í minnst þrjár vikur í senn á ársfjórðungsfresti að jafnaði.

Þar sem Frakkarnir ríða á vaðið er dvöl þeirra lengri. Áformað er að þeir ljúki verkefni sínu hér þann 20. júní. Flugsveitarforinginn Bertrand upplýsti að fyrsta vikan yrði nýtt í að koma upp stjórnstöð á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli og gefa liðsmönnum sveitarinnar svigrúm til að átta sig á aðstæðum. 12. maí á sveitin að vera hálfklár í slaginn ef svo má segja, en þá á hún að hafa náð „initial operational capability" eins og það heitir á NATO-hermáli.

Fullklár á hún svo að vera eigi síðar en 24. maí, en í því felst að hún á að vera fær um að senda á loft þotur með stundarfjórðungs fyrirvara, hvenær sem er sólarhringsins. Þær eiga síðan að geta til að mynda flogið til móts við flugvélar sem fljúga í heimildarleysi inn í íslenska loftrýmið og varið þannig með virkum hætti lofthelgi Íslands og NATO.

Kostnaðinn af útgerð þotnanna sjálfra bera Frakkar. Íslensk stjórnvöld bera hins vegar kostnaðinn af dvöl flugsveitarinnar „á jörðu niðri". Samkvæmt fjárlögum eiga 200 milljónir króna að fara í loftrýmisgæslu í ár. Það miðast við að 50 milljónum sé varið í hvert þriggja vikna dvalartímabil erlendrar flugsveitar hér. Þar sem Frakkarnir dvelja hér í sex vikur fara 100 milljónir í það verkefni. Auk þess er á fjárlögum fráteknar 40 milljónir til kostnaðarþátttöku í heræfingum á landinu á árinu. Þá er rekstrarkostnaður Ratsjárstofnunar, sem á þessu ári er áætlaður 800 milljónir króna, að sjálfsögðu hluti af kostnaðinum við loftrýmiseftirlitið. audunn@frettabladid.is



**FRAKKAR LENTIR** Mirage 2000-orrustuþota franska flughersins lendir á Keflavíkurflugvelli skömmu fyrir hádegið í gær. Fjórar slíkar þotur verða hér við loftrýmiseftirlit til 20. júní. Í september koma bandarískar þotur í sömu erindagjörðum. LJÓSMYND/VÍKURFRÉTTIR

## FRANSKA FLUGSVEITIN „STORKARNIR"

Frönsku Mirage 2000-orrustuþoturnar fjórar sem hingað eru komnar til loftrýmiseftirlits NATO eru úr flugsveit 01/002 „Cigognes" (Storkar), sem hefur bækistöðvar sínar að jafnaði á herflugvelli við Dijon í austanverðu Mið-Frakklandi. Flugsveitin rekur sögu sína aftur til heimsstyrjaldarinnar fyrri, en storkanafnið dregur hún af því að storkurinn er einkennisfugl Elsass-héraðs, sem lengi var bitbein Þjóðverja og Frakka. Sveitin hefur haft bækistöðvar sínar í Dijon síðan árið 1949.



110 manns fylgja þotunum í verkefni þeirra hér á landi. Þar af eru 50 eiginlegir liðsmenn flugsveitar 01/002. Tíu þeirra eru flugmenn, en hinir flugvirkjar, flugumferðarstjórar, slökkviliðsmenn, varðliðar, fjarskipta- og tölvubúnaðarsérfræðingar, auk annars stoðliðs frá öðrum flugherstöðvum í Frakklandi.

Nánari upplýsingar um flugsveitina má finna á vefslóðinni www.defense.gouv.fr/air/au_service_de_la_defense/unites_aeriennes/chasse/escadron_de_chasse_1_2_cigognes

Tillaga um aðskilnað stærsta og ríkasta fylkis Bólivíu samþykkt í atkvæðagreiðslu:

# Morales leitar mótaðgerða

**BÓLIVÍA, AP** Klofningur í röðum Bólivíubúa ágerðist til muna í gær þegar ljóst varð að mikill meirihluti þátttakenda í atkvæðagreiðslu í stærsta og ríkasta fylki landsins, Santa Cruz, hefði á sunnudag samþykkt tillögu um aðskilnað héraðsins undan valdi ríkisstjórnar Evo Morales forseta.

Morales forseti fordæmdi atkvæðagreiðsluna og sagði hana brot á stjórnarskrá, en brá þó á það ráð að boða fylkisstjóra landsins til sín til skrafs og ráðagerða.

Santa Cruz-fylki er á frjósömu láglendi í austurhluta landsins og íbúar þess eru flestir af evrópskum eða blönduðum uppruna á meðan Morales sjálfur er af indíánaættum og hefur á stefnuskránni að breyta Bólivíu í sjálfbært samneysluríki byggðu á gildum frumbyggja.

Í þremur öðrum þessara fylkja, Beni, Pando og Tarija, á að halda sams konar aðskilnaðaratkvæðagreiðslur í næsta mánuði. Þessi aðskilnaðarhreyfing hefur að mestu komið í stað hefðbundinna stjórnmálaflokka sem drifkraftur stjórnarandstöðu við stjórn Morales. - aa



**FAGNA ÚRSLITUM** Stuðningsfólk aðskilnaðarhreyfingarinnar í Santa Cruz fagnar á götum Santa Cruz-borgar í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR

## Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum



**Toyota Land Cruiser 120 VX**
Dráttarbeisli, bakkskynjarar TRC Webasto
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 09.05 Ekinn: 107.000 km
Verð: 5.790.000 kr. Skr.nr. NE-086



**Toyota Land cruiser 120 GX**
33" breyttur, dráttarbeisli, filmur
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 11.04 Ekinn: 61.000 km
Verð: 5.050.000 kr. Skr.nr. AP-700



**Toyota Land Cruiser 120 GX**
Aukasæti, dráttarbeisli
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 07.03 Ekinn: 128.000 km
Verð: 3.750.000 kr. Skr.nr. DD-429



**Toyota Land Cruiser 100**
33" breyttur, sóllúga, dráttarbeisli
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 07.04 Ekinn: 70.000 km
Verð: 5.860.000 kr. Skr.nr. YL-030



**Toyota Avensis**
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 38.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Skr.nr. PM-494



**Toyota Corolla S/D**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.03 Ekinn: 116.000 km
Verð: 960.000 kr. Skr.nr. EH-720



**Toyota RAV4 GX**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 53.000 km
Verð: 3.360.000 kr. Skr.nr. OR-941



**Toyota Land Cruiser 100**
33" breyttur, navigation, bakkmyndavél
filmur, sóllúga, dráttarbeisli
4200 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 04.05 Ekinn: 116.000 km
Verð: 7.550.000 kr. Skr.nr. GMP-86



**Toyota Avensis W/G**
17" álfelgur, leður
2000 Dísel 6 gíra
Á götuna: 07.07 Ekinn: 40.000 km
Verð: 3.590.000 kr. Skr.nr. DT-708



**Toyota Land Cruiser 100**
4200 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 04.02 Ekinn: 138.000 km
Verð: 4.650.000 kr. Skr.nr. SP-455



**Toyota Corolla H/B Sol**
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.04 Ekinn: 71.000 km
Verð: 1.830.000 kr. Skr.nr. NZ-927



**Toyota Corolla W/G Sol**
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 11.04 Ekinn: 50.000 km
Verð: 1.660.000 kr. Skr.nr. OJ-173

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 42250 05.2008





Íslandsdeild Amnesty harmar hugmyndir um vopnavæðingu lögreglunnar:

# Segir Taser-tækin lífshættuleg

**LÖGREGLUMÁL** „Við erum fyrst og fremst á móti Taser-tækjunum vegna þess að rannsóknir hafa sýnt að þau eru hættuleg fólki og hafa valdið dauða,“ segir Jóhanna Kr. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar mannréttindasamtakanna Amnesty.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á fimmtudag samþykkti landsþing lögreglumanna ályktun þess efnis að lögreglumenn fengju Taser-valdbeitingartæki til notkunar „sem allra fyrst“. Taser-tækin eru rafstuðstæki sem lögreglumenn, meðal annars í Bandaríkjunum og Kanada, hafa notað við störf sín.



**JÓHANNA KR. EYJÓLFSDÓTTIR** Á móti því að lögreglan fái Taser-tæki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Athugasemdir okkar við að lögreglumenn fái þessi tæki til notkunar snúa að því öðru fremur að þau hafa valdið óþörfum dauðsföllum og geta verið hættuleg,“ segir Jóhanna. Hún segir jafnfram að bara í Bandaríkjunum og Kanada hafi um 300 dauðsföll verið rakin til notkunar á Taser-tækjunum. „Þá hefur Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna sagt, þegar notkun portúgölsku lögreglunnar á þessum tækjum var til umfjöllunar, að notkun þessara tækja geti falið í sér pyntingu vegna sársaukans sem þau framkalla, og séu hættuleg fólki. Þannig að það eru ekki bara mannréttindasamtök sem leggjast gegn þessum tækjum heldur hefur mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna einnig gert það,“ segir Jóhanna. **- mh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Erilsamt í sjúkraflutningum

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fór í 45 sjúkraflutninga, bæði vegna slysa og alvarlegra veikinda, á aðfaranótt sunnudags. Slökkviliðið sinnir einnig flutningi á sjúklingum milli sjúkrastofnana.

### Eldur við Grandaskóla

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fékk tilkynningu á sunnudaginn um að reykur bærist frá kjallara Grandaskóla. Þegar slökkvilið og lögregla komu á vettvang kom í ljós að kveikt hafði verið í flugeldapakka við skólann.



**MÓTMÆLI** Ólafur Sigurjónsson (til hægri) las upp yfirlýsingu landeigenda á skrifstofu Landsvirkjunar. Með honum voru Jón Árni Vignisson og Bjarni Harðarson þingmaður, en Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, tók við yfirlýsingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






# Landeigendur gegn virkjun

**Fulltrúi landeigenda á áhrifasvæði Urriðafossvirkjunar segist viss um að andstaða landeigenda stöðvi virkjunaráform. Landeigendur segja sjónarmið bænda að engu höfð. Landsvirkjun heldur áfram að vinna að virkjun segir forstjórinn.**

**ORKUMÁL** Fulltrúar eigenda níu af tíu lóðum á áhrifasvæði Urriðafossvirkjunar á austurbakka Þjórsár afhentu í gær forstjóra Landsvirkjunar yfirlýsingu þar sem þeir lýsa andstöðu við virkjunina.

„Það er útilokað annað en að menn stoppi þarna og haldi í staðinn áfram með Búðarhálsvirkjun, sem þeir eru byrjaðir á,“ segir Jón Árni Vignisson, einn landeigenda. Hann segir að með svo afgerandi andstöðu sé útilokað að virkjunin verði að veruleika.

„Þar með er staðfest að ekki er nokkur vilji landeigenda við Þjórsá til að semja við Landsvirkjun um eitt eða neitt í þessu máli. Þeirri staðreynd er hér með komið til skila,“ sagði Ólafur Sigurjónsson, einn landeigenda, þegar hann afhenti Friðriki Sophussyni, forstjóra Landsvirkjunar, yfirlýsinguna á skrifstofu fyrirtækisins.

Ólafur kallaði eftir afskiptum ráðherra þessa málaflokks. Hann sagði sjónarmið bænda ítrekað að engu höfð. Úr sjóðum landsmanna sé tekið fé til að greiða fyrir kostnað við rekstur „áróðursvélar Landsvirkjunar“, sem og að „kaupa sveitarstjórnir til fylgilags við Landsvirkjun“.

Jón Árni bendir á að meirihluti íbúa Flóahrepps hafi skrifað undir áskorun til sveitarstjórnar um að endurskoða þá ákvörðun að setja virkjunina á aðalskipulag. Sveitarstjórnin hafi engu svarað þeirri áskorun.

Margar ástæður eru fyrir andstöðu íbúa, segir Jón Árni. Til dæmis sé ekki pláss fyrir virkjunina í þessari þéttbýlu sveit.

Þá muni mikil mengun fylgja virkjuninni. Áformað sé að dæla um 75 þúsund rúmmetrum af jökulleir upp á bakka lónsins, og augljóst sé að þurr leirinn muni fjúka yfir nærliggjandi sveitir. Ekkert hafi verið fjallað um það í umhverfismatinu.

Eftir að fulltrúar landeigenda höfðu afhent Landsvirkjun yfirlýsingu fóru þeir í umhverfis-, iðnaðar-, viðskipta-, og fjármálaráðuneyti og afhentu yfirlýsingar.

**brjann@frettabladid.is**

## REYNA ÁFRAM SAMNINGALEIÐINA

„Ríkið á 93 prósent af [...] vatnsréttindum vegna Urriðafossvirkjunar, og Landsvirkjun hefur umboð ríkisins til að fjalla um þau mál,“ sagði Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, þegar hann tók á móti yfirlýsingu landeigenda.

Jafnframt verði samið við þá landeigendur sem eiga vatnsréttindi með þeim hætti sem lög bjóða. „Landsvirkjun mun fara að lögum í þessu máli eins og hún hefur alltaf gert. Hún áskilur sér auðvitað öll réttindi sem lög bjóða,“ sagði Friðrik.

Spurður hvort þetta þýði að beita verði eignarnámsákvæði til að fá þau vatnsréttindi sem ekki séu í eigu ríkisins sagði Friðrik: „Það er ekki alveg ljóst, við skulum fyrst kanna hvort samningar komi til með að nást.“

Hann segir að Landsvirkjun muni halda áfram að vinna að virkjunum í neðri hluta Þjórsár. Þær séu hagkvæmar, bæði fyrir Landsvirkjun og heimamenn.

Friðrik benti á að umhverfismat vegna Urriðafossvirkjunar hafi verið samþykkt. Aðalskipulag liggi fyrir í tveimur sveitarfélögum og unnið sé að breytingum í því þriðja.




ENNEMM / SÍA / NM31242

**Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum 28. júní 2008**

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis kemur saman til fundar í dómsal Héraðsdóms Suðurlands, Austurvegi 4, 2. hæð, Selfossi, fimmtudaginn 22. maí kl. 13:00, til að gefa vottorð um meðmælendur forsetaframboða, skv. 4. gr. laga nr. 36/1945 um framboð og kjör til forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur, ef unnt er, skili meðmælendalistum með nöfnum meðmælenda af Suðurlandi til undirritaðs, sýsluskrifstofunni í Vestmannaeyjum, Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjum, þriðjudaginn 20. maí, svo unnt sé að undirbúa vottorðsgjöf yfirkjörstjórnar.

**Vestmannaeyjum, 5. maí 2008**

**F.h. yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis**
**Karl Gauti Hjaltason**

Mismunandi meiðyrðalöggjöf milli landa á dögum hnattvæðingar:

# New York bannar breska dóma

**NEW YORK** Á þingi New York-ríkis í Bandaríkjunum hafa verið samþykkt ný lög, sem banna að meiðyrðadómum felldum af erlendum dómstólum sé framfylgt í ríkinu.

Tilefni lagasetningarinnar er mál Rachel Ehrenfeld, forstöðumanns hugveitunnar American Centre for Democracy sem hefur varnarþing sitt í New York. Hún var nýlega dæmd fyrir dómstóli í Bretlandi til 225.000 dollara skaðabótagreiðslu til Khalid bin Mahfouz, bankamanns frá Sádi-Arabíu sem býr í Lundúnum. Hún hafði í bók sinni *Funding Evil: How Terrorism Is Financed and How to Stop It* sakað Mahfouz um að hjálpa Osama bin Laden og al-Kaída-hryðjuverkanetinu að komast yfir fé. Mahfouz varðist þessum ásökunum með því að höfða meiðyrðamál á grundvelli bresku meiðyrðalöggjafarinnar, sem er strangari en sú sem gildir vestra.

Það er á grundvelli sömu bresku laga sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson var dæmdur til skaðabótagreiðslna til Jóns Ólafssonar og Ekstra Bladet danska til greiðslna til Kaupþings banka. - aa




**TILEFNIÐ** Fullyrðingar í bókinni „Funding Evil" urðu tilefni til meiðyrðamáls í Bretlandi gegn bandarískum höfundi.




Eigandi jeppans sem valt og eyðilagði skála Ferðafélagsins í Landmannalaugum:

# Borgar þriggja milljóna tjón

**LÖGREGLUMÁL** „Niðurstaðan er sú að við fáum tjónið á skálanum borgað," segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, sem rætt hefur við eigendur jeppans sem velt var á salernisbyggingu félagsins í Landmannalaugum.

Ferðafélagið kærði skemmdirnar á skálanum og meinta ölvun ökumannsins til lögreglu. Páll segir mörg vitni hafa komið fram sem ýmist haldi því fram að ökumaðurinn hafi verið drukkinn eða allsgáður.

„Sjálfir segja þeir að ökumaðurinn hafi ekki verið fullur en það er hlutverk lögreglunnar að rannsaka þann þátt málsins," segir Páll sem kveður atvikið hafa hrist upp í fjalla- og jeppamönnum.

„Menn eru einhuga um að vera til fyrirmyndar í ferðamennsku. Að sögn Páls er tjónið sem Ferðafélagið fær bætt metið á þrjár milljónir króna. - gar



**Á HVOLFI** Deilt er um hvort ökumaðurinn hafi verið drukkinn en jeppinn var að minnsta kosti á hvolfi í Landmannalaugum.



Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar:

# Skólalóðir fá andlitslyftingu

**BORGARMÁL** Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar hefur sett fram áætlun um að endurhanna og bæta aðstöðu á lóðum grunnskóla borgarinnar á næstu árum. Reykjavíkurborg hyggst verja um 1,6 milljörðum króna til verksins á árunum 2008-2013. Þar af fara 600 milljónir í hönnun og framkvæmdir á þessu ári og því næsta.

Reykjavíkurborg á og rekur 37 grunnskóla. Áætlunin nær til 30 þeirra en lóðir hinna eru nýlegar eða hafa nýlega verið endurgerðar. Þá er einnig á áætlun að taka fjóra sparkvelli eða boltagerði í notkun á árinu og á næsta ári. **- shá**



**FOLDASKÓLI** Stórátak verður gert í að bæta aðstöðu við grunnskóla borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjölgun í liði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu:

# Átján lögreglumenn ráðnir

**LÖGREGLUMÁL** Gengið hefur verið frá ráðningu átján lögreglumanna til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, að sögn Geirs Jóns Þórissonar yfirlögregluþjóns hjá embættinu. Stærstur hluti þeirra sem ráðnir hafa verið eru nýútskrifaðir úr Lögregluskóla ríkisins. Þá eru í hópnum nokkrir lögreglumenn sem horfið höfðu úr starfi á höfuðborgarsvæðinu en eru nú að snúa aftur.

„Við hefðum viljað fá heldur fleiri en við réðum nú eða tuttugu manns,“ segir Geir Jón. „En það takmark næst með haustinu, því reynslan hefur sýnt að þá koma alltaf inn umsóknir.“

Geir Jón segir enn fremur að auk þeirra sem fyrir eru verði átján manns úr Lögregluskólanum við störf á höfuðborgarsvæðinu í sumar. Þeir muni ganga almennar vaktir. Aukinn áhugi virðist vera á lögreglustarfinu um þessar mundir. Á níunda tug umsókna höfðu borist í Lögregluskóla ríkisins fyrir haustönn 2008 og vorönn 2009, þegar umsóknarfrestur rann út 1. maí. Umsóknirnar skiptast þannig eftir kynjum að karlar eru 56 og konur 30 talsins. **- jss**



**GEIR JÓN ÞÓRISSON**



MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTADEILD

Meistaranám við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík er fjölbreytt og krefjandi nám sem getur opnað þér dyr að margvíslegum starfstækifærum.

**MSc í alþjóðaviðskiptum**
Námið byggir bæði á fræðilegum grunni og hagnýtri þekkingu á alþjóðaviðskiptum og fer kennsla fram á ensku. Uppbygging námsins miðar við reynslu margra bestu háskóla heims. Allir nemendur dvelja erlendis eina önn.

**MSc í fjármálum**
Námið er sérsniðið að þörfum fjármálafyrirtækja og framsækinna alþjóðlegra fyrirtækja. Hægt er að sérhæfa sig í fjárfestingarstjórnun eða fjármálum fyrirtækja.

**MSc í reikningshaldi og endurskoðun**
Námið er ætlað þeim sem vilja verða löggiltir endurskoðendur, eða hafa áhuga á að starfa sem sérfræðingar eða stjórnendur á sviði reikningshalds í fyrirtækjum. Útskrifaðir nemendur eru eftirsóttir til ýmissa stjórnunarstarfa í atvinnulífinu, einkum hjá stórfyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi.

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Leikskólakennarafræði B.Ed.

Áhugavert nám sem býður upp á tækifæri til að hafa áhrif á mótun nýrra kynslóða. Áhersla á sköpun og þverfaglegt nám.



Þroskaþjálfafræði B.A.

Þroskaþjálfar starfa við ráðgjöf og stefnumótun vítt og breitt í samfélaginu. Nemendur geta sérhæft sig í starfi með börnum og unglingum eða í þjónustu við fullorðna.



Tómstunda- og félagsmálafræði B.A.

Námið veitir sérþekkingu til starfa á sviði tómstunda og félagsmála. Mjög fjölbreyttur starfsvettvangur.



Alþjóðlegt nám í menntunarfræði B.A.

Nám fyrir þá sem vilja starfa í alþjóðlegu skólaumhverfi á Íslandi eða í öðrum löndum. Lögð er áhersla á hnattvæðingu, mannréttindi, fjölmenningarsamfélög og sjálfbæra þróun.



ÍSLENSKA SÍA.IS HSK 42203 05.2008



## ÁRSFUNDUR 2008

Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 14. maí nk., kl. 16.00, á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

### Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
   *Starfsendurhæfing:*
   - Guðjón Baldursson, trúnaðarlæknir fjallar um starf trúnaðarlæknis og helstu endurhæfingarúrræði
   - Kynning á samkomulagi Sameinaða lífeyrissjóðsins og sjúkrasjóða
3. Erindi Hannesar G. Sigurðssonar, aðstoðarframkvæmdastjóra SA, um nýjan endurhæfingarsjóð, markmið og næstu skref
   Kaffihlé
4. Almenn ársfundarstörf
5. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og rétthafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík, 5. maí 2008.
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Ársskýrslu og dagskrá ársfundarins má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á **www.lifeyrir.is**

Borgartún 30, 105 Reykjavík
S. 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
**lifeyrir.is**

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn

# Hamfaraflóði verði beint yfir Þjórsárver

**Landsvirkjun vill beina hamfaraflóði vegna goss í Bárðarbungu í Þjórsárver til að skemma ekki stíflu í Köldukvísl. Landsvirkjun hefur sótt um heimild til Umhverfisstofnunar og auglýst útboð. „Alvarlegt mál,“ segir prófessor.**

**UMHVERFISMÁL** Landsvirkjun vill veita hamfaraflóði vegna goss í Bárðarbungu úr farvegi Köldukvíslar um Kvíslavötn í Þjórsárver til að skemma ekki stíflu í Köldukvísl. Til að svo verði ætlar Landsvirkjun að veikja stíflu í Þúfuveri í sumar og hefur sótt um heimild til þess. Útboð hefur þegar verið auglýst.

Gísli Már Gíslason, formaður Þjórsárveranefndar og prófessor í vatnalíffræði, segir að verið sé að undirbúa viðbrögð við hugsanlegu hamfaraflóði við gos í Bárðarbungu. Hann bendir á að líkurnar á eldgosi og þar með hamfaraflóði aukist stöðugt eftir því sem ísfarginu á Vatnajökli léttir. Verði gos í Bárðarbungu geti vatnið flætt í Kvíslavötn og nú sé Landsvirkjun að tryggja það að hugsanlegt hamfaraflóð „fari örugglega“ yfir friðlandið í Þjórsárverum.

„Viðbrögð Landsvirkjunar eru þau að veikja flóðvarnirnar í einni af stíflunum í hágöngulóninu þannig að flóðið fari vestur úr í Kvíslavötn og veikja stíflurnar við Þúfuver sem er grónasta verið. Vatnið myndar þar minnst 80 ferkílómetra lón í nokkra sólarhringa með gegnumrennsli um 5.500 rúmmetra á sekúndu. Í staðinn fyrir að veikja stífluna sunnan við Syðri-Hágöngur við Köldukvísl þá er ákveðið að fórna gróðurlendi Þjórsárvera þrátt fyrir að búið sé að friða svæðið. Þetta myndi valda óafturkræfum skemmdum,“ segir hann.



**80 FERKÍLÓMETRA LÓN** Landsvirkjun áformar að beina hamfaraflóði við gos í Bárðarbungu yfir Þjórsárver og ætlar að veikja stíflu í Þúfuveri í sumar. Jökulvatnið mun eyðileggja allan gróður á svæðinu, að mati Gísla Más Gíslasonar prófessors.

Hann bendir á að hamfaraflóð af þessu tagi sé 12 til 13-föld stærð Ölfusár við Selfoss og standi í minnst fjóra til fimm sólarhringa. Lónið verði margfalt stærra en það sem sótt hafi verið um í Þjórsárverum og muni eyðileggja allan gróður. Umrótið sem verður þegar jökulár flæða yfir land í nokkra sólarhringa sé ekki lítið. „Mér finnst þetta alvarlegt mál,“ segir hann.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir að stefnt sé að því að gera veikleika, svonefnt flóðvar, syðst í varnargörðunum við Kvíslaveitu þannig að flóðið fari þar og hlífi því sem ofar er. Eins og staðan sé í dag þá myndi hamfaraflóð rjúfa stíflur við Kvíslaveitu og fara stjórnlaust yfir Þjórsárver. Þess vegna sé sótt um að breyta stíflu við Þúfuvar til að auka öryggi mannvirkja, fólks og Þjórsárvera í heild og beina vatninu eins neðarlega og hægt er.

„Eins og staðan er í dag myndi flóðið fara inn í Kvíslaveitu og stíflurnar myndu ekki þola það. Þetta hefur verið kynnt fyrir sveitarfélögunum. Útboðið er með fyrirvara um að þetta verði heimilað.“

ghs@frettabladid.is




*Þetta er eina kortið sem gefur þér* ***félagamiða*** *með flugmiðanum þínum. Það er besta leiðin til að komast út í góðum félagsskap.*

*Kortið sem kemur þér út*

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

Sæktu um besta kortið fyrir þig á **www.americanexpress.is** eða í síma 575 5900

INNRÉTTINGAR Í ELDHÚS · BAÐHERBERGI · SVEFNHERBERGI · ÞVOTTAHÚS

**SETTU ÞAÐ SAMAN** HTH

# *Af hverju að borga meira?*



AEG



***Settu það saman*** er sniðið að þörfum þeirra sem vilja sjálfir setja upp eigið eldhús, en um leið njóta gæðanna.

ALLT AÐ
**20% afsláttur** af hágæða AEG eldhústækjum þegar keyptar eru HTH eldhúsinnréttingar.




*Nýr glæsilegur bæklingur*

**ORMSSON**

SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 / 530 2908

**ORMSSON** ÁRVIRKINN, SELFOSSI · SÍMI 480 1160 **ORMSSON** AKUREYRI · SÍMI 461 5003

# Dönsku krónprinshjónin í opinberri heimsókn á Íslandi

**HEIMSÓKN** Friðrik krónprins Danmerkur og eiginkona hans, Mary Donaldson krónprinsessa, komu til Íslands í gærmorgun. Munu þau dvelja hér á landi fram á fimmtudag í boði forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar og Dorritar Moussaieff forsetafrúar.

Mikil dagskrá hefur verið útbúin fyrir krónprinshjónin meðan á dvöld þeirra stendur. Eftir formlega kynningarathöfn og hádegisverð á Bessastöðum í gær heimsóttu krónprinshjónin og forsetahjónin Áslandsskóla í Hafnarfirði. Þar tóku þau þátt í samverustund og hlýddu á ávörp skólastjóra og dönskukennara skólans, auk þess sem skólakórinn söng fyrir gestina á íslensku og dönsku.

Þaðan lá leiðin í Þjóðmenningarhúsið við Hverfisgötu þar sem gestunum var fylgt um handritasýninguna. Að henni lokinni héldu krónprinsinn og forsetinn á ráðstefnu um jarðvísindi, jöklafræði og loftslagsbreytingar í Öskju, húsi náttúruvísinda í HÍ. Á sama tíma kynntu krónprinsessan og forsetafrúin sér íslenska hönnun í verslununum Kirsuberjatrénu við Vesturgötu og Kraumi við Aðalstræti.

Næstu daga mun ýmislegt drífa á daga krónprinshjónanna, meðal annars fara þau í reiðtúr, gönguferð á Þingvöllum og í heimsókn til Stykkishólms, svo fátt eitt sé nefnt. **- kg**



**HJÓNAKORN** Forsetahjónin buðu krónprinshjónin velkomin við athöfn á Bessastöðum. Friðrik sagðist mjög ánægður með að vera á landinu og hlakka mikið til að ríða út á íslenskum hesti. Hann sagðist einnig hafa lesið íslenskar fornsögur í skóla og þótt þær afar blóðugar og spennandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**YNGSTI GESTURINN** Krónprinshjónin dást að Róberti Daða Jónsynisem fylgdist með dagskránni ásamt Lindu Björku Ragnarsdóttur móður sinni, en hún starfar sem skólaliði í Áslandsskóla.



**VELKOMIN** Nemendur Áslandsskóla buðu gestina hjartanlega velkomna og veifuðu íslenska og danska fánanum.



**VINÁTTA** Þau Helga Guðrún Oddsdóttir og Darri Aronsson í Áslandsskóla fluttu stuttar ræður á dönsku og lýstu meðal annars yfir ánægju sinni með þá miklu vináttu sem ríkir milli þjóðanna tveggja. Með þeim á myndinni er Leifur S. Garðarsson, skólastjóri Áslandsskóla.



**SMELLPASSAR** Dorrit gefur Mary álit sitt á forláta pilsi í Kirsuberjatrénu. Mary festi kaup á bolla úr hönnunarlínu Kristínar Sigfríðar Garðarsdóttur, sem hún hugðist færa eiginmanni sínum að gjöf.




# Verðbólgumarkmið sett til hliðar

**Bandarískur prófessor telur að Seðlabankinn eigi að setja verðbólgumarkmiðið til hliðar í tvö ár. Íslensku bankarnir verði að endurskipuleggja sig.**

**EFNAHAGSMÁL** Róbert Aliber, prófessor emeritus í alþjóðahagfræði og fjármálum við Viðskiptaháskólann í Chicago, telur að næstu tvö árin verði íslensku þjóðfélagi ákaflega erfið í efnahagsmálum. Hann telur að Seðlabanki Íslands eigi að setja verðbólgumarkmið sitt til hliðar í tvö ár meðan þjóðin sé að vinna sig út úr erfiðleikunum.

Prófessor Aliber hélt fyrirlestur um þróun alþjóðafjármála, eignaverðbólgu og ójafnvægi í viðskiptum á milli landa í Háskóla Íslands í gær. Í erindinu fjallaði hann sérstaklega um áhrif þróunarinnar á íslenskt efnahagslíf og það hvaða möguleg úrræði íslensk stjórnvöld hefðu um þessar mundir.

Aliber sagði að efnahagserfiðleikar Íslendinga væru hluti af hnattrænu vandamáli, ekki bara í hinum enskumælandi heimi. Íslensku bankarnir væru „nánast dauðir", að minnsta kosti þeir þrír stærstu. Endurskipulagning þeirra væri óhjákvæmileg enda væru íslensku bankarnir ekki bankar lengur í hefðbundnum skilningi þess orðs heldur sjóðir. Bankarnir þyrftu að renna saman og síðan þyrfti að skipta þeim í tvennt, í A-banka sem væru hefðbundnir viðskiptabankar og B-banka sem væru sjóðir og sæju um fjárfestingar og slík viðskipti.

Aliber gagnrýndi einnig forystumenn bankanna harðlega og sagði að þeir stjórnuðust annað hvort af græðgi, fáfræði eða hvoru tveggja. Allt benti til þess að gert yrði áhlaup á bankana, enginn myndi vilja lána bönkunum í útlöndum og því gæti farið svo að fólk færi að taka út peningana sína.



**ÍSLENDINGAR SPENNI BELTIN** Róbert Aliber, prófessor emeritus við Viðskiptaháskólann í Chicago telur að næstu tvö árin verði íslensku þjóðfélagi ákaflega erfið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Aliber benti líka á að Íslendingar væru með heimatilbúin undirmálslán, húsnæðislán, sem búast mætti við að fólk gæti ekki staðið undir, og því gætu bankarnir tapað á þeim.

„Niðurstaða mín er sú að íslenska þjóðin þurfi að spenna öryggisbeltin. Haldið ekki að allir hinir í heiminum séu að ofsækja ykkur. Þetta verða erfið tvö ár," sagði Aliber og taldi gríðarleg mistök að binda krónuna við evru eða annan gjaldmiðil nú. Betra væri að leyfa myntinni að fljóta áfram þar til þjóðin væri komin í gegnum erfiðleikana. Óhjákvæmilegt væri að einstaklingar yrðu gjaldþrota og misstu húsnæði og bíl.

ghs@frettabladid.is

# HEILIR STURTUKLEFAR

## ÚR HERTU ÖRYGGISGLERI ALLAN HRINGINN

**Óbreytt verð! Engar hækkanir!**




331-A Trapisulagaður
framopnun 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn




311-A Kantaður
heilopnun 80x80 og 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn




622-A Rúnaður
80x80 og 90x90
6mm hert öryggisgler
allan hringinn

## EIN FLOTTASTA OG VANDAÐASTA VARAN Á MARKAÐNUM!




611-A
Kantaður 8 mm hert öryggisgler
allan hringinn

**Innifalið í öllum:**

Hitastýrð blöndunartæki
Handsturtusett
Ömmustöng m stórum haus

**Stærðir:**

331-A 90x90
311-A 80x80 og 90X90
622-A 80x80 og 90x90
611-A 70x70, 75x75, 80x80 og 90x90

kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**Fréttaskýring:** Framboð Íslands til öryggisráðs SÞ — 5. hluti

# Ríki hafi eitthvað fram að færa

**Ísland getur ekki gerbreytt heimsmálunum, fái landið sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Ríki sem kosin eru til tímabundinnar setu í ráðinu geta þó haft áhrif á ákveðnum sviðum. Fjöldi starfsmanna Íslands í höfuðstöðvum SÞ í New York verður tvöfaldaður fái Ísland sæti í ráðinu. Kostnaður við setu í ráðinu er áætlaður 200 milljónir króna, 100 milljónir fyrir hvort ár.**

Ekkert ríki getur reiknað með að breyta heiminum með tveggja ára setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, en ríki sem taka tímabundið sæti í ráðinu geta haft áhrif á afmörkuðum sviðum.

„Megináherslumál Íslands í framboðinu eru vernd almennra borgara á átakasvæðum, sér í lagi kvenna og barna; aukin aðkoma kvenna að friðarviðræðum og friðaruppbyggingu; og mikilvægi þess að mæta ógnum við öryggi í víðasta samhengi. Þá vill Ísland beita sér fyrir bættum og gegnsærri starfsháttum innan ráðsins.“

Svona lýsti Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra áherslum Íslands í ræðu um utanríkismál á Alþingi 8. apríl.

Ísland keppir við Austurríki og Tyrkland um tvö laus sæti í öryggisráðinu á árabilinu 2009 til 2010, og verður kosið milli ríkjanna um miðjan október. Þó að minni líkur en meiri séu á því að Ísland fái sæti vilja sérfræðingar ekkert útiloka, og benda á að oft séu niðurstöður kosninga innan SÞ þvert á spár.

„Við höldum ekki að þátttaka Íslands í öryggisráðinu þýði að Ísland muni gerbreyta heimsmálunum,“ segir Hjálmar W. Hannesson, sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá SÞ. Hann bendir á að dagskrá ráðsins ráðist að miklu leyti af því sem sé að gerast í heiminum á hverjum tíma.

Þrátt fyrir þetta geta ríki haft áhrif á heimsmálin með setu í öryggisráðinu. Singapúr lagði til dæmis mikla áherslu á að opnum fundum í ráðinu yrði fjölgað, til að þau ríki sem ekki eigi sæti í ráðinu fái möguleika á að tjá sig oftar, og náði þeirri breytingu fram. Hjálmar segir að fái Ísland sæti í ráðinu verði íslenskum gildum haldið á lofti, og vísar í ræðu ráðherra.

„Öryggisráðið stendur á mótum mögulegra breytinga, þannig að ráðið verði virkara og jákvæðara afl. Það verður að koma í ljós hvort skrefið verður stigið, og þar skiptir máli hverjir verða kjörnir í ráðið,“ segir Colin Keating, forstjóri Security Council Report.

Öryggisráðið hefur orðið áhrifaminna á síðustu árum, sem er þróun sem segja má að hafi hafist við innrás Bandaríkjanna og bandalagsríkja þeirra í Írak árið 2003. Á síðustu árum hafa kjörnu ríkin haldið sig meira til hlés en þau gerðu, og virðast stundum óttast að taka frumkvæðið og beita sér í erfiðum málum, segir Keating. Það sé mikil breyting frá því sem áður var.

Á síðustu mánuðum virðist þetta þó hafa gengið að nokkru leyti til baka, þegar ríki eins og Indónesía og Suður-Afríka hafi tekið frumkvæði í ákveðnum málum. Svo verði að koma í ljós hvort það sé undantekningin, eða hvort ráðið sé að færast aftur til fyrra horfs.

### Sæti kostar 200 milljónir

Fái Ísland sæti í öryggisráðinu er ljóst að fjölga verður starfsmönnum í fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Ráðið fundar yfirleitt nokkrum sinnum í viku, og fulltrúar ríkjanna sem sæti eiga í ráðinu verða að vera tilbúnir að mæta til aukafundar með mjög skömmum fyrirvara.

Í dag vinna sex embættismenn utanríkisráðuneytisins í New York, auk aðstoðarmanns, bílstjóra og starfsnema. Hjálmar W. Hannesson reiknar með því að bæta verði við átta embættismönnum til viðbótar, taki Ísland sæti í ráðinu. Undir það tekur Kristín Árnadóttir, kosningastjóri framboðs Íslands, og segir starfsmennina þurfa að verða fimmtán til átján talsins.

Auk fjölgunar í New York má búast við því að fjölga þurfi starfsmönnum á alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, segir Hjálmar. Starfsmenn þurfi til að mynda að sinna ýmis konar greiningarvinnu vegna setu í ráðinu.

Ekki er reiknað með því að fjölga starfsmönnum í utanríkisþjónustunni, heldur verður seta í ráðinu tímabundið forgangsverkefni, og starfsmenn færðir úr öðrum störfum. Engu að síður telur utanríkisráðuneytið að kostnaðurinn við að taka sæti í ráðinu verði nálægt 100 milljónum króna á ári, í tvö ár. Sú upphæð getur þó hækkað, enda ekki útilokað að alþjóðlegir atburðir leiði til aukinna umsvifa ráðsins.

Norðmenn fóru aðra leið en flest ríki sem taka sæti í ráðinu á árunum 2001 til 2002. Þeir voru með fámenna skrifstofu í New York, en studdu hana með starfsmönnum í utanríkisráðuneytinu í Ósló. Colin Keating segir Norðmenn hafa komist upp með það án vandræða þar sem utanríkisþjónusta þeirra sé gríðarlega öflug. Svo öflug að þeir hafi svo gott sem engu þurft að breyta við að taka sæti í ráðinu. Önnur ríki, þar á meðal Ísland, ættu ekki að taka sér það til fyrirmyndar.

Undir það tekur Lars Faaborg-Andersen, sendiherra og annar fastafulltrúi Danmerkur hjá SÞ. Hann segir að á meðan Danmörk hafi átt sæti í ráðinu síðast hafi landið verið með tólf starfsmenn hjá SÞ sem eingöngu sinntu öryggisráðinu. Til viðbótar hafi verið fimm til sex starfsmenn sem sinntu öðrum þáttum SÞ.

Jorge Urbina, fastafulltrúi og sendiherra Kosta Ríka hjá SÞ, segir að í dag séu fjórtán í sendinefnd landsins hjá SÞ. Það dugi varla til, nú þegar Kosta Ríka hafi tekið sæti í öryggisráðinu. Ef vel ætti að vera þyrfti sextán starfsmenn.

### Toppurinn á fundaísjakanum

Sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá SÞ er lykilmaður Íslands, fái Ísland sæti í öryggisráðinu. Afar mikilvægt er að sá einstaklingur sem þar situr njóti trúnaðartrausts utanríkisráðherra, enda hlutverk hans að framfylgja utanríkisstefnu Íslands.

Enginn viðmælenda Fréttablaðsins vildi spá fyrir um það hvort Hjálmar W. Hannesson muni gegna því starfi áfram, eða hvort nýr skipstjóri verði fenginn í brúna.

Hlutverk fastafulltrúans er að fylgja þeirri stefnu sem stjórnvöld marka. Mikilvægt er að hann njóti trúnaðartrausts, svo hann þurfi ekki að vera með opna símalínu til ráðuneytisins vegna smávægilegustu mála, segir Colin Keating.

Fastafulltrúinn og annar fastafulltrúi sitja fundi öryggisráðsins, en þeir fundir eru aðeins toppurinn á fundaísjakanum sem fylgir setu í ráðinu. Í dag eru þrettán undirnefndir ráðsins sem fjalla um afmörkuð málefni, til dæmis um viðskiptabönn, friðargæslu og baráttu gegn hryðjuverkum. Ríkin sem sitja í ráðinu skiptast á að gegna formennsku í nefndunum.

Að auki starfa hópar sérfræðinga á vegum ráðsins, einn hópur fyrir hvert af þeim málum sem upp koma. Þannig starfar hópur sem fjallar eingöngu um Darfúr og annar sem fjallar um ástandið á Haítí. Ríkin sem sitja í öryggisráðinu skipa menn í hópana.

„Mín reynsla hefur verið sú að ef menn vilja ná einhverju fram á þessum vettvangi verða þeir að hafa eitthvað fram að færa,“ segir Johan C. Verbeke fastafulltrúi og sendiherra Belgíu hjá SÞ. „Ekkert er hörmulegra fyrir þá sem eiga sæti í ráðinu en að taka afstöðu til mála sem allir sjá að þeir skilja ekki til hlítar.“




**Í ÖRYGGISRÁÐINU** Hjálmar W. Hannesson, fastafulltrúi Íslands hjá SÞ, flutti ræðu fyrir hönd Norðurlandanna á opnum fundi öryggisráðsins 30. apríl síðastliðinn. Norðurlöndin hafa undanfarið sýnt stuðning sinn við framboð Íslands til öryggisráðsins með því að leyfa fulltrúa Íslands að flytja ræður fyrir hönd Norðurlandanna allra. MYND/SÞ/ ESKINDER DEBEBE




Vegna þessa leggja ríki sem sitja í ráðinu mikla áherslu á greiningarvinnu, til að þekking sé til staðar á helstu málefnum sem líkleg eru að koma til ráðsins.

Undirbúningi fyrir slíka vinnu er lokið hjá íslenska utanríkisráðuneytinu. Unnið hefur verið málefnayfirlit, og helstu umfjöllunarefni öryggisráðsins greind. Fram kom í ræðu Ingibjargar Sólrúnar á Alþingi nýverið að 31 átakamál standi upp úr, og sex meginmálaflokkar.

„Komi til þess að við náum kjöri, þá fullyrði ég að við verðum tilbúin og með báða fætur á jörðinni,“ sagði Ingibjörg Sólrún.



FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

**FIMMTA GREIN AF FIMM**

## FYRIRMÆLI DAVÍÐS ODDSSONAR SKÖÐUÐU FRAMBOÐ ÍSLANDS

Íslensk stjórnvöld ákváðu að sækjast eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á árunum 2009 til 2010 fyrir hátt í tíu árum síðan, í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, þegar Halldór Ásgrímsson var utanríkisráðherra.

Það er því sérkennileg staðreynd að vinna við framboðið hafi legið niðri í heilt ár eftir að Davíð tók við af Halldóri sem utanríkisráðherra, samkvæmt beinum fyrirmælum Davíðs. Óumdeilt er meðal heimildarmanna Fréttablaðsins að það hafi haft verulega skaðleg áhrif á framboðið.

Davíð lýsti efasemdum um framboðið á Alþingi í apríl 2005, og fóru orð hans eins og eldur í sinu um SÞ, segir heimildarmaður sem tengdur var framboðinu á þeim tíma. Vegna stöðu sinnar í dag vill hann ekki koma fram undir nafni.

Fulltrúar Austurríkismanna og Tyrkja hentu ummæli Davíðs á lofti, og sögðu hik komið á Ísland. Heimildarmaður sem vel þekkir til segir að engin ríki hafi veitt vilyrði fyrir stuðningi í tólf mánuði. Á sama tíma hafi Austurríki og Tyrkland fengið vilyrði fyrir stuðningi hjá fjölmörgum ríkjum.

Eftir að Geir H. Haarde tók við sem utanríkisráðherra hófst vinna við framboðið að nýju, en með hófsamari hætti, og minni fjárútlátum en áður. Þeirri stefnu héldu þær Valgerður Sverrisdóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir þegar þær tóku við embætti utanríkisráðherra.

Ekki náðist í Davíð Oddsson við vinnslu greinarinnar.

**Thai** box námskeið hefst hjá Baðhúsinu 13. maí. Innfalið í námskeiðinu eru tveir lokaðir tímar á viku, frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal og mælingar og vigtun við upphaf og lok námskeiðs, uppskriftahefti og fleira. Námskeiðið er fjögurra vikna langt. Allar nánari upplýsingar á www.badhusid.is.



**Sólveig** Eiríksdóttir hjá Himneskri hollustu stendur fyrir byrjendanámskeiði 19. maí ætlað þeim sem vilja endurskoða mataræði sitt og nota hollari hráefni í matargerðina. Á námskeiðinu er þátttakendum kennt að útbúa einfalda og fljótlega grænmetis- og eftirrétti. Nánari upplýsingar í síma 554 7273 eða á eða www.himneskt.is.

**Aðhaldsnámskeið** ætlað konum hefst í Árbæjarþreki í dag en skráning er enn opin. Námskeiðið verður kennt þriðju- og fimmtudaga í sex vikur, en þriðji tíminn verður felldur inn í opinn tíma. Á námskeiðinu verður boðið upp á fitumælingu, vigtun og fróðleik sem tengist heilsurækt. Kennsla í tækjasal er innifalin. Nánari upplýsingar og skráning í síma 567 6471.



HÚSGAGNA LAGERSALA
Engar Verðhækkanir!
Allar vörur á gamla genginu
FRAMLEIÐUM
Sófasett ,hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.
Opið í dag frá 12-16
Visa/Euro/K-lán /Raðgreiðslur
Almennur opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16
Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Slitsterk og endingargóð gúmmíbelti undir flestar gerðir mini og midi beltavélar



VÉLAVER HF
www.velaver.is
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600



Hrafnhildur á toppi Hvannadalshnúks í blíðskaparveðri. MYND/HRAFNHILDUR TRYGGVADÓTTIR

# Gengið á hæsta tind

***Hrafnhildur Tryggvadóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, gekk á hæsta tind Íslands í blíðskaparveðri.***

Hrafnhildur er bókasafnsfræðingur hjá menntamálaráðuneytinu og er mikil útivistarkona. Hún hefur gengið margar af helstu gönguleiðum landsins og þannig eru Hornstrandir, Laugavegurinn og Fjörður á afrekaskránni og stefnan sett á Lónsöræfin á næstu misserum.

„Ég hef mjög gaman af því að ganga og reyni yfirleitt að fara eina sumarleyfisferð á ári. Í október byrjaði ég svo í hlaupahóp í Laugaskokki og æfi með honum þrisvar til fjórum sinnum í viku," segir Hrafnhildur. „Lengst hef ég hlaupið sautján kílómetra á æfingu en ég hleyp yfirleitt svona um tíu til þrettán kílómetra. Svo stefni ég á að hlaupa hálft maraþon í haust og ætla að hefja undirbúning fyrir það í sumar."

Fyrir tveim vikum gekk Hrafnhildur svo á hæsta tind landsins. „Mér bauðst að fara á Hvannadalshnúk með vinkonu minni og vinnufélögum hennar. Ég fór tvær æfingaferðir upp Esjuna til að prófa formið aðeins, en svo voru hlaupin líka ágætis undirbúningur."

Gangan sjálf tekur um sextán tíma í heildina og ætlaði hópurinn sér að leggja af stað aðfaranótt laugardags. Veðrið setti strik í reikninginn svo göngunni var frestað og lagt af stað eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

„Við gengum fyrstu klukkutímana í myrkri sem var mjög spennandi og gaman að sjá þegar birti allt í kring. Það var líka ágætt að sjá ekki til að byrja með hvað maður átti eftir að labba langt. Í 1.100 metra hæð vorum við fest í línu og svo var mallað rólega áfram."

Hvannadalshnúkur er um 2.110 metrar á hæð og er hæsti tindur á landinu. Hópurinn var heppinn með veður á göngunni og náði toppnum klukkan tíu um morguninn. Hrafnhildur segir stemminguna hafa verið frábæra.

„Stemningin á toppnum var mjög skemmtileg. Ekki eitt ský á himni og sást yfir allan heiminn að manni fannst. Ég væri til í að fara aftur og þá í minni hóp bara til að njóta betur tilfinninganna þarna uppi."

*heida@frettabladid.is*

MAÍ
Kafbátur mánaðarins
Skinkubátur
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
SUBWAY
6 tommu bátur
329 kr.
Gildir í maí 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna
HjartaHeill

SUBWAY í fínu formi

**Gönguskór** þurfa að vera góðir þegar gengið er yfir urð og grjót. Ekki er verra ef neðri hlutinn er gúmmíklæddur svo hægt sé að vaða ár.




Slendertone Total Body Massage
nudd sem virkar...
6 nuddkerfi
· Kneading Massage
· Swedish Massage
· Shiatsu Massage
· Deep Tissue Massage
· Athletes Massage
· Power Massage
verð kr. 16.990
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
SLENDERTONE
Slökun - vellíðan - innri ró

Betri heilsa
Ert þú í líkamlegu eða andlegu ójafnvægi ?
svæðanudd gæti hjálpað þér
Ásta svæðanuddari
upplýsingar og pantanir í síma 848-7367

Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?
Námskeið með Ebbu Guðnýju í hvernig útbúa á einfaldan og næringarríkan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri. Hvaða fæðutegundum er gott að byrja og hvenær? Námskeiðið nýtist einnig vel þeim sem eru með eldri börn. Nýjar uppskriftir fylgja með og verða nokkrir réttir útbúnir á staðnum og allir fá að smakka.
Miðvikudaginn 13. apríl kl. 20-22 í Heilsuhúsinu Lágmúla
Að auki verður bókin **Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?** seld með 20% afslætti á námskeiðinu. Námskeiðið kostar 3000 kr. Upplýsingar og skráning fer fram í síma 694 6386 og á netfanginu ebbagudny@mac.com
Ebba Guðný
náttúrulega heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla & Selfossi


# Bakvænt og betra Pilates

***Um næstu helgi halda virtustu Stott Pilates-kennarar Evrópu námskeið í Reykjavík.***

„Stott Pilates er afbrigði af upprunalega Pilates-æfingakerfinu, þróað af Moiru Merrithew fyrir tuttugu árum, en Moira fékk lækna og sjúkraþjálfara til að yfirfara æfingarnar til að gera þær bakvænni, í samræmi við nútímaþekkingu á lífeðlisfræði. Með því var þörf á einstaklingsmiðuðu Pilates betur svarað, en Moira lærði hjá Romönu Kryzanowska, arftaka frumkvöðulsins Josephs Pilates,“ segir Anna Sólveig Smáradóttir sjúkraþjálfari og félagi í nýstofnuðu félagi Stott Pilates-kennara á Íslandi. Félagið stendur fyrir komu Michaels og Karenar Christiansen til landsins, en þau hjón eru með virtustu Stott Pilates-kennurum veraldar.

„Stott Pilates hentar jafnt sjúklingum í endurhæfingu sem íþróttafólki í toppformi. Hver og einn fer á sínum hraða upp erfiðleikastigin því æfingar eru í mörgum afbrigðum og auðvelt að aðlaga þær að hverjum fyrir sig,“ segir Anna Sólveig. Hún notar Stott Pilates á skjólstæðinga sína á Reykjalundi og hefur kennt hópum Pilates á Akranesi síðastliðin ár.

„Æfingarnar ná til vöðva sem fólk notar ekki alla jafnan, en æfingakerfið byggir á stöðugleikaþjálfun mjaðma- og axlagrindar. Rík áhersla er lögð á eflingu líkamsvitundar og öllum hollt að fara á eitt Pilates-námskeið því lærdómurinn nýtist áfram í aðra þjálfun þar sem fólk verður meðvitaðra um að nota grindarbotn, axlargrind og djúpvöðva í maga og baki, ásamt því að tengja æfingar daglegum störfum í standandi og sitjandi stöðu. Markmið Pilates er ekki síst að bæta líkamsstöðu fólks með því að nota miðstöðu liða í æfingum, “ segir Anna Sólveig, sem bætti við ársnámi og þjálfun í Stott Pilates eftir sjúkraþjálfunarnámið við Háskóla Íslands.



Anna Sólveig Smáradóttir, sjúkraþjálfari og Stott Pilates-kennari, með þyngdarbolta sem eru notaðir í Stott Pilates-æfingum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Námskeið helgarinnar eru ekki réttindanámskeið heldur hluti af kröfu um endurmenntun Stott Pilates-kennara. Þau eru hins vegar opin öllum þeim sem kenna leikfimi og íþróttir, og vilja tileinka sér nýjar og einstaklingsmiðaðar æfingar. Úrval námskeiða er bæði spennandi og fjölbreytt, allt frá æfingum með stóra æfingar- og þyngdarbolta, helgaðar teygjum, konum á meðgöngu og konum eftir barnsburð.“

Skráning á námskeið er í síma 894-1806 og netfanginu stottpilates@medanotunum.is. Nánari upplýsingar um Stott Pilates á www.stottpilates.com. *thordis@frettabladid.is*


kristy.is
Póstsendum um land allt
Sími: 437 1234
VICTORIA'S SECRET
Bath & Body Works
JONATHAN

HEILBRIGÐ MELTING ER UNDIRSTAÐA GÓÐRAR HEILSU
*Probiotic blöndurnar eru sérstaklega hannaðar með tilliti til viðhalds og endurnýjunar heilbrigðrar meltingar sem aftur leiðir til betri heilsu!*

**Super 5** – *Fyrir munnheilsuna*
Inniheldur fimm tegundir vinveittra gerla sem eru gagnlegir fyrir munnhirðu. Vernda gegn þrusku, særindum í gómi, tannskemmdum, vefjaskemmdum og andfýlu.

**Super 8** – *Gegn sveppasýkingu*
Inniheldur 8 tegundir vinveittra baktería sem koma jafnvægi á gersveppinn og óþéttan meltingarveg. Einnig góð gegn sýkingu í leggöngum og þvagfærum.

**Advanced Adult's Blend**
– *Fyrir 60 ára og eldri*
Inniheldur sérhæfðan gerlahóp sem er sérstaklega ætlaður eldra fólki og valdir með tilliti til lakrar starfsemi ristilsins og lífaldurs. Bætir meltingu próteina kolvetna og fitu.

**Adult's Blend**
– *Fyrir yngri en 65 ára*
Inniheldur 12 billjónir vinveittra gerla til að viðhalda eðlilegri flóru hjá fullorðnu fólki. Bætir frásog næringarefna, eflir meltinguna, takmarkar virkni örvera, sýkla og sjúkdómsvaldandi baktería.

**Infant´s Blend**
– *Fyrir ungabörn og smábörn*
Inniheldur 7 tegunda sérhæfðan gerlahóp sem viðheldur eðlilegri flóru í ungum börnum. Inniheldur B.infantis, mikilvægustu örverurnar í meltingarvegi ungbarna og smábarna.

**Góðu gerlarnir til höfuðs þeim vondu**
***Probiotic*** eru nákvæmar samsetningar sérhæfðra gerlahópa fyrir mismunandi aldursskeið, lífsstíl og ástand. Regluleg inntaka Probiotic kemur m.a. jafnvægi á gerlagróðurinn, jafnar ástand meltingarvegarins og eykur hæfni hans við upptöku á næringarefnum.

Probiotics fæst í Lyfju, Heilsuhúsinu, Heilsuhorninu Akureyri, Samkaup Úrval Njarðvík og Blómaval.

heilsa –hafðu það gott

O&K þjónusta

# Þjónustuaðili:

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 6670 • FAX 555 6671 • velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.

Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.

# verktakar

ÞRIÐJUDAGUR 6. MAÍ 2008



Fyrirtækið Onno ehf.

**sérhæfir sig í teikni- og þrívíddarvinnslu**

BLS. 6




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



„Allir vegir færir“

*„Glanni ehf. sér um vöruflutninga á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur og þurfum við að geta treyst á að ökutæki okkar séu í fullkomnu lagi. Þegar við höfum þurft að kaupa nýja bíla hefur verið gott að leita til ráðgjafa Lýsingar sem hafa greitt leið okkar og leiðbeint okkur við fjármögnun. Með hjálp starfsfólks Lýsingar eru okkur allir vegir færir.“*

**Agnar Þór Sigurðsson og Bjarni Kristján Gunnarsson, Glanni ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500




Hér má sjá uppsettan útsetningarbúnað fyrir byggingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




Margar vinnuvélar hjá Ístak eru búnar Trimble-þrívíddarkerfum frá Ísmar. MYND/ÍSMAR

# Aukin hagkvæmni og framleiðni

**Ísmar er eina fyrirtækið á íslenskum markaði sem sérhæfir sig í tækjabúnaði til landmælinga, vélstýringa og lasertækni fyrir verktaka, verkfræðistofur og ríkisfyrirtæki.**

„Við hjá Ísmar seljum og leigjum út fjölbreyttan tækjabúnað til verktaka, verkfræðistofa og ríkisfyrirtækja; þar á meðal hugbúnaðarlausnir, mælingatæki fyrir mannvirkjagerð, lasertæki, gpsstaðsetningartæki, hallamálstæki og vélstýringar sem byggja á staðsetningartækni,“ segir Jón Tryggvi Helgason, framkvæmdastjóri Ísmar. Það var stofnað árið 1982 en fyrirtækið byggir á reynslu ellefu starfsmanna, sem flestir hafa áratuga reynslu á þeim sviðum sem fyrirtækið vinnur á.

„Vélstýringar eru mikið notaðar af íslenskum verktökum. Þær hafa sannað sig með aukinni framleiðni og hagkvæmni véla og fyrirtækja. Með vélstýringu er átt við leiðbeinandi kerfi fyrir gröfur, jarðýtur, veghefla og fleiri vinnuvélar. Þá stýrir vélamaður vél sinni eftir skjá þar sem verk hefur verið sett inn sem módel í búnaðinn. Einnig getur vélstýring tengst glussakerfi jarðýtu eða veghefils sem þá stýrir tönninni algjörlega sjálfvirkt,“ útskýrir Jón Tryggvi.

„Það nýjasta hérlendis er gæðastýringarkerfi fyrir vinnuvélar sem gerir verkstjórum kleift að fylgjast með hvar tækin eru í vinnu, hvað þau eru að gera og hvort þau skili þeim afköstum sem ætlast er til af þeim. Búnaðurinn er fyrirferðarlítill, sendir þráðlaus samskipti í gegnum GSM-síma yfir í móðurstöð, þaðan sem hugbúnaður reiknar út þær upplýsingar sem leitað er eftir og setur fram á þægilegan hátt fyrir verkstjórnandann svo hann sjái hvernig vélarnar eru raunverulega að vinna,“ segir Jón Tryggvi og bætir við að gæðastýringarkerfi séu hentug fyrir fyrirtæki sem hafa mikinn fjölda vinnuvéla á sínum snærum.

„Oftast vita menn hvar vélarnar eru, en minna um framleiðni vélanna; hvort hún sé eðlileg eða léleg. Afköst geta stafað af ókunnri bilun en búnaðurinn finnur út úr því og hefur virkilega skilað sér í aukinni hagkvæmni og betri rekstri hjá fyrirtækjum,“ segir Jón Tryggvi. Hann bendir jafnframt á að Ísmar hafi á dögunum opnað fágæta þjónustu fyrir mælingamenn og verktaka á suðvesturhorni landsins.

„Fyrir réttum mánuði opnaði samgönguráðherra stórtæka GPS-gagnaveitu sem byggir á fjórum stöðvum sem eru í Reykjavík, á Keflavíkurflugvelli, í Borgarnesi og á Selfossi, auk sjálfstæðrar stöðvar á Akureyri, en með gagnaveitunni á suðvesturhorninu veitum við verktaka innan svæðisins þjónustu á þann hátt að nú geta þeir sem mæla fyrir mannvirkjum farið með sitt GPS-staðsetningartæki á mælistað, náð sambandi við okkar móðurtölvu og mælt með sentimetranákvæmni hvar sem er á öllu þessu afmarkaða og stóra svæði. Þessu hafa menn tekið fagnandi, en þetta er í fyrsta sinn sem sams konar GPS-gagnaveita er sett upp á Íslandi og fleiri stöðvar eru í farvatninu.“




Jón Tryggvi Helgason er framkvæmdastjóri Ísmar ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Þess má geta að hin síðari ár hefur Ísmar haslað sér völl á sviði umferðaröryggis og býður margvíslegan búnað til vegamerkinga, merkinga á vinnusvæðum, auk fjölbreytts búnaðar til löggæslu og býður lausnir á því sviði frá þekktum framleiðendum. *-þlg*




Allt til rafsuðu

Þú færð allt til rafsuðu hjá okkur tæki, vír og fylgihluti

Ýmis tilboð í gangi

Danfoss hf

Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • www.danfoss.is

# ERTU FLJÓT(UR) AÐ SKRÚFA?

## VILT ÞÚ VINNA FERÐ Á FORMÚLU 1 KEPPNI Í MONZA Á ÍTALÍU?




**Það eina sem þú þarft að gera er að skrúfa 5 skrúfur í sérstakan keppnisstand, hver keppandi fær tvær tilraunir. Besti tími dagsins gefur borvél og besti tími mánaðarins gefur utanlandsferð á FORMÚLU 1 keppni sem haldin er í Monza á Ítalíu. Allir keppendur fá Pepsi Max og Doritos í boði Ölgerðarinnar.**

**Aldustakmark er 18 ár.**
**Nánari upplýsingar eru á www.sindri.is.**

**Við verðum á eftirfarandi stöðum:**

DAGSKRÁ

| Dags. | Staður | Staðsetning | Tími |
|---|---|---|---|
| 6. maí | Akranes | Skagaver | 12-15 |
| 7. maí | Ísafjörður | Byggingavöruv. Núpur | 12-15 |
| 8. maí | Sauðárkrókur | Á Flæðunum | 12-15 |
| 9. maí | Akureyri | Johan Rönning | 12-16 |
| 13. maí | Húsavík | Öryggi | 12-15 |
| 14. maí | Egilsstaðir | JG Bílar | 12-15 |
| 14. maí | Reyðarfjörður | Johan Rönning | 17-19 |
| 15. maí | Höfn | Við Hafnarbraut | 12-15 |
| 16. maí | Selfoss | Johan Rönning | 12-15 |
| 17. maí | Vestmannaeyjar | Geisli | 12-15 |
| 21. maí | Reykjanesbær | Johan Rönning | 12-15 |
| 22. maí | Hafnarfjörður | Sindri Bæjarhrauni | 12-16 |
| 23. maí | Reykjavík | Sindri Viðarhöfða | 12-16 |
| 24. maí | Reykjavík | Sindri Viðarhöfða | 11-16 |

**Komdu og kíktu á frábær tilboð á meðan á keppninni stendur.**

SINDRI

www.sindri.is

# Fyrr komin með veðhæft hús



Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri steypu- og einingaverksmiðjunnar Borgar, segir forsteyptar einingar þægilegri lausn þegar steinsteypt hús eru byggð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Forsteyptar einingar eru sífellt að sækja í sig veðrið og nú er nánast hægt að byggja hvað sem er úr þeim.**

„Hérlendis hafa forsteyptar einingar verið notaðar í tugi ára. Okkar framleiðsla hófst hins vegar vorið 2005 en þá var gríðarleg eftirspurn á markaðnum og löng bið. Í dag hafa afköstin aukist það mikið að biðtíminn er mun skemmri, enda er öflug afkastageta okkar sérstaða,“ segir Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri steypu- og einingaverksmiðjunnar Borgar. „Við leggjum mikið upp úr gæðavinnu og þar höfum við verið að ná góðum árangri í steiningaráferð sem er mjög vinsæl um þessar mundir.“

Starfsemi Borgar er tvíþætt og ber þar fyrst að nefna framleiðslu og hönnun á forsteyptum einingum og reisingu þeirra á byggingastað. Hins vegar er það steypusala úr steypubílum. Að sögn Hermanns eru viðskiptavinir bæði einstaklingar sem eru að byggja fyrir sig sjálfa og til að selja öðrum, auk byggingaverktaka.

„Þróun í framleiðslutækni hefur orðið gríðarleg síðastliðin ár og í dag getur fólk komið með teikningar og fengið nánast hvað sem er úr forsteyptum einingum,“ útskýrir Hermann. Einingarnar hafa verið notaðar til að byggja allt frá einbýlishúsum og iðnaðarhúsnæði upp í margra hæða blokkir og er annar tveggja valmöguleika þegar byggja á steinsteypt hús.



Hermann segir að einingarnar hafi verið notaðar til að byggja allt upp í margra hæða blokkir.

„Annars vegar er hægt að nota forsteyptar einingar eða slá upp fyrir mótum á byggingastað. Þegar steypt er á staðnum þarf mannskap í það, auk þess sem kaupa þarf hverja einustu skrúfu og járnbút. Þessu fylgir mikið utanumhald og þá er hætta á að kostnaður fari úr böndunum. Með forsteyptum einingum komum við með einingarnar á staðinn og reisum þær. Síðan tekur viðskiptavinurinn við lokafrágangi með undirverktakta,“ segir Hermann og bætir að einingarnar séu ekki dýrari valkostur. „Einingarnar hafa verið að sækja gríðarlega í sig veðrið. Sérstaklega eins og árferðið er núna þar sem fjármagn er af skornum skammti og fólk þarf virkilega að rýna í aurinn. Þá er fjárbindingin miklu skemmri og þú ert fyrr komin með veðhæft hús.“ Nánari upplýsingar: www.evborg.is *- rh*

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004
MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.
HANN ER GRIMMUR!
MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER
SKOTBÓMULYFTARI
**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.

- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager
MANITOU
PON
PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is



Pétur Pétursson og Ásgerður Ágústsdóttir á innkaupadeild Landsvirkjunar opnuðu tilboðin 2. maí. MYND/LANDSVIRKJUN

# Ístak með lægsta boð

Tvö tilboð bárust Landsvirkjun nýlega í lokaverkþátt við Hraunaveitur. Sá verkþáttur er síðasti hluti hins stóra verkefnis við Kárahnjúkavirkjun sem oft hefur verið nefnt „stærstu framkvæmdir Íslandssögunnar“. Tilboðin voru frá Ístaki og Suðurverki. Ístak bauð 2.676 milljónir króna en Suðurverk 3.552. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 2.965 milljónir.

Í þessum lokaverkþætti er um að ræða vinnu við Kelduárstíflu, Grjótárstíflu, stíflu í Innri-Sauðá, steyptan þröskuld í Sauðárvatn og veituskurði og göng á milli stíflna. Fyrirtækið Arnarfell hefur unnið síðustu ár við gerð Ufsarstíflu og jarðganga frá henni. Arnarfell hafði einnig þessi verk á sinni könnu en lenti í rekstrarerfiðleikum og í byrjun þessa árs tók Landsvirkjun við verkefninu. Hún stofnaði um það dótturfélag, Hraunaveitu efh. Til þess fyrirtækis réðust langflestir þeirra starfsmanna sem áður höfðu unnið hjá Arnarfelli á svæðinu. Nú var það Hraunaveita ehf. í heild sem var boðin út en Ístak bauð bara í verkið. Að sögn Kristins Eiríkssonar framkvæmdastjóra Hraunaveitu hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort tilboði Ístaks verði tekið. „Við erum að byrja að skoða gögnin,“ segir hann. *- gun*



Guldmann™

# Fremstir í vinnuvernd

***GH2*** loftfest lyftukerfi frá ***Guldmann*** er viðurkenndur og sjálfsagður búnaður til notkunar í húsnæði ætlað öldruðum og hreyfihömluðum.

- GH2 lyftukerfið eykur hagkvæmni og öryggi
- Eirberg býður sérhæfðar lausnir við nýbyggingar og endurbætur
- Veitum verktökum og rekstraraðilum ráðgjöf sem byggir á góðri reynslu

Eirberg

Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • sími 569 3100 • www.eirberg.is

**Viðhaldsfríar**

# ÞAKRENNUR

*Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur.*

*Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.*

*Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.*

*Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.*

**Hágæða**

## Varmaskiptasamstæður loftræstistokkar og tengistykki



HAGBLIKK ehf.

*Smiðjuvegi 4C*
*Box 281 202 Kópavogur*
*Sími 587 2202 Fax 587 2203*
*hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is*

# Framtíðarsýn á byggingar



Þrívíddarmynd af Lundi 1 sem BYGG ehf. er með í smíðum.

**ONNO ehf. sérhæfir sig í teikni- og þrívíddarvinnslu meðal annars fyrir verktaka, arkitekta og fasteignasölur.**

„Við tökum við teikningum frá arkitektum og verkfræðingum og búum til sölugögn. Þetta eru litaðar grunnmyndir, skilti á byggingastaði, þrívíðar myndir, hreyfimyndir og vefir. Helstu viðskiptavinir okkar koma úr byggingabransanum og eru til dæmis verktakar og fasteignasölur,“ segir Þórður Magnússon, annar eigenda og framkvæmdastjóri teikni- og þrívíddarvinnslunnar ONNO ehf., sem hefur verið starfrækt frá árinu 1996.



Dæmi um skurðmynd af íbúð.

Starfsemin er að sögn Þórðar margþætt og ferlið einnig misjafnt eftir verkefnum. „Við hönnum ekki húsin heldur fáum gögn frá arkitektum. Síðan gerum við þessi gögn aðgengilegri með því að einfalda þau og setja þau fram í þrívídd. Stundum komum við inn á frumstigum ferlisins og síðan aftur þegar arkitektinn hefur lokið sínu. Þá gerum við söluefni sem síðan er hægt að kynna í fjölmiðlum og fyrir tilvonandi viðskiptavinum,“ útskýrir Þórður, sem hefur tekið að sér alls kyns verkefni, allt frá húsgögnum, einbýlishúsum og sumarbústöðum upp í heilu hverfin og virkjanirnar.

„Þegar á að byggja ný hús eða breyta í grónum hverfum höfum við til dæmis teiknað inn fyrirhugaðar breytinga. Þetta er síðan hægt að kynna hagsmunaaðilum svo fólk eigi auðveldara með að átta sig á fyrirhuguðum breytingum. Síðan vinnum við líka í nýjum hverfum og þar get ég til dæmis nefnt Kársnes-, Sjálands- og Urriðaholtshverfið. Það er orðið algengara að fólk vilji láta teikna einbýlishús og sumarbústaði því þarna er verið að eyða miklum fjármunum og þá er náttúrulega auðveldara að breyta teikningum heldur en að mölva niður veggi sem er búið að steypa,“ segir Þórður.

Nánari upplýsingar á www.onno.is.

*-rh*



Þrívíddarmynd af raðhúsi sem verið er að byggja í Akralandi.



Þórður Magnússon hjá ONNO segir mikla aukningu í starfsemi fyrirtækisins.



Dæmi um þrívíddargrafík af íbúð að innan.


*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**







ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR GERÐIR VÖRU- OG FLUTNINGABÍLA

**TRUCK - LITE**

**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**

ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST

et EHF VERSLUN

Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844



*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*

**Vinnustaðir - íþróttahús**

Eigum fyrirliggjandi ódýra, læsanlega skápa fyrir föt eða persónulega muni.

**Verðdæmi: 5 skápar í röð kr. 40.910 + vsk**



MECALUX

STRAUMUR HRAÐBERG

Höfðabakki 9 • Sími 544 5330 • Fax 544 5355
straumur@straumur.is


Iðnaðarhurð


Rúlluhurð


Vörulyftur og veðurhlífar


Hraðlyftihurð


Eldvarnarhurð


Hlið

HÖRMANN

**Hjá Glófaxa færðu: Iðnaðarhurðir, bæði sem flekahurðir og rúlluhurðir.**

**Iðnaðarhurðir, með gönguhurðum, með eða án þröskulds. Í hurðunum eru gluggar ísettir plastrúðum sem rispast ekki.**

**Einnig fást eldvarnar- ,öryggis- og bílskúrshurðir.**

**GLÓFAXI ehf.**

Ármúla 42• Sími 553-4236 / 553-5336
Fax 588-8336 • glofaxi@simnet.is

# SANY VINNUVÉLAR

**Komdu og kynntu þér beltagröfur og veghefla frá SANY. Einnig fleygar frá FRANK og skóflur smíðaðar hjá Vélsmiðju Guðmundar.**




Vélsmiðja Guðmundar // Íshellu 10 // Hafnarfjörður // Sími 564-1539 // www.sany.is

## Rafstöðvar og vatnsdælur



Rafstöðvar 1-3ja fasa, 1-10 kwa Ultra silent. Ath, höfum einnig mjög handhægar rafstöðvar 1kwa aðeins 14kg og 2kwa 22kg , tilvaldar fyrir ferðamenn, verktaka og iðnaðarmenn.Höfum einnig mjög meðfærilegar og liprar vatnsdælur 3" 30-52 kg dísel og bensín.



## Hjólkoppar á vörubíla og sendibíla

15"-22,5"



## Ljósagrindur í grill

fyrir: Scania, Volvo, Man og Mercedes Bens





## Startarar og alternatorar

fyrir flestar gerðir fólksbíla, vörubíla og vinnuvéla. Einnig varahlutaþjónusta

LJÓSBOGINN ehf.

Bíldshöfði 14 • Sími 553 1244 • ljosboginnehf@simnet.is


SKF
... ekki bara legur !!
DRIFKEÐJUR
VERKFÆRI
REIMAR
ÁSTENGI
TANNHJÓL
REIMSKÍFUR
KLEMM-
FÓÐRINGAR
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
www.landvelar.is S. 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288

## Spádómar







**Alspá**
**445 5000 & 823 8280**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

**Símaspáin.**
Ný tækifæri, vinnan, fjármálin, ástarmálin, heilsan - fjarheilun/fyrirb. Spák. Yrsa. 908 6414 (199 mín.) 553 5395 (173 mín.Visa/MC). Símat. 10-24. Hringdu núna!

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir alla daga eftir kl. 16.00.

**Hanna**
Bóka þessa viku í einkatíma milli kl. 14-16. S. 847 7569.

## Rafvirkjun




**RafList**

**Löggildir rafverktakar**
**Getum bætt vid okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, vidhaldsvinna, og fagleg ráðgjöf.**
**Uppl. í s. 823 8860 & 696 0502.**
**www.raflist.is**

## Trésmíði

**Sólpallar og parket**
Tökum að okkur að smíða sólpalla, leggjum parket, múrverk úti og inni, gifsum ofl. Uppl. í s. 847 2209.







**Seljum og leggjum parket**
Tökum að okkur lagningu, slípun, lökkun ofl. á parketi, eigum margar tegundir af gegnheilu parketi til sölu. Hröð og góð þjónusta. S. 659 7596

## Viðgerðir




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Önnur þjónusta

**E.P. Service.**
I offer all kinds of investigations and detactions. Exspecali stange cases. Tel. 860 8439 GJ.




Tökum að okkur alla almenna jarðvegsvinnu. Erum með 16t hjólagröfu 3,5t gröfu með brotfleyg. Föst tilboð eða tímavinna. S. 894 0210 Guðmundur & 849 9571 Páll.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is




5-7 kíló á 9 dögum með Aloe Vera, nánari uppl. í síma 6978928 Sigríður



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is



LR-heilsukúrinn er ótrúlega einfaldur og auðveldur. Léttist um 22 kg á aðeins 6 mánuðum. Uppl. Dóra 869-2024 www.dietkur.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

NUDD Heilnudd, slökun og vellíðan (ekki erótískt) S: 690-8876

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

Whole body massage Telepone 841 8529.

## Námskeið

Jóga & Vellíðan á Reykholti www.icelandyoga.com S. 435 1260

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Skartgripanámskeið**
Vinnum með silfur og íslenska steina. Síðustu námskeiðin í vor. Uppl. í s. 823 1479 Vífill.

## Ökukennsla

Aðstoða við endurtökupróf og akstursmat. Kenni allan daginn alla daga. Uppl. í s. 893 4515.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Til sölu AEG uppþv. 1 árs, mjög lítið notuð. Kostar ný í dag 128 þ. s. 568 5285 og 823 0761.

# BÍLAR TIL SÖLU



# Ekki leita lengra. Komdu við hjá okkur!
# Bílaland Selfossi



**Volvo XC90 Dísel**
Nýskr 21.03.05,ekinn 81þ.
Sjálfsk, leður off ofl.
Verð 5.250.000.-



**Land Rover Discovery III**
Nýskr 15.05.06,ekinn 38þ.
Sjálfsk, topplúga ofl.
Verð 7.290.000.-



**Hyundai Tucson**
Nýskr 26.04.05,ekinn 56þ.
Beinskiptur.
Verð 2.260.000.-



**Saab 9-5**
Nýskr 01.09.06, ekinn 21þ.
Sjálfsk,leður,cruise ofl.
Verð 3.350.000.-



**Renault Megane II**
Nýskr 10.11.03,ekinn 56þ.
Beinskiptur.
Verð 1.390.000.-



**Hyundai Santa Fe**
Nýskr 21.06.02,ekinn 123þ.
Beinsk, 4x4.
Verð 1.680.000.-



**Hyundai Getz II Dísel**
Nýskr 02.01.07,ekinn 32þ.
Beinsk,dísel.
Verð 1.850.000.- LP539



**Hyundai Getz Sport**
Nýskr 29.06.04,ekinn 48þ.
Beinskiptur.
Verð 1.180.000.-



**BMW 316i**
Nýskr 25.02.05,ekinn 61þ.
Sjálfskiptur.
Verð 2.590.000.-



**Renault Megane II Sport Tourer**
Nýskr 25.05.04,ekinn 61þ.
Beinskiptur.
Verð 1.450.000.-



**Range Rover Sport HSE 4,4**
Nýskr 08.07.05,ekinn 35þ.
Sjálfsk,toppl, off ofl.
Verð 7.900.000.-



**Hyundai Starex**
Nýskr 01.06.06,ekinn 50þ.
Beinsk,7manna,dísel,4x4.
Verð 3.530.000.-



**BMW 520I**
Nýskr 15.04.05,ekinn 37þ.
Sjálfsk,leður off ofl.
Verð 4.580.000.-

bíla land
bilaland.is
Hrísmýri 2a Selfoss
575 1460

## Dýrahald



Púðar , Snyrtiborð , Blásarar , Ódýr Búr . Nýjar vörur www.liba.is

**Solid Gold**
**Hunda-og kattamatur.**

**1,8 kg. 1.450-**

**6,8 kg. 3.390-**

**14,8 kg. 5.980-**

**Ný sending, óbreytt verð. Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp. www.dyrabaer.is**

Gullfallegur Border Collie rakki til sölu. Er 12 mánaða og er heimilisvanur. Mikill herrahundur. 35 þús. Uppl. 8615777

Falleg 5 mánaðar labrador/bordorcolli tík fæst gefins. Rúmgott búr fylgir með. S. 693 2436.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Ýmislegt



**30% afmælisafsláttur af Beachcomber - Kanadískir heitir pottar**
**100% framleiddir í Kanada. Sendum bæklinga samdægurs. Visa/Euro greiðslur til allt að 36 mánaða.**
**Opið alla daga frá 09 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is**

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska



Leðurjakkar kr. 29,950 svartir og brúnir. Leðurbuxur kr. 23.500 og kr. 23.950 svartar og brúnar.
Tito.is - Súðarvogi 8 - Gsm 861-7388

## Ferðalög

Spánn, til leigu í La Marina fallegt raðhús. Laust 5-25 júní og 24 júlí - 9 ágúst. www.lamarina.draumaeign.com - 770 4077

## Ferðaþjónusta

HVALALÍF



**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

# KEYPT & SELT

## Hljóðfæri

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

## Til bygginga

**Krossviður til sölu**
Birkikrossviður, BB/CP. 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið. Uppl. í s. 895 6594

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m, alheflað timbur 23x147 og 48x98 á 208 og 289 kr/m, allt verð með vsk.Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840-7273, Halldór.

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN-FÖS 12:00-20:00 OG LAUGARS. 12:00-18:00
OG Í HLÍÐASMÁRA Á SUNNUD. 12:00-18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 /587 6969
WWW.TANTRA.IS




Búðarkassi notaður óskast til kaups. sími 661 5621

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Til sölu




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

**Leiguliðar ehf Fossale**
Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar íbúðir til afhendingar fljótlega. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Sjá www.leiguliðar.is eða 517 3440.

Herbergi til leigu með aðgangi að öllu. Í 201 Kópavogi. Uppl. s. 867 3399.

70fm 3ja herb. 107rvk. íbúð til leigu í sumar frá 1jún til 31ágú leigist með húsgögnum. 90þús m/raf og hita. Uppl. s: 8221681

4 herb. 93fm íbúð í 101 til leigu ,íbúðin er öll nýtekin í gegn og hefur allt verið endurnýjað. v.175þ með öllu. 898-3946

4 herb íbúð 101 Rvk., útsýni yfir tjörnina til leigu frá 1.júní. 180þ á mán. Tryggingavíxill s.8690560

Til leigu 3 herb. íbúð til langtímaleigu. Hagstætt verð, tilboð óskast á smaar@frettabladid.is fyrir miðvikudagskv. merkt 456.

3 herb. íbúð til leigu í 112 rvk. Laus strax. Uppl. í s. 895 8183, Óli & 891 8809, Laufey.

Til leigu 4ra herb., 79 fm íbúð í vesturbæ Kópavogs. Íbúðin er á sölu og þarf leigjandi að vera tilbúinn til að taka á móti fasteignasala þegar svo ber undir. Trygging 3 mán og mánaðargr. fyrirfram. Verð kr. 130 þús pr mán, innif. hiti, rafm., hússj. Umsóknir skal senda á ariadne@visir.is

2 herb. falleg íbúð í Fossvogi með öllum húsbúnaði til leigu, laus strax. V. 150 þús á mán. S. 862 6672.

Til leigu 2 & 3 herb. íbúðir í nýju 6 íbúða húsi í Garðinum. Íbúðirnar eru allar með sérinngangi og eru lausar nú þegar. Uppl. í s. 587 1188 & leigufelagid@verkvik.is

## Húsnæði óskast

Óska eftir studio- eða 2. herb íbúð í rvk. Fyrirframgreiðsla. Jónas, s. 698 7305.

Par óskar eftir 2 herb. íbúð, verð 70-100 þ. Skilvísun greiðslu heitið. S. 697 5593.

Par óskar eftir 2ja-3ja herbergja snyrtilegri íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 869 6244.

Par óskar eftir 2ja-3ja herbergja snyrtilegri íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 869 6244.

# ÞJÓNUSTA



## ATVINNA


## Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

## Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.

**Kraftafl ehf**

## PÍPARAR

Erum með vana pípara sem óska eftir mikilli vinnu

**Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf**

## Sunnuhlíð

### Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar

óskast til starfa starfshlutfall er samkomulagsatriði

Sunnuhlíð er heimilislegt hjúkrunarheimili á góðum stað í Kópavogi. Þar búa 69 heimilismenn og að auki eru þar 4 hvíldarinnlagnarpláss.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Dagmar Huld Matthíasdóttir
hjúkrunarforstjóri
Sími 5604163 eða 5604100
Netfang dagmar@sunnuhlid.is
Sjá einnig heimasíðu Sunnuhlíðar
www.sunnuhlid.is


## FASTEIGNIR


# Þarftu að leigja?

Rentus LEIGUMIÐLUN

Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is


## FASTEIGNIR


HÚSIÐ FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 50
(Bláu húsin við Faxafen)
Sími: 513-4300
Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

**Helgubraut 33 - Kóp**
**OPIÐ HÚS í dag 6 maí, frá kl. 18:00 - 19:00**

Frum



Engin útborgun- aðeins yfirtaka lána Frábær lán með vöxtum frá 4,15% Engin lántöku eða stimpilgjöld
Góðar leigutekjur á aukaíbúð

**Stærð: 290 fm Verð: 64,8 m.**

Verið velkomin.


## TIL LEIGU




### Einbýlishús í Danmörku til leigu

Erum með 250 m2 einbýlishús í ***Óðinsvéum*** til leigu í sumar. Rúm fyrir 6 manns auk barnarúma og dýna. Húsið er með öllum nútíma þægindum, uppþvottavél, þvottavél, þurrkara, þráðlausu neti og 50 " flatskjá. Í Óðinsvéum er td frábær dýragarður og HC Andersen hverfi. Stutt er í Lególand og aðeins 160 km til Kaupmannahafnar. Einnig er aðeins 1 og ½ tíma akstur til Þýskalands.
Húsið er leigt út að lágmarki í 2 vikur í senn. Og er leigutímabilið frá 15 júní – 15 sept´08. Sanngjarnt leiguverð.

**Upplýsingar veitir *Ásgeir* í síma 004531788716 / 004566139022**

vísir.is
*"...ég sá það á vísi"*


## FUNDIR / MANNFAGNAÐIR


www.mos.is MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

## Kynningarfundur
## Skeiðholt - Tunguvegur

Kynningarfundur um tillögur að aðal- og deiliskipulagi vegna Skeiðholts og Tunguvegar verður haldinn í Hlégarði þriðjudaginn 6. maí kl. 18:00

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri mun kynna fyrirliggjandi tillögur og umhverfisskýrslur.

Fundurinn er öllum opinn og eru áhugamenn um skipulagsmál hvattir til að mæta

**Tæknisvið Mosfellsbæjar**


## TILKYNNINGAR


## EFTIRLAUNASJÓÐUR SLÁTURFÉLAGS SUÐURLANDS

Boðað er til ársfundar Eftirlaunasjóðs Sláturfélags Suðurlands.
Fundurinn verður haldinn að Fosshálsi 1, 3. hæð, miðvikudaginn 21. maí n.k. kl. 17:00.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings, tryggingafræðilegrar úttektar og fjárfestingastefnu.
3. Kosning fulltrúa í stjórn sjóðsins.
4. Önnur mál.

**Stjórnin**




## Við stöndum upp úr

Atvinnublað Fréttablaðsins er með 60% meiri lestur en atvinnublað Morgunblaðsins miðað við 20–40 ára

Atvinna í boði... ...alla daga



Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjóra

# Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

## Skrifstofa borgarstjóra auglýsir lausa til umsóknar stöðu mannréttindastjóra

**Hlutverk og ábyrgðarsvið**
- Standa vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.
- Undirbúa fundi mannréttindaráðs og fylgja eftir ákvörðunum ráðsins.
- Vinna, ásamt mannréttindaráði, framkvæmdaáætlun mannréttindamála.
- Efla samráð innan borgarinnar í þeim málum sem mannréttindastefnan nær til.
- Eiga samvinnu við stofnanir, félög og önnur sveitarfélög um mannréttindamál.
- Leiða samráð við tilnefnda mannréttindafulltrúa á sviðum Reykjavíkurborgar.
- Taka þátt í samstarfi stjórnenda hjá Reykjavíkurborg.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á eða reynsla af störfum á þessu sviði æskileg.
- Víðtæk reynsla og þekking af opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Stjórnunar-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Tungumálakunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, metnaður til að ná árangri í starfi.

Um er að ræða spennandi og krefjandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling sem er reiðubúinn að sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Borgarstjóri er næsti yfirmaður mannréttindastjóra. Laun eru samkvæmt ákvörðun Kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Umsóknir skal færa inn á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is eigi síðar en 26. maí nk. Upplýsingar um starfið veita Anna G. Ólafsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu borgarstjóra, og Hallur Páll Jónsson, mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar, í síma 411 1111.

*Hlutverk mannréttindaráðs er að sjá til þess að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sé fylgt eftir og hún kynnt. Í því felst vinna að sérstakri framkvæmdaáætlun mannréttindamála í samvinnu við svið og skrifstofur borgarinnar og hagsmunahópa, samhliða starfs- og fjárhagsáætlunum. Enn fremur ber mannréttindaráði að stuðla að þekkingaröflun og miðlun upplýsinga á sviði mannréttindamála.*

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.005 **-3,22%**

**Fjöldi viðskipta:** 467
**Velta:** 5.864 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | +5,88% | **EXISTA** | -4,92% |
| **FLAGA** | +1,19% | **FL GROUP** | -4,68% |
| | | **BAKKAVÖR** | -4,59% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,24 -0,28% ... Bakkavör 34,30 +4,59% ... Eimskipafélagið 22,50 +5,88% ... Exista 11,41 -4,92% ... FL Group 6,31 -4,68% ... Glitnir 16,80 -1,75% ... Icelandair Group 21,80 +0,00% ... Kaupþing 808,00 -3,81% ... Landsbankinn 28,55 -3,71% ... Marel 89,00 -0,45% ... SPRON 4,76 -3,84% ... Straumur-Burðarás 12,38 -2,52% ... Teymi 3,65 -1,35% ... Össur 95,30 -1,24%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Spá 50 prósenta hækkun Össurar

### Veikari króna og lægri vextir á markaðssvæðum Össurar ýta undir hærra verðmat félagsins.

Verð hlutabréfa Össurar á eftir að hækka um 50 prósent á 12 mánuðum gangi ný spá greiningardeildar Landsbanka Íslands eftir. Markgengi félagsins er þar sagt 143 krónur á hlut, en stóð, við lok markaða í gær, í 95,3 krónum.

Hærra verðmat er að stórum hluta tilkomið vegna veikingar krónunnar og lágra vaxta á markaðssvæðum fyrirtækisins. Samkvæmt útreikningum greiningardeildarinnar er réttmætt gengi félagsins um þessar mundir sagt vera 136,6 krónur á hlut.

„Afkoma Össurar á fyrsta fjórðungi fór fram úr væntingum okkar. Heildartekjur tímabilsins námu 95,5 milljónum Bandaríkjadala, sem er í takt við spá okkar um 97,4 milljónir dala. EBIDTA hlutfallið, leiðrétt fyrir einskiptis- og öðrum kostnaði, var hins vegar 19,2 prósent, þar sem við höfðum spáð 16,8 prósentum," segir í nýju verðmati greiningardeildar Landsbankans á Össuri. Hlutfall rekstrarhagnaðar fyrir afskriftir (sem er EBIDTA) reyndist hagfelldara þar sem heildarkostnaður félagsins reyndist minni en ráð var fyrir gert í fyrri áætlunum greiningardeildar bankans.

Mælt er með kaupum á bréfum Össurar og kveðst greiningardeildin bjartsýn fyrir hönd fyrirtækisins. „Þar sem ekki var um að ræða stór kaup á árinu 2007 er bara um að ræða innri vöxt hjá fyrirtækinu á fyrsta fjórðungi." **- óká**



**Í FRAMLEIÐSLUSAL** Greiningardeild Landsbankans mælir með kaupum á hlutabréfum í Össuri í nýju verðmati á fyrirtækinu. MYND/GRÍMUR BJARNASON

# Stýrivextir taldir hækka í maílok

Greining Glitnis spáir því að Seðlabankinn hækki vexti um 0,25 prósentustig til viðbótar, í 15,75 prósent, á næsta vaxtaákvörðunardegi bankans 22. maí næstkomandi.

Verðbólga í apríl mældist 11,8 prósent á ársgrundvelli og hefur ekki verið meiri í tvo áratugi. Greining Glitnis segir að útlit sé fyrir að Seðlabankinn hafi vanmetið verðbólgu á öðrum fjórðungi ársins um 1,5 til 2 prósentustig í þjóðhagsspá bankans sem birt var 10. apríl síðastliðinn. **- bg**



**HÓLMAVÍK** Nú geta sjómenn talað í farsíma við höfnina.

# Farsímavæða Strandirnar

Vodafone gangsetti fjóra nýja senda á Ströndum og í nágrenni á sunnudagsmorgun. Í tilkynningu frá félaginu segir að sendarnir muni bæta verulega farsímasamband á Svalbarða á Vatnsnesi, Ennishöfða í Strandasýslu, á Skeljavíkurhálsi við Hólmavík og á hafnarsvæðinu þar í bæ.

Enn á eftir að setja upp tvær GSM-stöðvar áður en uppbyggingu Vodafone á svæðinu lýkur, en þar til nýlega var ekkert samband á stærstum hluta svæðisins. Stefnt er að uppsetningu þeirra senda á næstu vikum. **- bg**








B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Megrunarlausi dagurinn er andsvar við megrunaráróðrinum.

# Virðum margbreytileikann

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Heilbrigð sál í hraustum líkama er ágætt slagorð sem lengi hefur þótt gott og er gott. Ágæt er líka sú heilsuvakning sem orðið hefur hin síðari ár með aukinni meðvitund um mikilvægi hreyfingar og gildi þess að borða hollan mat.

Verri er fylgifiskurinn með heilsuvakningunni, megrunaráróðurinn, sem allt að því tröllríður vestrænu samfélagi með oft á tíðum ógnvænlegum afleiðingum þar á meðal hinum banvæna sjúkdómi, átröskun.

Megrunaráróðurinn er víða að finna, ekki síst í ýmsum tímaritum þar sem slegið er upp að einhver (yfirleitt kona) hafi lést um svo og svo mörg kíló og ályktun er dregin; meiri hamingja fylgir minni þyngd.

Líklega eru þær íslenskar konur sem einhvern tíma á lífsleiðinni hafa farið í megrun mun fleiri en þær sem aldrei hafa talið sig þurfa það. Og karlarnir eru liðtækir líka þótt megrunarkvöðin virðist ekki liggja jafnþungt á þeim og konunum.

Einn af hverjum tíu framhaldsskólanemum er með einkenni átröskunar sem er einn algengasti geðsjúkdómur ungra kvenna. Ekki alls fyrir löngu var svo frá því greint í fjölmiðlum að stúlkur allt niður í sjö ára, færu í megrun og samkeppni væri milli þeirra um hver væri grennst. Ekki er hægt að kenna fjölmiðlum um þetta. Þar verður að kalla foreldra til ábyrgðar.

Í dag er megrunarlausi dagurinn; hann er alþjóðlegur baráttudagur gegn megrun, átröskunum og fordómum í garð feitra. Dagurinn var fyrst haldinn í Bretlandi árið 1992 að frumkvæði konu sem þjáðist af átröskun og vildi vekja athygli fólks á þeim þjáningum sem hljótast af þráhyggju fólks um grannan vöxt. Dagurinn er nú haldinn hér á Íslandi í þriðja sinn.

Fólk er og verður misjafnt; einn er grannholda sama hvað hann lætur ofan í sig meðan aðrir eru ævinlega holdmiklir. Báðir geta verið jafnhraustir eftir sem áður og það er það sem skiptir raunverulega máli.

Kjarni málsins er að hver og einn beri virðingu fyrir líkama sínum eins og hann er skapaður. Sú virðing felst í því að rækta hann með góðri hreyfingu og næringarríkum mat og um leið að sættast við hann eins og hann er, feitur eða mjór.

Ekki er síður mikilvægt að borin sé virðing fyrir öðru fólki og líkama þess, óháð því hvernig það er vaxið, og að látið sé af fyrirfram gefnum hugmyndum um að gildvaxinn líkami merki vanheilsu og agaleysi en grannvaxinn góða heilsu og aðhaldssemi.

Ágætt er að hafa í huga að aukin líkamsvirðing er mun vænlegri til að auka lífsgæði en kíló sem fjúka í átaki (og raunar er líklegast að komi aftur til baka að minnsta kosti að hluta).

Á megrunarlausa deginum er um að gera að finna fegurðina í fjölbreytileikanum og fjölbreytileikann er svo sannarlega að finna í líkamsvexti okkar mannanna.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR



LEÐURHEIMUR
GENGIÐ INN HJÁ ARGENTÍNU STEIKHÚSI

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sagði eitt, meinti annað

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri lýsti því yfir á opnum fundi á laugardag að vinningstillaga um skipulag Vatnsmýrarinnar væri ávísun á skipulagsklúður og ekki nothæf nema á jaðarsvæðum flugvallarins. Ásta Þorleifsdóttir, varamaður hans, reyndi að draga úr orðum Ólafs og sagði að þó skilja mætti ummæli hans sem svo að hann vildi slá vinningstillöguna af borðinu væri það hins vegar ekki raunin. Er ekki lágmarkstillitssemi af hálfu borgarstjóra að tjá sig skýrt svo að varamaður hans þurfi ekki að túlka ummælin sérstaklega eftir á?



### Skýrt og skorinort

Eins og fram hefur komið í fréttum liðna daga heldur Þjóðkirkjan úti sérstöku fagráði sem tekur á kvörtunum vegna kynferðisbrota eða áreitni af hálfu starfsmanna hennar. Fagráðið bregst skjótt við kvörtunum sem hægt er að koma á framfæri gegnum tölvupóst. Netfangið gæti ekki verið skýrara: kynferdisbrot@kirkjan.is.

### Að vita og vita ekki

Ragnar Arnalds, formaður Heimssýnar – samtaka sem berjast gegn inngöngu Íslands í Evrópusambandið – var gestur í þættinum Vikulokin á Rás 1 á laugardag. Meðal þess sem bar á góma var fundur þingmannanefndar EES hér á landi í síðustu viku, en í henni sitja þingmenn ESB og annarra ríkja sem aðild eiga að EES-samningnum. Ragnar var spurður út í þau orð formanns nefndarinnar að EES-samningurinn hefði veikst. Hann svaraði eitthvað á þá leið að formaður nefndarinnar væri frá Búlgaríu sem hefði verið í Evrópusambandinu í aðeins sex mánuði. Formaðurinn vissi þar af leiðandi ekki neitt um EES. Vera má að Ragnar hafi nokkuð til síns máls en þá má líka benda á að Ísland hefur aldrei verið í Evrópusambandinu. Hvað veit Ragnar þá um ESB?



bergsteinn@frettabladid.is

# Heimsveldi dópsalanna



SVERRIR JAKOBSSON
**Í DAG** | Alþjóðahagkerfið

Frjáls verslun og heimskerfi alþjóðavæðds kapítalisma hefur frá upphafi hnitast um nokkrar vörur sem hafa áhrif á alþjóðlegar hagsveiflur. Nú á dögum eru það olía og önnur brennsluefni fyrir orkuframleiðslu, en í árdaga hnattvæðingar voru það fremur ýmsar neysluvörur. Ýmiss konar fíkniefni skiptu þar miklu máli sem okkur þykir e.t.v. framandlegt.

Nú á dögum tóbaksvarna og „stríðs gegn fíkniefnum“ er nefnilega iðulega fjallað um dóp líkt og það sé jaðarvarningur sem skipti litlu máli fyrir hagkerfi heimsins. Fíkniefni eiga ekki lengur heima í heimi frjálsrar verslunar heldur verja ríki heimsins miklu fé og mannafla í að halda verslun með þau niðri. Sá veruleiki er hins vegar sögulegt frávik og að ýmsu leyti byggðist það kerfi heimsviðskipta sem enn er við lýði upp í kringum vörur sem mannfræðingar kalla „fíknimatvæli“ (e. drug foods). Ýmsar af þessum matvörum voru raunar notaðar sem eins konar lyf í upphafi, t.d. kartaflan og kakóbaunin.

### Hvernig sykur breytti heiminum

Óhætt er að tala um hnattvæðingu á 16. öld þegar evrópskir sæfarar sigldu á hafnir víðs vegar um hnöttinn og greiddu götu nýs heimskerfis í viðskiptum. Eftirspurnin eftir ýmsum neysluvörum varð grundvöllur fyrir auðsöfnun manna sem fluttu kaffi frá arabalöndum, te frá Kína og ýmiss konar framandlegar vörur frá Ameríku, s.s. tóbak og kakó. Undirstaða hinnar nýju verslunar varð hins vegar vara sem Evrópumenn kynntust á síðari hluta miðalda – sykurinn.

Portúgalar tóku upp á því að flytja sykurreyrinn til Ameríku og höfu þar sykurrækt í stórum stíl. Þessi atvinnuvegur var forsmekkur að verksmiðjuiðnaði nútímans þar sem sérhæfing og flókin tækni kallaði á eins konar færibandavinnu. Enn djúpstæðari afleiðingar hafði þó vinnuaflsnotkun í sykuriðnaðinum því að hann var byggður upp á vinnu þræla sem fluttir voru frá Afríku til að starfa á plantekrum í Nýja heiminum. Ágóðinn fór til eigenda í Evrópuríkjum, einkum Englands, Frakklands og Hollands, en fleiri þjóðir reyndu að vera með í leiknum, t.d. Danir.

*Hreinræktuð fíkniefni hafa einnig haft mikil áhrif á alþjóðahagkerfið og valdatengsl þjóða þar.*

Enda þótt sykur væri upphaflega munaðarvara varð hann æ mikilvægari þáttur í mataræði Evrópumanna, enda mikil orka í sykri. Til lengri tíma litið hafði aukin sykurneysla þó ekkert sérlega jákvæð áhrif á heilsufar alþýðu.

### Dóp sem lausn við viðskiptahalla

En það eru ekki einungis svokölluð fíknimatvæli sem hafa greitt fyrir gangi heimsviðskipta. Hreinræktuð fíkniefni hafa einnig haft mikil áhrif á alþjóðahagkerfið og valdatengsl þjóða þar. Á 18. öld töldu Evrópuþjóðir sig t.d. eiga í vaxandi vanda vegna viðskiptahalla við Austur-Asíu. Evrópuþjóðir fluttu þaðan krydd, silki og ýmsan iðnvarning, s.s. postulín, en lítill markaður var fyrir evrópskar vörur á þeim slóðum. Þetta bil var lengi brúað með silfri frá Nýja heiminum en það dugði ekki til þegar innflutningur fór vaxandi.

Aukin tedrykkja Englendinga gerði það að verkum að viðskiptahalli gagnvart Kína var mikill og bættist ofan á það fjármagn sem þurfti til að standa undir innflutningi á sykri og tóbaki frá Ameríku. Lausn Breta á þessum vanda var að stofna nýlendu í Bengal á Indlandi um miðja 18. öld og reyndist hún mikil tekjulind. Þaðan fluttu Bretar út ódýrar vefnaðarvörur og eftir að iðnvæðing hófst varð Indland mikilvægur markaður fyrir heimaframleiðslu Breta. Í upphafi iðnvæðingar tryggðu svo Bretar að indverska handverkið væri ekki samkeppnishæft með því að leggja á það háa verndartolla. Yfirráðin yfir Indlandi urðu líka til þess að rétta af viðskiptajöfnuðinn gagnvart Kína því að þaðan fluttu Bretar út ópíum sem var nánast eina varan sem þeir höfðu yfir að ráða sem markaður var fyrir í Kína. Hann var hins vegar ólöglegur og kínversk stjórnvöld gerðu sitt til að stöðva hann í sínu eigin „stríði gegn fíkniefnum“ í upphafi 19. aldar.

Málstaður Kínverja naut hins vegar lítils skilnings á Vesturlöndum enda frjáls verslun komin á dagskrá og svo skipti auðvitað máli að fíkniefnaframleiðendurnir voru ekki fátækir bændur í Andesfjöllum heldur tannhjól í gangvirki breska heimsveldisins. Niðurstaðan var hið alræmda Ópíumstríð 1839-1842 en því lauk með sigri Breta og hertöku Hong Kong. Forræði Breta í heimsviðskiptum var tryggt næstu 70-80 árin á meðan aldarlöng kreppa skók Kínaveldi. Fíkniefnaverslun hefur þannig bæði stuðlað að uppbygginu heimsvelda og mótun þess alþjóðahagkerfis sem við búum við nú á dögum.

# Þykir borgarstjóra allt vont frá útlöndum?

UMRÆÐAN
Björk Vilhelmsdóttur skrifar um borgarmál



BJÖRK VILHELMSDÓTTIR

Á opnum fundi með íbúum Laugardals sl. laugardag fjallaði borgarstjóri Ólafur F. Magnússon um afstöðu sína gagnvart skipulagi Vatnsmýrarinnar, þó svo efni fundarins hafi verið um nærsamfélagið í Laugardal og mörg þörf umræðuefni þar að lútandi. Þar fjallaði hann um Vatnsmýrarskipulagið sem hann sjálfur ákvað í borgarráði í febrúar að ætti að vinna á grundvelli vinningstillögu úr alþjóðlegri hugmyndasamkeppni. Sú tillaga var valinn af hópi innlendra og erlendra arkitekta og skipulagsfræðinga auk pólitískra fulltrúa úr hópi 136 tillagna sem flestar komu erlendis frá.

Borgarstjóra er greinilega í mun að búa til úlfúð um þá framtíðarsýn að í Vatnsmýrinni rísi þétt borgarbyggð þar sem fólk býr og starfar í sama hverfi og kemst á milli staða án þess að keyra um á sínum fjallajeppa. Sagði hann að menn væru að vakna upp við vondan draum, m.a. í Háskóla Íslands og Landspítala, því tillagan væri ekki í tengslum við þarfir borgarinnar. Um ástæðu þessa sagði hann orðrétt: „Þeir sem unnu tillöguna eru ekki Íslendingar og skilja þar af leiðandi ekki taktinn í íslensku samfélagi.“

Ummælin eru furðuleg í ljósi þess að borgarstjórinn hefur bæði búið erlendis og væntanlega farið utan í ófá skipti. Hins vegar má ekki gleyma því að hann hefur margoft hreykt sér af því að hafa aldrei í tíð sinni sem borgarfulltrúi fengið dagpeninga fyrir ferðir erlendis. Hann hefur ekki séð ástæðu til þess að sækja hugmyndir erlendis frá eða sjá og heyra það sem borgir eru að gera best í þjónustu sinni. Við þurfum að hafa hugfast að "heimskt er heimaalið barn".

Ég spyr borgarstjóra: Hvar telur þú að við Íslendingar værum stödd ef við hefðum ekki sótt okkur strauma og stefnur út fyrir landsteinana?

*Höfundur er borgarfulltrúi.*




Hugtök Apr. 08

# SÖNN ÁNÆGJA HVENÆR SEM ER, Í HVAÐA VEÐRI SEM ER.





**GRAND VITARA** frá 3.390 þús.

Sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og lágu sídrifi. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, 4 öryggisloftpúðar og hliðargardínur auk ISO FIX barnastólafestinga eru staðalbúnaður.

FULL FRAME 4x4

SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKIBILAR.IS

**AUSTURÍSKI SÁLKÖNNUÐURINN SIGMUND FREUD FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1856**



*„Að vera algerlega heiðarlegur við sjálfan sig er góð æfing.“*

***Freud, sem hefur verið nefndur faðir sálgreiningarinnar, er meðal annars þekktur fyrir kenningar sínar um undirmeðvitundina.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 6. MAÍ ÁRIÐ 1937

## Loftskipið Hindenburg ferst



Þennan dag árið 1937 fórst loftskipið Hindenburg og með því 36 manns.

LZ 129 Hindenburg, sem var smíðað árið 1931 af þýska fyrirtækinu Luftschiffbau Zeppelin, var, ásamt systurskipi sínu, LZ 130 Graf Zeppelin II, stærsta flugfar sem smíðað hafði verið. Það var 245 metrar á lengd og 41 metri á breidd, lengra en þrjár Boeing 747 þotur og aðeins 24 metrum styttra en gufuskipið Titanic.

Luftschiffbau Zeppelin varð gjaldþrota árið 1931 sem varð til þess að forsvarsmenn fyrirtækisins gerðu samning við Nasistaflokkinn.

Aðfaranótt 3. maí 1937 lagði loftfarið, sem gekk fyrir helíum, af stað frá Frankfurt til Lakehurst. Farþegar voru 36 og áhöfnin taldi 61.

Erfiðlega gekk að lenda flugfarinu við komuna til Lakehurst og kviknaði að lokum í því.

Ýmsar kenningar hafa verið uppi um slysið. Ein er sú að loftfarið hafi verið sprengt í loft upp og á þýski sendiherrann í Bandaríkjunum að hafa fengið bréf um að sprengja væri falin í því. Önnur kenning er sú loftfarið hafi orðið fyrir eldingu með fyrrgreindum afleiðingum.

### MERKISATBURÐIR

1882 Á Vestfjörðum rofar til eftir stórhríð sem staðið hafði óslitið í 27 daga. Hálfum mánuði síðar skellur hríðin á aftur og stendur fram í miðjan júní.

1889 Eiffel-turninn í París er formlega tekinn í notkun.

1912 Jarðskjálfti, sem talið er að hafi verið um sjö stig á Richter, á upptök sín í grennd við Heklu. Allmargir bæir hrynja.

1981 Framhaldsþátturinn Dallas hefur göngu sína í Sjónvarpinu.

1997 Breski Seðlabankinn fær sjálfstæði frá þarlendum stjórnvöldum.

2005 Blaðið kemur fyrst út á Íslandi.

### AFMÆLI



**GEORGE CLOONEY LEIKARI 47 ÁRA.**



**TONY BLAIR, FYRRV. FORSÆTISRÁÐHERRA ENGLANDS, 55 ÁRA.**

KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS: FYRSTU DOKTORSVARNIRNAR

# Ánægjulegt á 100 ára afmæli

Fyrstu doktorsvarnir í 100 ára sögu Kennaraháskóla Íslands fara fram dagana sjöunda, áttunda og níunda maí. Þegar þau Sigurður Pálsson, Guðrún Geirsdóttir og Rúnar Sigþórsson verja ritgerðir sínar.

Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, segir sérstaklega ánægjulegt að þessum áfanga skuli vera náð á aldarafmæli skólans. „Ég er einnig mjög ánægður með að þessar varnir fari fram nú tveimur mánuðum áður en Kennaraháskólinn sameinast Háskóla Íslands, en framvegis munu doktorsnemendur í menntunarfræðum verða brautskráðir frá menntavísindasviði HÍ.“

Ólafur segir doktorsvarnirnar bæði af hinu góða fyrir Kennaraháskólann og menntavísindin. „Við höfum í gegnum tíðina útskrifað fjölmarga nemendur með baccalaureus og masters-próf en það eru ekki svo ýkja margir sem hafa lokið doktorsnámi á þessu sviði. Fram að þessu hafa þeir útskrifast frá erlendum háskólum.“

Hingað til hefur einungis Háskóli Íslands brautskráð doktora og er þetta í fyrsta skipti sem nemendur ljúka doktorsnámi frá öðrum íslenskum háskóla og því því stórir dagar framundan að sögn Ólafs.

Þann sjöunda maí ver Sigurður Pálsson, cand.theol, ritgerð sína í sögu trúarbragðamenntunar. Hún ber heitið: Kirkja og skóli á 20. öld. Staða og þróun kennslu í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum á Íslandi með samanburði við Danmörku, Noreg og Svíþjóð. Í ritgerðinni er rakin hlutdeild kirkjunnar að skólastarfi í öldinni sem leið og þróun kristindóms- og trúarbragðafræðslu í skyldunámsskólum. Þann áttunda maí ver Guðrún Geirsdóttir, lektor við Háskóla Íslands, ritgerð í menntunarfræði. Hún heitir: 'We are caught up in our own world': Conceptions of curriculum within three different disciplines at the University of Iceland. Ritgerðin byggir á rannsókn sem fór fram við Háskóla Íslands á árunum 2002–2007 og var megintilgangur hennar að skoða hugmyndir háskólakennara um námskrárgerð svo og frelsi og svigrúm kennara til að taka ákvarðanir um nám og kennslu.

Þann níunda maí ver Rúnar Sigþórsson, dósent við Háskólann á Akureyri, ritgerð í menntunarfræði. Hún heitir: Mat í þágu náms eða nám í þágu mats: Samræmd próf, kennsluhugmyndir kennara, kennsla og nám í náttúrufræði og íslensku í fjórum íslenskum grunnskólum. Ritgerð Rúnars fjallar um tilviksrannsókn sem beindist að því að kanna hvaða mark samræmd próf í náttúrufræði og íslensku setja á kennslu og nám á mið- og unglingastigi í fjórum heildstæðum grunnskólum.

**vera@frettabladid.is**



**MERKUR ÁFANGI** Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, er ánægður með fyrstu doktorsvarnir skólans nú tveimur mánuðum áður en Kennaraháskólinn sameinast Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vinsemd, virðingu og hlýhug í tengslum við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Guðrúnar Sveinsdóttur**

frá Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum,
síðast til heimilis á Hrafnistu Reykjavík,
áður Hæðargarði 35, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu Reykjavík.

**Leifur Þorsteinsson — Sigríður S. Friðgeirsdóttir**
**Sturla Þorsteinsson — Ingibjörg Haraldsdóttir**
**Áshildur Þorsteinsdóttir — Lúðvík Friðriksson**
**og barnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Jónsdóttir**

Kjarnholtum, Biskupstungum,

lést á sjúkrahúsinu á Selfossi laugardaginn 3. maí. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 10. maí kl. 14.00.

**Börn, tengdabörn, ömmubörn og langömmubörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Geir Sigurgeirsson**

Dvalarheimilinu Ási, Hveragerði,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, sunnudaginn 27. apríl, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 7. maí kl. 13.00.

**Salvör Sumarliðadóttir**
**og fjölskylda.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Bogi Th. Melsteð**

yfirlæknir, Svíþjóð,

lést laugardaginn 26. apríl.
Útför hans fer fram í Västervik í Svíþjóð, þriðjudaginn 13. maí kl. 14.00.

**Ingibjörg Þorláksdóttir**
**Páll Melsteð**
**Anna Guðríður Melsteð**
**Jón Þorlákur Melsteð**
**tengdabörn og barnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Andrés Guðnason**

Langholtsvegi 23, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Áskirkju þriðjudaginn 6. maí kl. 13.00.

**Örn Úlfar Andrésson — Jóhanna Stefánsdóttir**
**Kristín Rós Andrésdóttir — Björn Ástvaldsson**
**Gunnar Már Andrésson — Bjargey Stefánsdóttir**
**Sigrún Andrésdóttir — Þorleifur Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---


# Legsteinar

## í miklu úrvali



REIN

**Steinsmiðja**
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is


---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkar samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Gottskálks G. Guðjónssonar**

Álfholti 34 b, Hafnarfirði.

Guð blessi ykkur öll.

**Guðbjörg S. Valgeirsdóttir**
**Guðjón Gottskálksson — Merlinda Eyac**
**Guðbjörn Joshua Guðjónsson**

---



*Okkar ástkæri*

**Jósef Halldórsson**

byggingarmeistari, til heimilis að Dvalarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi,

sem andaðist mánudaginn 28. apríl sl., verður jarðsungin frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 6. maí kl. 15.00.

**Börn, stjúpbörn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**


5.390 KR.*
FRÁBÆRT GREY'S ANATOMY ÁSKRIFTARTILBOÐ
American Idol
ÚRSLITIN RÁÐAST
AMERICAN IDOL
MAGNAÐUR MAÍ
GREY'S ANATOMY
ÚRSLITAÞÁTTUR HÆÐARINNAR
skemmtilegri
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000











## STUÐ MILLI STRÍÐA: Reykjavíkur-revían

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** HEFUR UPPLIFAÐ FIMM BORGARSTJÓRA



Fyrir tæpum áratug sór maður þess eið að flytjast aldrei úr Hafnarfirði. Manni fannst ekkert geta grandað ást sinni til bæjarfélagsins. Maður skar meðal annars í þumalputta hægri handar þannig að blóðið gæti vætt hina hafnfirsku jörð, hollustunni til ævilangrar staðfestingar. Maður hafði stóra drauma, æskuheimilið skyldi keypt og nálægðin við Hellisgerði myndi yfirvinna þörfina fyrir því að vera í borg óttans. En...

Enginn ræður sínum næturstað og fyrr en varði var hið hafnfirska hjarta kramið með búferlaflutningum niður í miðbæ höfuðborgarinnar. Aðeins fyrir skömmu féllst maður á að breyta um lögheimili, fara úr 220 yfir í 107. En eitthvað hlaut borgin nú að hafa upp á að bjóða og manni varð hugsað til þess tíma þegar hafnfirsk stjórnmál voru aðhlátursefni í íslenskum fjölmiðlum. Slíkur var hamagangurinn að jafnvel í einum kvöldfréttatímanum birtist fréttamaðurinn og greindi áhorfendum frá því að nú væri ekkert að frétta úr Hafnarfirði; öldurnar hefði augljóslega lægt. Sá ágæti maður hafði varla sleppt orðinu þegar allt fór í háaloft.

Slíkt gæti aldrei komið fyrir í Reykjavík. Þar var allt í föstum skorðum; Dabbi kóngur hafði ríkt hér í sautján ár og svo kom Ingibjörg Sólrún og hennar R-listi. Allt í föstum skorðum. En ég var varla búinn að taka upp úr síðasta kassanum þegar tilkynnt var að skipt hefði verið um borgarstjóra. Og svo aftur. Á þeim tæpu fjórum árum sem ég hef andað að mér reykvísku lofti, drukkið á ölknæpum borgarinnar og þóst vera 101-rotta og Vesturbæingur hafa fimm borgarstjórar setið á valdastóli. Þrír meirihlutar verið við völd og rýtingsstungurnar skilið eftir sig blóðuga slóð í Ráðhúsinu við tjörnina sem engum hefur enn tekist að þrífa. Óneitanlega hlýtur maður að velta því fyrir sér; ef hafnfirsku stjórnmálin voru eitt sinn grín, hvað eru þá þau reykvísku?

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## > SNOOP OG LINDSAY

Rapparinn Snoop Dogg mun syngja með Lindsay Lohan á væntanlegri plötu hennar. Hann bætist þar með í hóp tónlistarmanna eins og Timbalands og Pharrells Williams sem einnig munu leggja leikkonunni lið við gerð plötunnar. Hún hefur ekki sent frá sér plötu frá árinu 2005 þegar A Little More Personal kom út við dræmar undirtektir.



# Fólk

folk@frettabladid.is



**DIMMA** Ingó Geirdal segir að fæðing sé eitt það fallegasta sem til er.

# Sónarmynd á plötuumslagi

**Þrívíddar-sónarmynd af fóstri prýðir umslag annarrar plötu þungarokkssveitarinnar Dimmu, Stigmata, sem kemur út í byrjun næsta mánaðar.**

Barnið er nú komið í heiminn og hefur verið skírt Kristín Sæunn Sigurjónsdóttir. Fær hún kærar þakkir hljómsveitarmeðlima á umslaginu fyrir fyrirsætutakta sína.

„Þetta er „konsept“-plata með tíu lögum. Hún hefst á fæðingu og endar á dauða og því fannst okkur þetta við hæfi,“ segir Ingó Geirdal, gítarleikari Dimmu, sem veit ekki til þess að sónarmynd hafi áður verið notuð á plötuumslagi. Fékk hann leyfi fyrir myndinni hjá fyrrverandi samstarfskonu sinni. „Fæðing er eitt það fallegasta sem er til en mörgum finnst þegar þeir sjá svona myndir að þetta sé hálf óhugglegt. Það er magnað að eitthvað sem er eins fallegt og fæðing geti virkað svona mismunandi á fólk. Okkar músík er líka þannig. Annað hvort elskar fólk okkur eða hatar og þannig viljum við hafa þetta, ekkert miðjumoð.“




**FÓSTUR Í ÞRÍVÍDD** Þrívíddarmynd af fóstri prýðir væntanlega plötu þungarokkssveitarinnar Dimmu, Stigmata.

Ingó á sjálfur von á erfingja í heiminn næstkomandi föstudag og ætlaði upphaflega að nota sónarmynd af honum á umslaginu en gat ekki fengið hana í þrívídd. „Maður verður að gera allt fyrir listina,“ segir hann og hlær. Flestir rokkaðdáendur muna eftir ljósmynd af nýfæddu barni á tímamótaplötu Nirvana, Nevermind, sem kom út 1991. Það barn hefur af og til verið í fréttunum síðan þá en Ingó segir ómögulegt að vita hvort Dimmu-barnið verði álíka frægt. „En við erum að vonast til að þessi plata verði fæðing á einhverju rokkskrímsli.“

# Eitt hundrað sýningar

Bryndís Schram, Björgvin Halldórsson og Sigríður Beinteinsdóttir voru leynigestir á hundruðustu sýningu leikritsins Laddi 6-Tugur sem var haldin í Borgarleikhúsinu fyrir skömmu.

Bryndís kom hlaupandi úr áhorfendasalnum til að spjalla við Þórð húsvörð og þegar Laddi flutti lög hljómsveitarinnar HLH birtust Björgvin og Sigga Beinteins óvænt á sviðinu án vitneskju Ladda.

Fjórar sýningar í maí eru bókaðar sem verða líklega þær síðustu fyrir sumarfrí. Óvíst er hvort sýningum verði haldið áfram í haust en upphaflega áttu þær að vera aðeins fjórar talsins.



**HALLI OG LADDI** Sýningin Laddi 6-tugur hefur verið leikin fyrir fullu húsi í Borgarleikhúsinu eitt hundrað sinnum.







## Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 – bara lúxus





LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN - POWER | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 6 - 550 kr. | L |
| DEFINITELY, MAYBE | kl. 8 og 10.15 | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 | 7 |

SAMbio.is SAMBÍÓIN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS



| ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| IRON MAN DIGITAL | kl. 5:30D - 8D - 10:40D | 12 |
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| MAID OF HONOR | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 5:40 | 10 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| FORGETTING SARAH... | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SHINE A LIGHT | kl. 8 - 10:40 | L |
| FOOL´S GOLD | kl. 5:40 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 5:40 | L |
| **KRINGLUNNI** | | |
| IRON MAN DIGITAL | kl. 6D - 9D - 10D | 12 |
| OVER HER DEAD BODY | kl. 5:50 - 8 | 7 |
| P2 | kl. 10:10 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 6D - 8D | 10 |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| FORGETTING SARAH... | kl. 8 | 12 |
| 21 | kl. 10:30 | 12 |
| **AKUREYRI** | | |
| IRON MAN | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 6 | L |
| OVER HER DEAD BODY | kl. 8 | 7 |
| THE RUINS | kl. 10 | 16 |
| **KEFLAVÍK** | | |
| IRON MAN | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 8 | L |
| P2 | kl. 10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!



SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 5.20 - 8 - 10.15 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| MADE OF HONOUR LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 | |
| 21 | kl. 10.40 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 | 7 |
| HORTON | kl. 3.45 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| MADE OF HONOUR | kl. 6 - 8.20 - 10.35 | |
| THE RUINS | kl. 8 - 10 | 16 |
| TROPA DE ELITE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 ENSKUR T | 16 |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MADE OF HONOUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| AWAKE | kl. 10 | |
| 21 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 ÍSLENSKUR TEXTI | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10 | |
| STREET KINGS | kl. 10 | 16 |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 8 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 6 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Frasakóngar hrifnir af gas gas!

**Gas! Gas! er frasi þessa árs og ef marka má þekkta frasameistara þá virðist þetta síður en svo vera einhver tískubóla sem deyr út.**

„Þetta er ágætur frasi, en maður veit nú ekki alveg með aðstæðurnar sem hann skapaðist í," segir frasakóngurinn Jón Gunnar Geirdal, aðspurður hvað honum finnist um „frasa" þessa sumars, „Gas! Gas!". Jón Gunnar er höfundur flestra frasanna sem hljómuðu í Næturvaktinni og tröllriðu þjóðfélaginu á síðasta ári. Nú hefur þeim hins vegar verið ýtt til hliðar og þetta aðvörunarorg lögreglunnar í Norðlingaholti hefur farið eins og eldur í sinu um netheima.

„Gas! Gas!" er tekinn að hljóma í auglýsingum og síðast en ekki síst dægurlögum. „Öll þjóðin er komin með þetta á heilann, frasinn er kominn út um allt svo hann er alveg búinn að sanna sig," segir Jón Gunnar.

Laddi tekur undir með Jóni Gunnari en fáir ef einhverjir hafa næmara auga á góða frasa eins og dæmin sanna. „Þetta er einn skemmtilegasti frasi sem fram hefur komið í mörg ár. Hann er bæði einfaldur og ógnvekjandi og það er gott að nota hann til dæmis þegar maður er í vondu skapi, maður kallar bara „Gas! Gas!" og það þrælvirkar," útskýrir Laddi.

Gas-löggan sjálf hefur lítið tjáð sig um atvikið en fjölmargar síður hafa verið stofnaðar í hennar nafni á Myspace, Facebook og annars staðar. Síðurnar hafa fengið mikla umferð. Netið er fullt af allskonar breyttum myndum þar sem „Gasmann" hefur verið settur í nýtt samhengi. Í stuttu máli sagt: „Gas! Gas!" og Gasmann er á allra vörum og verður eflaust í allt sumar. - glh



**ÓÞEKKTA GASLÖGGAN Á FRASA SUMARSINS** Jóni Gunnari Geirdal og Ladda líst vel á nýjasta frasann í íslensku þjóðlífi og telja hann nýtast vel við hin ýmsu tækifæri. „Gas! Gas!"

# Veðbankar spá rússneskum sigri

Ani Lorak frá Úkraínu tjaldar öllu sem hún á til. Nú hefur hún tryggt sér þjónustu gríska danshöfundarins Fokas Evaggelinos, sem er vel þekktur í sögu Eurovision eftir að hafa samið hreyfingarnar fyrir atriði Sakis Rouvas 2004 (3. sæti), Helnu Paparizou 2005 (sem sigraði) og Dmitry Koldun 2007 (6. sæti). Rússneski keppandinn Dima Bilan hafði gefið í skyn að hann hefði tryggt sér Fokas, en það er sem sé hin úkraínska Ani sem hreppti gríska hnossið.

Rússinn Dima Bilan syngur lagið „Believe" sem hann segir byggt á speki bókarinnar „The Secret". Dima tók þátt í keppninni árið 2006 og lenti í fjórða sæti. Atriði hans þá er minnisstætt því í miðju lagi spratt draugalegur kvenmaður upp úr hvítum flygli sem var á sviðinu. Gaman verður að sjá hvernig Dima hyggst toppa þetta í ár. Það er samanlögð niðurstaða veðbanka að Dima sigri keppnina í ár. Hann er lang sigurstranglegastur með vinningshlutfallið einn á móti fjórum.

Næst á lista veðbanka er serbneska söngkonan Jelena með hlutfallið 2/11. Þá kemur armenska söngkonan Sirusho með 1/6, þá Ani frá Úkraínu með 1/10, en í fimmta sæti er sænska plastkonan og Íslandshrellirinn Charlotte Perelli með vinningsmöguleikana 1/12. Eurobandið er í tuttugasta sæti hjá veðbönkunum, mitt á milli Aserbaídsjan og Möltu, með vinningshlutfallið einn á móti eitt hundrað.



**RÚSSINN DIMA BILAN** Vinnur í ár ef veðbankarnir hafa rétt fyrir sér.

EUROVISION 16 DAGAR TIL STEFNU


# Marel Food Systems býður til morgunverðarfundar

## Kynning á afkomu fyrsta ársfjórðungs

Marel Food Systems býður til kynningarfundar miðvikudaginn 7. maí klukkan 8:00 í sal A á Hilton Reykjavík Nordica.

Hörður Arnarson, forstjóri, kynnir afkomu Marel Food Systems og Stork Food Systems á fyrsta ársfjórðungi 2008 ásamt því að kynna sameiningu fyrirtækjanna tveggja sem tekur gildi 8. maí.

Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður, mun svo kynna framtíðarsýn hins sameinaða félags.

Dagskrá:

8.00-8:30 Morgunverður
8:30-8:45 Afkoma Marel Food Systems og Stork Food Systems á fyrsta ársfjórðungi 2008
8:45-9:00 Sameinað fyrirtæki Marel Food Systems og Stork Food Systems
9:00-9:15 Framtíðarsýn sameinaðs félags

Þátttakendur eru vinsamlegast beðnir um að skrá þátttöku sína með tölvupósti á jih@marel.com

RETURN ON INNOVATION
www.marelfoodsystems.com

marel food systems




BÍLDSHÖFÐI ★ SKIPHOLT ★ TRYGGVAGATA

★ HAFNARFJÖRÐUR ★ KÓPAVOGUR

FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR BREIÐABLIK 5. SÆTINU Í LANDSBANKADEILD KARLA 2008

### > LYKILMAÐURINN

**Arnar Grétarsson** fór á kostum á miðjunni hjá Blikum í fyrra og frábær leikur hans var lykillinn að góðri spilamennsku Blika. Arnar er leiðtogi liðsins og maðurinn sem stýrir spilinu hjá Blikum. Hann þarf klárlega að leika af sömu getu í sumar ef Blikar ætla sér að berjast með þeim bestu á toppnum.



# Væntingar í Kópavoginum

Líklega í fyrsta skipti í sögu félagsins eru gerðar verulegar væntingar til Blikaliðsins í sumar. Það spilaði frábæran fótbolta á köflum í fyrra en gekk skelfilega að ganga frá leikjum eins og níu jafntefli í átján leikjum bera vitni um. Nú verða gerðar þær kröfur til liðsins að það geri enn betur og blandi sér í baráttuna á toppnum.

Liðið er gríðarlega vel mannað og leikmannahópurinn lítið breyttur. Þessir strákar þekkja vel inn á hvern annan og vita hvernig þjálfarinn vill að liðið spili.

Liðið hefur aðeins bætt við sig einum leikmanni og það er framherjinn Marel Jóhann Baldvinsson sem er kominn heim frá Noregi. Hann var markakóngur deildarinnar sumarið 2006 og margir voru á því að hann væri púslið sem vantaði í Blikaliðið síðasta sumar. Það vantaði mann til þess að binda enda á sóknir Blikaliðsins. Svo verður Prince Rajcomar líklega skæðari í sumar eftir að hafa fengið reynslu af íslenska boltanum síðasta sumar en honum óx ásmegin eftir því sem leið á mótið.

Nú er síðasta púslið komið og því eru engar afsakanir í boði í Kópavoginum lengur. Verður áhugavert að sjá hvernig Blikaliðinu gengur síðan að spila undir þessari pressu.

Tveir menn fóru frá liðinu í vetur. Kantmaðurinn efnilegi, Gunnar Örn Jónsson, fór í KR og Kristján Óli Sigurðsson ákvað að þjálfa og spila með liði Hvatar frá Blönduósi.



### > X-FAKTORINN

**Marel Baldvinsson** er kominn heim og á að skora mörk Blika í sumar. Marel var markakóngur síðast er hann spilaði hér og allir vita hvað hann getur. Hann meiðist aftur á móti oft og það skiptir Blika gríðarlegu máli að hafa hann í lagi.

BREIÐABLIK

**AÐRIR LYKILMENN**



SRDJAN GASIC



NENAD PETROVIC



PRINCE RAJCOMAR

**GENGI Á VORMÓTUNUM**
Sigrar / Jafntefli / Töp




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **2007** 5. sæti í A-deild | **2006** 5. sæti í A-deild | **2005** 1. sæti í B-deild | **2004** 4. sæti í B-deild | **2003** 7. sæti í B-deild | **2002** 7. sæti í B-deild |



**VIKTOR UNNAR** Spilar ekki á Íslandi í sumar.

Áfall fyrir Þróttara:

## Viktor Unnar ekki með

**FÓTBOLTI** Þróttarar hafa orðið fyrir nokkru áfalli því nú er ljóst að framherjinn efnilegi, Viktor Unnar Illugason, mun ekki geta leikið með liðinu í sumar vegna meiðsla í baki.

Viktor Unnar er samningsbundinn Reading en Þróttarar voru búnir að ganga frá lánssamningi við enska liðið vegna Viktors.

„Það er agalegt að missa Viktor því ég hafði góða tilfinningu fyrir því að hann myndi spjara sig með okkur í sumar," sagði Gunnar Oddsson, þjálfari Þróttar.

„Það er allt eins líklegt að við bregðumst við þessu og reynum að fá annan framherja. Við erum byrjaðir að líta í kringum okkur en það er ekkert í hendi. Það er samt ljóst að við verðum að hafa hraðar hendur enda stutt í mót," sagði Gunnar. **- hbg**

Stjarnan fær góðan liðsstyrk:

## Shouse semur við Stjörnuna

**KÖRFUBOLTI** Bakvörðurinn öflugi, Justin Shouse, hefur ákveðið að semja við úrvalsdeildarlið Stjörnunnar en Shouse hefur verið einn aðalmaður Snæfells síðustu ár. Frá þessu var greint á Vísi í gær.

Justin kemur til með að fylla skarð Makedónans Dimitar Karadzovski, sem var rekinn frá Stjörnunni á dögunum er í ljós kom að hann hafði verið að stela af liðsfélögum sínum.

Forráðamenn Snæfells höfðu greint frá því að Shouse hefði verið til í að spila áfram í Hólminum, en Snæfell hefur ekki enn ráðið þjálfara og staða Shouse því óörugg. Hann ákvað því að semja við Stjörnuna. **- hbg**



# Chelsea gefst ekki upp

**Manchester United og Chelsea eru jöfn að stigum þegar aðeins ein umferð er eftir í ensku úrvalsdeildinni. Chelsea vann góðan útisigur á Newcastle í gær.**

**FÓTBOLTI** Það er ljóst að baráttan um enska meistaratitilinn fer alla leið þetta árið. Chelsea vann Newcastle í gær á útivelli, 0-2, og er því jafnt Man. Utd að stigum þegar aðeins ein umferð er eftir. United heldur aftur á móti toppsætinu þar sem United á 17 fleiri mörk í plús en Chelsea.

Sigur hjá United gegn Wigan á útivelli í lokaumferð tryggir þeim því titilinn en Chelsea tekur á sama tíma á móti Bolton á heimavelli.

Það var markalaust í leikhléi í gær en Michael Owen fékk tvö kjörin tækifæri til þess að skora fyrir Newcastle og Michael Ballack eitt fyrir Chelsea. Ballack gerði engin mistök á 61. mínútu þegar hann skallaði sendingu Didiers Drogba í netið af stuttu færi. Þjóðverjinn var reyndar glæpsamlega illa dekkaður inni í miðjum markteig Newcastle og eftirleikurinn því auðveldur.

Florent Malouda bætti við öðru marki tíu mínútum fyrir leikslok og stigin þrjú fóru þar með til Chelsea. John Terry, fyrirliði Chelsea, var brattur eftir leikinn en hann spáir því að Wigan, sem er á mikilli siglingu og hefur ekki tapað fimm leikjum í röð, muni standa sig vel gegn United.

„Ég held að Wigan muni sjá til þess að réttlætinu verði fullnægt í úrvalsdeildinni. Wigan er öruggt með sæti sitt en með frábæran stjóra eins og Steve Bruce er ljóst að liðið mun leggja allt sitt í leikinn," sagði Terry. „Ef við klárum okkar dæmi og vinnum Bolton þá er ég viss um að við eigum góðan möguleika."





**0-1** Michael Ballack skallar hér boltann í netið í gær og kemur Chelsea yfir. Ballack hefur verið mjög drjúgur liði sínu upp á síðkastið. FRÉTTA-

Avram Grant, knattspyrnustjóri Chelsea, var eðlilega sáttur við sína menn en játar að United hafi öll spil á hendi.

„Ég held að þetta sé eitt af bestu tímabilunum í sögu Chelsea og liðið hefur sýnt frábæran karakter. United er vissulega í betri stöðu en verkefnið er ekki auðvelt og liðið verður að vinna. Við höfum veitt United mikla keppni og munum berjast fram á síðustu mínútu," sagði Avram Grant en hann hefur staðið sig stórkostlega með liðið.

**henry@frettabladid.is**



**MATHIEU FLAMINI** Spilar á Ítalíu næsta vetur. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Mathieu Flamini:

## Samdi við AC Milan

**FÓTBOLTI** Arsenal varð fyrir miklu áfalli í gær þegar miðjumaðurinn Mathieu Flamini skrifaði undir fjögurra ára samning við AC Milan. Það sem verra er fyrir Lundúnaliðið er að félagið fær ekki krónu fyrir leikmanninn sem var orðinn samningslaus.

Flamini var algjör lykilmaður hjá Arsenal í vetur. Hann var 39 sinnum í byrjunarliðinu og skoraði ein þrjú mörk.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Flamini skilur knattspyrnustjórann sinn eftir sársvekktan. Þegar hann yfirgaf Marseille fyrir Arsenal árið 2004 var hann lykilmaður hjá Marseille, sem fór í úrslit UEFA-bikarsins. Hann fór einnig frítt frá Marseille þar sem hann var ekki búinn að skrifa undir atvinnumannasamning við félagið á þeim tíma. **- hbg**

Hans Mathiesen:

## Frá Fram til Keflavíkur

**FÓTBOLTI Hans Mathiesen, sem var leystur undan samningi við Fram, er búinn að semja við Keflavík.**

**Hann er annar fyrrverandi leikmaður Fram sem fer til Keflavíkur, áður hafði Keflavík samið við Patrick Redo. - hbg**

Handknattleikshreyfingin vill sjá breytingar á mótafyrirkomulaginu á næsta ársþingi:

# Úrslitakeppnin væntanlega tekin upp aftur

**HANDBOLTI** Ársþing HSÍ verður haldið þann 17. maí næstkomandi. Þingið verður með talsvert öðrum hætti en oft áður þar sem í raun liggja aðeins fyrir tvær tillögur á þinginu. Þær eru breytingar á lögum sambandsins og breyting á mótafyrirkomulaginu.

HSÍ leggur til stórfelldar breytingar á lögum sambandsins sem eru til þess ætlaðar að færa meiri völd til stjórnar HSÍ.

Hingað til hafa allar reglugerðarbreytingar þurft að fara í gegnum ársþing en verði tillagan samþykkt mun stjórn HSÍ geta afgreitt hin ýmsu mál sjálf í stað þess að bíða þurfi ársþings. Með því verður öll vinna skilvirkari í hreyfingunni.

Ársþingið mun aftur á móti taka á lagabreytingum. Einnig er lagt til að fjölga stjórnarmönnum HSÍ úr sjö í níu. Stjórnarmenn fá í kjölfarið aukna ábyrgð sem formenn hinna ýmsu nefnda.

Svo er lagt fyrir þingið að endurvekja úrslitakeppnina, en þó með nokkuð breyttu formi. Það er að fjögur efstu liðin spili í úrslitakeppni. Fastlega er búist við því að þetta verði samþykkt enda lagt fyrir eftir fundi formanna félaga.

Einnig er lagt til að aðeins eitt lið falli úr efstu deild en liðið sem endi í næstneðsta sæti fari í umspil við liðið í fjórða sæti 1. deildar. Liðin í öðru og þriðja sæti 1. deildar spili einnig í sama umspili og sigurvegarar þessara leikja spili síðan úrslitaleik um síðasta lausa sætið í efstu deild.

Guðmundur Ingvarsson hefur einn boðið sig fram til formennsku en Hlynur Sigmarsson stjórnarmaður íhugar einnig framboð. **- hbg**



**GUÐMUNDUR INGVARSSON** Sækist eftir áframhaldandi formennsku hjá HSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Blaðberinn minn fer með mér í Sorpu

Fíton/SÍA

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

## Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

**Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.**

**Blaðberinn...**  **...góðar fréttir fyrir umhverfið**



> **Uma Thurman**

Hið sérstaka nafn Umu er fengið úr tíbetsku og er stytting á Dbuma Chenpo en nafnið merkir hinn gullni meðalvegur. Faðir Umu ól hana upp í búddisma en hann var fyrsti bandaríski maðurinn til að gerast tíbetskur búddamunkur. Uma leikur í Kill Bill 2 sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HORFIR Á FURÐUFUGLA

# *Skrítið fólk og snjallt*



Furðufuglar krydda grámyglulega tilveruna og gera lífið þess virði að lifa því. Sumir þekkja furðufugla persónulega og geta leitað til þeirra þegar hversdagurinn verður yfirþyrmandi. Svo veitist þetta skrítna fólk líka stundum að manni í almenningsrýmum og skiptir sér af manni. Það getur verið pirrandi meðan á stendur, en í minningunni er áreitið oftast það áhugaverðasta sem maður upplifði þann daginn, ef ekki þá vikuna. Þegar tillit er tekið til þess að umburðarlyndi kemst sífellt meir í tísku skyldi engan undra að sakleysislegir furðufuglar hafa haslað sér völl í dauðhreinsuðum heimi bandaríska sjónvarpsþátta og ná þannig að hressa upp á sýndarlíf manns líkt og raunveruleikann.

Furðufuglar voru áberandi á skjánum á sunnudagskvöld. Adrian Monk leysti morðmál af sinni alkunnu snilld, en átti þó bágt með sig þar sem að morðið var framið á nektarströnd. Það kom upp úr krafsinu, og kom í sjálfu sér ekki á óvart, að Monk er haldinn sjúklegum ótta við nakið fólk. Hann er nú reyndar ekki einn um það. Áhorfendur fengu ekki að sjá nakinn mannslíkama í allri sinni dýrð, en Monk þurfti að yfirheyra vitni án fata og missti nánast vitið í leiðinni. Besta atriðið í þættinum var þegar Monk æpti upp yfir sig að nektarsinnar væru bæði liðamótalausir og slímugir. Mikið rétt! Eða kannski ekki, þeir eru í það minnsta býsna furðulegir.

Skjár 1 bauð áhorfendum upp á rugludallana í þættinum Boston Legal. Sunnudagskvöldið var reyndar óvenju eðlilegt; það voru aðeins þeir Alan Shore og Denny Crane sem hegðuðu sér undarlega. Hinir lögfræðingarnir héldu sig að mestu leyti á mottunni. Kannski eru framleiðendur þáttanna að reyna að ná til breiðari áhorfendahóps með því að slá af furðulegheitunum, en slík stefna er klárlega misráðin. Lögfræði er ekki sérlega áhugavert sjónvarpsefni svona ein og sér og því eru furðufuglarnir nauðsynlegir til þess að hinn almenni áhorfandi nái að halda meðvitund.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.00** **Innlit/útlit** SKJÁREINN



▶ **21.05** **Shark** STÖÐ 2



▶ **21.30** **American Dad** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00** **Jarhead** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.25** **Njósnadeildin** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Púkka**
**18.00 Geirharður bojng bojng**
**18.25 Undir ítalskri sól** (2:6) Sænsk þáttaröð þar sem rithöfundurinn Bo Hagström fer um Ítalíu og kynnir sér matarmenninguna þar.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Veronica Mars** (16:20) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem er slyngur spæjari. Aðalhlutverk leikur Kristen Bell.
**20.55 Á faraldsfæti - Níger** Sænskur þáttur þar sem litast er um í Agadez í Níger, einu fátækasta ríki heims.
**21.25 Viðtalið**
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Njósnadeildin** (4:10) (Spooks VI) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Meðal leikenda eru Peter Firth, Rupert Penry-Jones og Hermione Norris. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Sannleikurinn um Mariku** (3:5)
**00.05 Kastljós**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Radioland Murders**
**08.00 Just For Kicks**
**10.00 Dirty Dancing: Havana Nights**
**12.00 The Lonely Guy**
**14.00 Just For Kicks**
**16.00 Dirty Dancing: Havana Nights**
**18.00 The Lonely Guy**
**20.00 Radioland Murders**
▶**22.00 Jarhead** Hárbeitt og kómísk sýn á líf ungra bandaríska landgönguliða sem sendir eru lítt undirbúnir á líkama og sál á vígvöll blóðugra og stjórnlausra átaka.
**00.00 Kill Bill Vol. 2**
**02.15 Prophecy II**
**04.00 Jarhead**

## STÖÐ 2

**07.00 Tommi og Jenni**
**07.25 Hvolpurinn Scooby-Doo**
**07.50 Camp Lazlo**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Homefront**
**11.15 Standoff** (11:18)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Corkscrewed** (6:8)
**13.35 Napoleon Dynamite**
**15.20 Sjáðu**
**15.55 Ginger segir frá**
**16.18 Kringlukast**
**16.43 Shin Chan**
**17.03 Sylvester and Tweety Mysteries**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends** (12:24) (Vinir 7)
**20.20 Hell´s Kitchen** (7:11)
▶**21.05 Shark** (9:16) Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögfræðingsins eitilharða Sebastian Stark. Þetta er önnur þáttaröð þessa frábæra og ferska lögfræðikrimma. Við höldum áfram að fylgjast með Sebastian sækja erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur. 2007.
**21.50 Kompás**
**22.25 60 minutes** (60 mínútur)
**23.10 I Am an Animal. The Story of Ingrid Newkirk and PETA** Sérlega áhugaverð heimildarmynd frá HBO sem fjallar um dýravernd un.
**00.25 Medium** (6:16)
**01.10 ReGenesis** (9:13)
**02.00 Big Love** (1:12)
**02.55 Napoleon Dynamite**
**04.25 Shark** (9:16)
**05.10 The Simpsons**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## SPORT *besta sætið*

**17.45 World Supercross GP** (Qwest Field, Seattle, Wash.)
**18.40 Inside Sport**
**19.05 Spænsku mörkin** Öll mörkin úr síðustu umferð í spænska boltanum.
**19.50 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**20.20 Michael Owen** Frábær þáttur þar sem fjallað er um Michael Owen sem hefur gert garðinn frægan með Liverpool, Newcastle og Real Madrid á undanförnum árum. Hann vakti fyrst athygli á heimsvísu þegar hann sló í gegn á HM 1998 í Frakklandi.
**21.15 Utan vallar** Brot af því besta úr þáttum vetrarins. Skoðuð verða eftirminnileg atvik sem enginn verður svikinn af.
**22.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar** (Wachovia Championship)
**22.55 Ultimate Blackjack Tour** Sýnt frá Ultimate Blackjack Tour þar sem slyngustu og færustu spilarar heims mæta til leiks.
**23.50 Meistaradeild Evrópu** (Man. Utd - Barcelona)

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Newcastle - Chelsea**
**14.35 Middlesbrough - Portsmouth**
**16.20 Man. Utd - West Ham**
**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**18.30 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**19.00 Arsenal - Everton**
**20.45 Liverpool - Man. City**
**22.30 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**23.25 Fulham - Birmingham**

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.20 Vörutorg**
**17.20 Everybody Hates Chris** (e)
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.20 Psych** (e)
**20.10 Kid Nation** (3:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 40 krakkar á aldrinum 8 til 15 ára flytja inn í yfirgefinn bæ og stofna nýtt samfélag. Þar búa krakkarnir í 40 daga án afskipta fullorðinna. Það eru uppþot í bænum og bæjarráðið verður að taka erfiðar ákvarðanir til að viðhalda lögum og reglu en það fellur ekki í góðan jarðveg hjá öllum í Bonanza-bæ.
▶**21.00 Innlit / útlit** (12:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir. Ritstjóri þáttarins er Þórunn Högnadóttir.
**21.50 Cane** (10:13) Kraftmikil þáttaröð með Jimmy Smits í aðalhlutverki. Það eru freistingar á hverju strái þegar Alex fer með Ramon og glæpagenginu í frí á paradísareyju í Karíbahafinu. En fríið endar illa þegar hann kemst að raunverulegum tilgangi ferðarinnar. Á meðan Alex er í burtu er eiginkonan með hugann annars staðar og Frank reynir að stýra fyrirtækinu.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 C.S.I.** (e)
**00.20 Jericho** (e)
**01.10 C.S.I.**
**01.50 Vörutorg**
**02.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.50**
**Kompás**

Einar Þór Agnarsson og Sturla Steinsson fundust látnir í bíl í Daníelsslipp fyrir 23 árum. Sjálfsvíg sögðu yfirvöld en ættingjar hafa aldrei sannfærst. Þau hafa barist fyrir aðgangi að gögnum lögreglu en yfirvöld hafa mánuðum saman streist á móti þrátt fyrir íhlutun umboðsmanns Alþingis. Loks nú í vor fengu þau að sjá hluta gagnanna en gögnin hafa vakið upp fleiri spurningar en svör. Kompás fjallar um þetta sérstæða mál í þættinum.



## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Viðtalið - Matti Vanhanen**
**Sjónvarpið kl. 21.25**

Bogi Ágústsson ræðir við Matti Vanhanen sem hefur verið forsætisráðherra Finnlands frá því 2003. Hann er stjórnmálafræðingur að mennt, starfaði sem blaðamaður og ritstjóri áður en hann var kjörinn á þing 1991. Hann hefur verið varnarmálaráðherra og sat í stjórnarskrárnefnd Evrópusambandsins og bauð sig fram til forseta 2006 en náði ekki kjöri.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Skugga-Baldur
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
**17.30 Entourage**
**18.00 Comedy Inc.**
**18.30 American Dad**
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld**
**20.30 Entourage** Þessir skemmtilegu verðlaunaþættir eru lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlberg í bíóborginni en þess má geta að í þáttunum koma reglulega við sögu fjölmargar þekktar stjörnur sem leika sjálfar sig og gera ósjaldan stólpagrín að sér og ímynd sinni.
**21.00 Comedy Inc.**
▶**21.30 American Dad** Fjórða serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans.
**22.00 American Idol**
**22.45 American Idol**
**23.30 Hlustendaverðlaun FM957 2008**
**00.55 Chappelle's Show**
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Kristinn H.** Umsjónarmaður er Kristinn H. Gunnarsson þingmaður. Hann ræðir við gesti sína um pólitík.
**21.30 Ákveðin viðhorf** Nemendur í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands taka fyrir ýmis mál sem brenna á samfélaginu. Í þessum þætti beinist athyglin að afbrotum og ofbeldi. Umsjónarmenn eru Guðbjörg Sif Halldórsdóttir, Sigrún Erna Geirsdóttir og Ólafur Halldór Ólafsson.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.25** Vilde hjerter **11.50** Supernabo **12.20** Kom igen **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** SPAM 2008 **14.30** Bernard **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Sporløs **18.30** Ønskehaven **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** En ny chance **21.30** OBS **21.35** Kongemordet **22.30** Seinfeld **22.50** SPAM 2008

## NRK 1

**7.55** Frokost-tv **10.00** NRK nyheter **10.10** Fantastiske fortellinger **10.40** Helles siste dager **11.40** Faktor **12.10** Jessica Fletcher **13.00** Supermusikk **13.30** Den utvalgte **13.55** Frosk til middag **14.05** Ghost Trackers **14.30** Zombie hotell **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Solens mat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Postmann Pat **16.15** Eddy og bjørnen **16.30** Pablo, den lille rødreven **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.55** Koht i familien **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.20** Extra-trekning **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** Fat City **22.50** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.20** Kulturnytt **23.30** Autofil jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Debatt **11.05** Niklas mat **11.45** Sommarnattens leende **13.30** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Big Words **15.30** Mega **16.00** Bolibompa **16.10** Evas pysselshow **16.20** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **16.30** Vägen till vänskap **16.45** Seaside hotell **17.00** Bobster **17.05** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Andra Avenyn **18.30** Naturnollorna **19.00** Plus sommar **19.30** Klass 9A **20.00** Kontorstid **21.45** Rapport **21.55** Kulturnyheterna **22.10** Brottet





*7. maí*
**DANSSMIÐJA ÍD**
Tímarúm er nýtt dansverk eftir Guðmund Helgason sem er samið fyrir Danssmiðju Íslenska Dansflokksins. Í þessu abstraktverki tekst höfundur á við hugtökin tími og rúm, hvernig þau fléttast saman og mynda eina atburðarás. Þrír dansarar hver af sinni kynslóðinni og hver úr sinni áttinni, sameinast í hreyfingu þangað til þeir halda áfram sína leið.

*14. maí*
**KLASSART**
Klassart á rætur sínar að rekja til Sandgerðis og hefur vakið mikla athygli fyrir góða blústónlist. Fyrsta plata sveitarinnar sem kom út á síðasta ári ber nafnið Bottle of Blues og er önnur plata væntanleg í haust. Þau Smári og Fríða Dís Guðmundsbörn, forsprakkar Klassart, munu vera á rólegu nótunum í Bláa lóninu og flytja frumsamin lög í bland við annað.

*21. maí*
**GRADUALEKÓR LANGHOLTSKIRKJU**
Gradualekór Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar tók til starfa 1991 en í honum eru kórfélagar á aldrinum 14-18 ára. Kórinn hefur vakið sérstaka athygli fyrir það hve auðveldlega og með mikilli gleði erfið nútímaverk eru flutt. Kórinn mun leggja áherslu á íslensk verk.

*28. maí*
**FRUMSAMIN BULLA**
Bergur Ingólfsson leikari mun flytja frumsamda „bullu" í ákveðnu ljóðaformi. Bullan byrjar háfleygt en fer svo út í ruglurím um líðandi stund en inni í því er sögð saga sem stöðugt fer út úr sér vegna þess að rímið býður upp á það. Bullan verður flutt á íslensku og ensku.

***Sunnudagur 18. maí kl. 21.00***
Íslenska vasafélagið verður með óvænta, gamansama og upplýsandi tónlistaruppákomu í Bláa lóninu sem fer umhverfis jörðina á 18 mínútum. Tónlistaruppákoman, sem markar endapunkt opnunarhelgar Listahátíðar í Reykjavík, byggir á íslensku þjóðlagi. Bláa lónið verður opið lengur í tilefni uppákomunnar.

BLUE LAGOON ICELAND

Bláa lónið er opið alla daga frá klukkan 10-20. Gestum er heimilt að dvelja í lóninu í 45 mínútur eftir að miðasölu lýkur. Spennandi matseðill er í boði á Lava veitingastaðnum.
www.bluelagoon.is

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Ég fer oft á Habibi Kebab-hús í Hafnarstrætinu og fæ mér yfirleitt kjúklinga-quesadillas. Það er bæði ódýr og bragðgóð máltíð. Annars finnst mér vanta fleiri skyndibitastaði sem bjóða upp á bragðsterkan mat.*

Agnar Jón Egilsson, leikari og leikstjóri



**LÁRÉTT**
**2.** frásögn **6.** skóli **8.** ari **9.** nægilegt **11.** þys **12.** sívinnandi **14.** spaug **16.** í röð **17.** gerast **18.** óhreinka **20.** frá **21.** nudda.

**LÓÐRÉTT**
**1.** vefnaðarvara **3.** tveir eins **4.** minnka **5.** þangað til **7.** kræsingar **10.** gljúfur **13.** tangi **15.** róa **16.** teygja **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** sögu, **6.** fg, **8.** örn, **9.** nóg, **11.** ys, **12.** iðinn, **14.** glens, **16.** þæ, **17.** ske, **18.** ata, **20.** af, **21.** niða.

**LÓÐRÉTT:** **1.** efni, **3.** öö, **4.** grynnka, **5.** uns, **7.** góðgæti, **10.** gil, **13.** nes, **15.** sefa, **16.** þan, **19.** að.

**Auglýsingasími**
**512 5050**



– Mest lesið

# Wal-Mart vann málið gegn Lárusi List

„Maður fer bara á næsta horn til að mótmæla ef maður er rekinn af þessu,“ segir akureyski listamaðurinn Lárus H. List.

Lárus tapaði nýverið máli sem verslanakeðjan Wal-Mart höfðaði á hendur honum vegna lénsins Wa1-mArt.com sem Lárus hafði skráð á sig og ætlaði sem hluta af listaverki. Fréttablaðið greindi frá þessu sérstaka máli fyrir tæpu hálfu ári en málið var rekið fyrir sérstökum alþjóðlegum dómstóli í Genf. Dómur féll á þá lund að lén Lárusar þótti of líkt vörumerki og/eða nafni Wal-Mart. Kærða tókst ekki að sýna fram á að hann ætti hagsmuna að gæta og það sem meira er: Hann væri með tiltæki sínu að koma verslanakeðjunni illa með gjörðum sínum. („…is using the domain name in bad faith.“) Niðurstaðan var því á þá leið að Lárusi var gert að gefa lénið eftir til Wal-Mart og var ekki tekið tillit til röksemda Lárusar að listin eigi sér engin landamæri.

Lárus er hins vegar ekki af baki dottinn. Hann segist hafa búist við þessari niðurstöðu. „Það er oft erfitt að berja á valdinu,“ segir Lárus en inntak verksins er meðal annars ádeila á heimsvaldastefnu Bandaríkjanna. „Ég vona bara að menn sjái alla myndina en ekki bara fésið á USA (Bush),“ segir listamaðurinn. Lénið tengist málverki Lárusar þar sem sjá má hans útfærslu á Monu Lisu Da Vincis, nema að hún er nakin að neðanverðu og er þá vaxin sem karlmaður niður. Verkið kom fyrst fram á samsýningu árið 2006 og var, að sögn Lárusar, gert til að ögra valdinu. Þannig telur hann verkið hafa náð að þjóna tilgangi sínum upp að ákveðnu marki. „En ég hef nú endurskírt verkið Va1-mArt.com og skráð það lén á mig. Ég gef og skýringu á síðunni af hverju gamla nafnið var tekið niður.“ **- jbg**



**LÁRUS H. LIST** Leggur ekki árar í bát þó dómstóll í Genf telji lén hans vera sett fram af illum hug gegn Wal-Mart.

CERES 4: JÓN ÓLAFS ER FRÁBÆR BRÚNKUSMYRJARI

# Nýdanskir maka brúnkukremi á vöðvabúnt MC

„Það var ekki leiðinlegt að fá fingrafiman píanóleikara til að handfjatla á sér bakvöðvana. Við bárum fyrir þá um daginn og nú báru þeir á okkur. Kaup kaups,“ segir Ceres 4 – forsöngvari í Merzedes Club.

Áður en hljómsveitin kom fram á hlustendaverðlaunum FM957 fengu meðlimir hljómsveitarinnar Nýdönsk það nýstárlega hlutverk að maka brúnkukremi á þá Ceres 4, Partý-Hanz, Gillzenegger og Gaz-man. Fyrir nokkru tóku heljarmennin sig til og báru píanó fyrir Björn Jörund söngvara í Nýdönsk upp á 3. hæð. „Þetta var skiptidíll,“ segir Jón Ólafsson og segir að annars hefðu þeir þurft að borga þeim sem rándýrum píanóburðarmönnum. „Þetta var bakreikningur. Ekki eins og við höfum notið þessa. Við erum algerlega kvitt og vel það. Ég pantaði náttúrlega Ceres. Við erum sálufélagar úr Þrótti og höfum oft verið saman í sturtu. Bakið á honum er mér ekki ókunnugt.“

Ceres lætur sérlega vel af Jóni sem brúnkusmyrjara. Segir hann áratugina við píanóið vera að skila sér. „Hann var mjög eggjandi með þessa húðlituðu gúmmíhanska. Spurning hvort hann ætti ekki að spila með þá? Bakið á mér hefur aldrei verið eins fallegt og þetta kvöld. Geislaði af því brúnkan og bakvöðvarnir virkuðu einstaklega vel skornir þegar ég hnyklaði þá þetta kvöld.“

Ceres þvertekur ekki fyrir það að þessi stund hafi verið nett út í að vera pervertísk. En það vilji fólk. Hafa hormóna með í spilinu. Klámvæðingin kalli á þetta. En þegar allt komi til alls heiti þetta smink og þeir sminki sig niður að mitti.



**SÆLUSVIPURINN LEYNIR SÉR EKKI** Ceres segir Jón eggjandi með húðlita gúmmíhanska og Jón telur að Nýdönsk og Merzedes Club séu nú kvitt og vel það.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Þetta gat aldrei undið upp á sig í pervertismanum fyrir framan fullt af fólki og ljósmyndavélar. Við fórum ekkert lengra en velsæmismörkin leyfa og vorum aðallega ofan mittis. Ég sá samt ekki hvað Stefán var að gera. Ég var svo upptekinn. Ég trúi honum til alls,“ segir Jón. Kremið minnti píanóleikarann helst á HP sósu, einhver brún drulla sem hann mun seint setja á sig. „Ég held áfram að vera fölur. Enda finnst mér þetta nú ekki flott. Alltaf einkennilegt að sjá dökkbrúna Íslendinga þegar engin hefur verið sólin. Hvað þá karlmenn.“ **jakob@frettabladid.is**



**GAZ-MAN SMURÐUR**
Þessi stund jaðraði við að vera pervertísk, en fór ekki yfir velsæmismörk, að því er Jón telur, sem veit þó ekki alveg með Stefán.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hart er sótt að **Ólafi F. Magnússyni** um þessar mundir, ekki síst vegna orða sinna um vinningstillögu Vatnsmýrarinnar. En menningarpostular hafa líka kvartað sáran undan því að borgarstjórinn sé afar tregur til að mæta á hina ýmsu menningaratburði sem honum er embættis síns vegna boðið á. Er mál manna á þeim bæjum að borgarstjóri óttist einhverra hluta vegna menningarelítuna og vilji forðast að lenda í þeirri kvörn sem góðglaðir listamenn geta reynst.



Nýjasta kvikmynd Sólveigar Anspach, Skrapp út, verður frumsýnd í Frakklandi í ágúst en hér á landi í október. **Didda** fer með aðalhlutverkið í myndinni en aðrir leikarar eru meðal annars Ingvar E. Sigurðsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Jörundur Ragnarsson. Það er annað að frétta af Diddu að hún er að hætta í ruslinu og á leið í garðyrkju, verður verkstjóri í unglingavinnunni í sumar.



Og eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær reyndist starfsmönnum FM957 það erfitt að stafsetja nafn söngvarans Jógvan rétt þegar hlustendaverðlaunin voru veitt. En allt í einu var komið „ö“ í staðinn fyrir „ó“-ið sem hefur svo lengi einkennt nafn söngvarans. **Jógvan** var reyndar ekki á staðnum til að láta leiðrétta mistökin og virtist greinilega sannfærður um að fyrrverandi dómari hans í X-Factor, Páll Óskar, myndi hirða öll verðlaunin. Jógvan var nefnilega farinn til Las Vegas í Bandaríkjunum og bauð kærustunni sinni með til syndaborgarinnar miklu. **-jbg/glh/fgg**





**Leynist þessi blaðakerra heima hjá þér?**

Við erum að leita að blaðakerrum sem hugsanlega hafa ekki ratað aftur heim til sín eftir að blaðberastarfi lýkur.
Ef kerra eins og þessi á myndinni leynist heima hjá þér, láttu okkur þá vita og við komum og sækjum hana. Í þakklætisskyni fyrir tilkynninguna munum við færa þér **frímiða í bíó.**

Hafðu strax samband við dreifingardeild Fréttablaðsins í síma: **585 8300 / 585 8330** eða sendu tölvupóst á dreifing@posthusid.is

**póst húsið**

Pósthúsið ehf – Suðurhrauni 1 – 210 Garðabær – www.posthusid.is

# Íslendingar heilluðu Cat Deeley

Tveir dansarar úr Íslenska dansflokknum tóku þátt í áheyrnarprufum fyrir bandaríska dansþáttinn So You Think You Can Dance. Tökur á fjórðu þáttaröðinni hafa staðið yfir frá því að áheyrnarpróf hófust í Texas í janúar. Fyrsti þátturinn verður frumsýndur 22. maí í Bandaríkjunum, og viku síðar hér á landi. Stöð 2, sem sýnir þættina hér á landi, kostaði ferðalag íslensku dansaranna í samstarfi við Icelandair.

„Þátturinn er þrískiptur. Fyrst eru áheyrnarpróf og niðurskurður, svo er æfingavika í Las Vegas, og niðurskurður, og svo er úrslitakeppnin,“ útskýrir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, sem segir íslensku dönsurunum hafa gengið vel. „Þau vöktu strax mikla athygli úti, og Cat Deeley tók margsinnis viðtöl við þau. Þau verða í upphafsþættinum, og stálu hreinlega senunni í Milwaukee-þættinum, þangað sem þau fóru í prufur,“ útskýrir hann.



**DANSARAR ÚR ÍD Í PRUFUR** Stöð 2 og Icelandair kostuðu ferð tveggja dansara úr Íslenska dansflokknum í prufur fyrir hinn geysivinsæla So You Think You Can Dance.



**ÞÁTTAKENDUR Í FYRRA** Mikill heiður þykir að komast í topp tuttugu hópinn í So You Think You Can Dance, en íslensku dansararnir gátu það ekki þar sem dvalar- og atvinnuleyfi þurfa að vera fyrir hendi.

Vegna þagnarskyldu og samninga við framleiðendur þáttanna úti, er ekki hægt að greina frá nöfnum íslensku dansaranna að svo stöddu. „Þetta er næststærsti þáttur í veröldinni fyrir utan American Idol, og það gilda skýrar reglur um þessi mál,“ útskýrir Pálmi.

Stöð 2 vinnur sem stendur að gerð íslenskrar útgáfu af dansþáttunum, en ekki er ljóst hvenær þeir verða að veruleika. **- sun**

LAMBAKJOT.IS



# TÖFRABRAGÐ
## - hollustunnar



„Ég vil hafa það létt og gott
en líka dálítið villt
- svona eins og íslenska náttúru.
Það er svo einfalt."

## Litríkt salat með lambalundum og hindberjasósu

400 g lambalundir • 2 msk olía • salt • nýmalaður svartur pipar

Steikið lundirnar í olíu á pönnu í 1 - 2 mín. á hvorri hlið. Kryddið með salti og pipar og kælið.

### Litríkt salat:

1 poki blandað salat • 2 msk furuhnetur • 2 msk súrsað engifer • $\frac{1}{4}$ kantalópumelóna • 20 hindber

Melónan skorin í strimla og öllu blandað saman.

### Hindberjasósa:

1 bolli hindber • 2 msk balsamedik • 2 msk hunang • salt • nýmalaður svartur pipar • 1 - $1\frac{1}{2}$ dl olía

Setjið allt nema olíuna í blandara og maukið vel. Hellið olíunni í mjórri bunu útí. Sigtið sósuna í skál.

Skerið lundirnar í sneiðar og berið fram með litríku salati og hindberjasósu.

15 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA HOLLT

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## *Æðruleysi og þolinmæði*

Í æsku minni á Akranesi var mér sagt að íþróttafélagið ÍA væri besta lið í heimi. Skagamaðurinn amma Lóa sagði mér stolt frá því að faðir hennar hann Ingólfur hefði verið einn af stofnendum þessa liðs. Því má í raun segja að mér renni blóðið til skyldunnar þegar kemur að því að styðja ÍA til dáða og einnig að leggja fæð á erkifjendurna í KR eins og framast er unnt.

**ÖRLÖGIN** og búseta mín í Vesturbænum hafa þó gert mér erfitt fyrir. Til að mynda er mér nauðugur kostur einn að mæta með son minn litla á íþróttaæfingar félagsins. Risavaxið KR-merkið í salnum skein í augu mín í fyrsta tímanum og hjarta mínu blæddi þegar sonurinn var farinn að öskra áfram KR yfir öllum íþróttaviðburðum. Ég gleðst yfir því að langafa mínum, verkstjóranum úr Akranessókn, Skagamanninum sem aldrei talaði við fólk úr Borgarnesi nema til að tala niður til þess og eins af stofnendum ÍA, entist ekki aldur til að sjá hvaða örlög afkomendur hans hlutu. Reyndar hugga ég mig stundum við þá staðreynd að maðurinn minn greip fyrir andlit sér í skelfingu þegar hann sá son minn leika sér með bolta fyrir skömmu og sagði: „Ó, nei! Hann hefur erft boltafærni móður sinnar."

**NÚ** iðar drengurinn í skinninu yfir því að íslenski boltinn fari aftur af stað. Segir faðirinn spenntur að um hinn eina sanna vorboða sé að ræða. Af reynslu síðasta sumars tel ég líklegt að fótboltaleikirnir munu hafa í för með sér fleiri tár en bros. Minnist ég martraðakenndra leikja þar sem fjögurra ára drengurinn minn litli grét í faðmi mér eftir hvern tapleikinn á fætur öðrum. Öll hans köll um Reykjavíkurstoltið, sanna stórveldið, dugðu rétt svo til þess að halda liðinu í úrvalsdeild. Man ég jafnvel eftir því að hafa horft til Gunnlaugs Jónssonar, fyrirliða KR og svikara af Skaganum, í reiði og angist vegna þess tilfinningaróts sem hann og félagar hans bökuðu syni mínum með knattspyrnulegum umrenningshætti síðasta sumar.

**SEM** Skagamanni sem gengist hefur undir siðaskipti til að koma til móts við þarfir sonarins er ég þó reiðubúin til að leggja allt mitt traust á KR í sumar. Í hverfinu mínu ómar alltaf söngrödd Bubba fyrir leiki í lagi sem segir að áhangendur Knattspyrnufélags Reykjavíkur beri höfðið hátt. Ég sæi enga ástæðu til þess ef ekki væri fyrir þá miklu þolinmæði og æðruleysi sem KR-ingar hafa sýnt í gegnum tíðina.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagur 6. maí, 127. dagur ársins**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.42 | 13.24 | 22.09 |
| Akureyri | 4.12 | 13.29 | 22.09 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


SIMPLY CLEVER

# AUKABÚNAÐUR MEÐ FULLT AF BÍL.

**Skoda Fabia - frábært verð**
Skoda Fabia hefur slegið í gegn í Evrópu enda er staðalbúnaður hans sérlega ríkulegur: handhæg tenging fyrir iPod, hiti í sætum, ESB stöðugleikakerfi, sex loftpúðar o.fl. Hér er á ferðinni vandaður smábíll á afar hagstæðu verði. Og við þurfum auðvitað ekki að tala um eyðsluna.




**Allt að 17% verðlækkun á nýjum bílum**
Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA